



FRÉTTA BLAÐIÐ

25. ágúst 2005 - 228. tölublað - 5. árgangur


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Breiðablik og KR í úrslitum

Lið Breiðabliks og KR munu mætast í úrslitum bikarkeppni kvenna 10. september næstkomandi. KR vann 1. deildarlið Fjölnis í gær og þá gerðu Blíkar sér lítið fyrir og unnu 4-0 sigur á Íslandsmeisturum Vals.



ÍPRÓTTIR 31

Varar vinstriflokka við

Heimur Már Pétursson íhugar að kjósa Sjálfstæðisflokkinn í næstu borgarstjórnarkosningum vegna þess hvernig vinstrimenn hafi klúðrað framboðsmálum sínum. Hann hrósar sjálfstæðismönnum fyrir tillögur í skipulagsmálum en er óánægður með afskipti Steingrims J. Sigfússonar af málum Reykjavíkurlistans.



UMRÆÐAN 24

Eldar fyrir Laxness?

Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona er smillingur í því að búa til gimilegan morgunverð. Með blandara, skyr, melónubita og jarðarber að vopni kemur hún spræk út í lífið á hverjum morgni.



MATUR 40

VEÐRIÐ Í DAG




HVASSVIÐRI EÐA STORMUR suðaustan og austan til. Varað er við vindhviðum við fjöll suðaustanlands. Rigning norðan og austan til, annars bjartviðri. Hiti 4-11 stig, hlýjast sunnan til.

VEÐUR 4

SÜBVESTURHORNIÐ

Lestur á fimmtudögum*



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júlí 2005. Lestur meðal 12-80 ára á fimmtudögum.



LÖGREGLAN SKAKKAR LEIKINN Lögreglan stóð í ströngu á Menningarnótt. Fjöldaslagsmál brutust út og piltur var stunginn með hnífi í bakið. Geir Jón Þórisson yfirlögrelupjónn segir nauðsynlegt að gripa til einhverra ráðstafana þannig að slíkt ástand skapist ekki aftur.

Lögreglan var við það að missa tökin

Yfirlögrelupjónn segir ástandið á Menningarnótt hafa verið ískeygilegt. Mikið unglingafylleri, fíkniefnaneysla, spennuþrungið og hættulegt ástand. Þannig lýsir miðborgarprestur ástandinu umrædda nótt.

MENNINGARNÓTT „Okkur fannst á tímabili að við værum jafnvel að missa þetta allt saman yfir okkur. Það var alveg á mörkunum,“ segir Geir Jón Þórisson, yfirlögrelupjónn í Reykjavík, um ástandið í miðborg Reykjavíkur eftir miðnætti á nýafstaðinni Menningarnótt. „Þarna voru fjórir stórir hópar á fjórum stöðum í miðbænum sem voru mjög árásargjarnir. Það mátti engu muna. Tvö hnefahögg milli tveggja einstaklinga verða til þess að fimmtíu til sextíu krakkar ærast og hlaupa á eftir einum og ganga í skrokk á honum – allt þar til lögreglan skakkar leikinn. Það vissi enginn af hverju þetta var. Spennan var með þessum hætti og múgæsing greip um sig.“

Geir Jón segir að sest verði niður og rætt til hvaða ráða sé hægt að

gripa því svona nokkuð sé ekki hægt að láta líðast ár eftir ár. Jóna Hrönn Bolladóttir miðborgarprestur tekur undir þetta og segir þá sem voru að störfum nóttina eftir að dagskrá Menningarnæturs lauk hafa verið óttaslegna. Hún undirstrikar að Menningarnóttin sjálf sé frábær viðburður. „Undanfarin fimm ár hef ég verið með sjálfbodaliða við leitarstörf í miðborginni eftir miðnætti. Þar hefur orðið mjög hröð og vond breyting. Þetta hefur orðið fyllerisnótt sumarsins. Við sjáum og skynjum mikið fylleri fólks á öllum aldri, unglingafylleri, fíkniefnaneyslu, spennuþrungið og hættulegt ástand.“

Jóna Hrönn segir að hún og aðrir sjálfbodaliðar sem voru í bænum eftir miðnætti á Menningarnótt

fyrir fjórum árum hafi verið í „stórri lífshættu“. Þá hafi verið eins og nóttin lenti skyndilega í herkví neikvæðra afla. Síðan hafi fjöldi þeirra sem hafi neytt áfengis og fíkniefna þessa nótt farið vaxandi frá ári til árs.

„Við vorum að sjá unglinga niður í fjórtán til fimmtán ára aldur þvælast í miðborginni um miðja nótt,“ segir hún. „Þetta var hópur sem sést alla jafna ekki í miðborginni um nætur. Ég sá þarna unglinga sem ég þekki til og veit að vel er staðið að. Þeir voru þarna allt of lengi – við allt of hættulegar aðstæður. Ef það er svona óskaplega spennandi að koma þessa nótt í miðborgina verðum við foreldrarir að fylgja með. Það er okkar hlutverk að vernda þau,“ segir Jóna Hrönn Bolladóttir.

- jss

Sænskir jafnaðarmenn:

Vilja lækka áfengisskatta

SVÍPJÓÐ Ríkisstjórn Svíþjóðar, með Jafnaðarmannaflokkinn í broddi fylkingar, vill lækka álogur og skatta á áfenga drykki sem innihalda 40 prósent eða meira áfengismagn. Samkvæmt tillögnum er stefnt að því að fá þá peninga sem með þessu móti tapast til baka með því að hækka álogur á tóbak.

Útreikningar jafnaðarmanna benda til að neysla sterkra drykkja muni aukist um átta prósent ef skattarnir verða lækkaðir. Ef tillögurnar ganga í gegn mun verð á flösku af sterku víni hins vegar lækka um rúm tíu prósent. ■



MYND/AP

SADDAM Aðeins Khalil al-Dulaimi starfar ennþá fyrir hann.

Fyrirum einræðisherra Íraks:

Hussein rak alla nema einn

ÍRAK Saddam Hussein, fyrrverandi einræðisherra í Írak, hefur rekið alla lögfræðinga sína nema einn.

Áður hafði Saddam notið aðstoðar 1.500 lögfróðra manna víðs vegar að úr heiminum við undirbúning varnar sinnar en réttarhöld yfir honum hefjast á næstu vikum. Aðeins einn maður er nú eftir af þessu liði, Khalil al-Dulaimi.

Grímuklæddir árásarmenn drápu í það minnsta sex manns í Bagdad í gær og særðu tuttugu. Á meðan karpa stjórnmalaleiðtogar landsins um drög að stjórnarskrá en frestur til að afgreiða hana úr þinginu rennur út í kvöld.

- shg / Sjá síðu 18

Bæjarstjórinn í Fucking:

Preyttur á ferðamönnum

AUSTURRÍKI Siegfried Hauppl, bæjarstjóri í austurríska smábænum Fucking, er orðinn langpreyttur á fíngalöngum ferðamönnum.

Í viðtali við breska dagblaðið Sunday Times segir Hauppl að fjöldi ferðamanna leggi leið sína til bæjarins eingöngu í þeim tilgangi að láta taka mynd af sér við bæjarskiltið. Það sé í góðu lagi en hins vegar sé það ekki í lagi að ferðamenn séu farnir að stela skiltunum, sem mikið hefur verið um undanfarið.

Hauppl segir að tillaga þess efnis að breyta nafni bæjarins hafi verið felld í bæjarstjórninni á síðasta ári.

„Fucking hefur verið til í 800 ár og því breytum við ekki,“ segir Hauppl. ■

Aron Pálmi getur ekki beðið eftir því að komast til Íslands frá Texas:

Trúir varla að frelsið sé í nánd

DÓMSMÁL „Ég get ekki beðið eftir því að komast til Íslands. Þetta hlýtur að fara að taka enda, því þetta er búin að vera átta ára fangelsisdvöl,“ segir Aron Pálmi Ágústsson, sem dvelur í stofufangelsi í Texas í Bandaríkjunum, en hann hlaut tíu ára fangelsisdóm þegar hann var þrettán ára gamall. Löggjafarþing

Texas hefur nú lagt fram lista með nöfnum fanga sem leggja á til við ríkisstjóra Texas að fái frelsi og þar á meðal er nafn Arons Pálma.

„Þetta hefur verið mjög langur tími og stundum hefur maður haft von um að fá að losna en ekkert gerst. Ég trúir varla að frelsið sé í nánd og varla fyrr en ég fæ það

skriflegt,“ segir Aron Pálmi. Hann stundar nú nám og hefur meira frelsi en nokkurn tímann áður. „Ég þarf auðvitað að hafa staðsetningar-tæki og hlíta alls konar skilyrðum en það er gaman að hitta loksins fólk og þetta gefur mér frelsi. Mesta frelsið verður þó ef ég kemst til Íslands,“ segir hann.

- hb



SPURNING DAGSINS

Þóra, gustar um ykkur?

„Það gustar alltaf af Gusturum.“

Verktakar vilja eignast umráðsævið hestamannafélagsins Gusts í Kópavogi. Þóra Ásgeirsdóttir er formaður Gusts.

Þúsundir hafa þurft að flýja heimili sín í Mið-Evrópu:

Tugir farast í flóðum

AUSTURRÍKI. AP Að minnsta kosti 34 hafa látist í stórflóðunum í Mið-Evrópu á um það bil viku. Rúmenía hefur orðið verst úti en þar hafa 25 manns látist í flóðunum. Yfir 250 manns þurftu að flýja heimili sín í Bern, höfuðborg Sviss, í gær og yfirvöld í Rúmeníu sögðu fólk hafa druknað í svefni í rúmum sínum í fyrrinótt.

Þýskar herþyrlur hafa undanfarna daga hjálpað til við björgunarsörf og að flytja fólk frá heimilum sínum. Loka hefur þurft hraðbrautum og öðrum þjóðvegum og þúsundir hafa þurft að flýja heimili sín í Austurríki, Sviss, Þýskalandi, Tékklandi,

Króatíu, Rúmeníu og víðar.

150 manna hópur þurfti svo að dása í verslunarmiðstöð í bænum Worgl í Austurríki yfir nótt áður en bátur frá austurríska hernum kom og bjargaði fólkinu blautu og köldu. Talið er að milljarða króna tjón hafi orðið í flóðunum.

Í gær skein þó sól víða á flóðasvæðum og vonast fólk til þess að það versta sé afstaðið. - óá



FLÓÐ Í LUCERNE

Í gær skein sól á flóðasvæðum og vonast er til þess að það versta sé afstaðið.

Sjálfstæðismenn í Reykjavík: Prófkjör í byrjun nóvember

KOSNINGAR Stjórn Varðar, fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, leggur til að prófkjör á vegum flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar verði haldið föstudaginn og laugardaginn 4. og 5. nóvember næstkomandi.

Samkvæmt prófkjörsreglum geta allir félagar sjálfstæðisfélaga í Reykjavík sem náð hafa sextán ára aldri tekið þátt í prófkjörinu. Það á einnig við um íbúa í kjördæminu sem styðja Sjálfstæðisflokkinn og óskað hafa eftir inngöngu í hann áður en prófkjöri lýkur.

Davíð Oddsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, flytur ræðu á fulltrúaráðsfundi flokksins, sem boðaður hefur verið 5. september næstkomandi. -jh

De Menezes-málið:

Livingstone styður Blair

LONDON. AP Ken Livingstone, borgarstjóri í Lundúnum, hefur lýst yfir fullum stuðningi við Ian Blair, lögreglustjóra borgarinnar. Blair hefur legið undir ámæli síðustu daga vegna rangfærslna í kjölfar þess að Brasilíumaðurinn Jean Charles de Menezes var skotinn til bana af lögreglumönnum við neðanjarðarlestarstöð í Lundúnum 22. júlí.

Livingstone sagði óprúttna lögreglumenn hafa reynt að grafa undan Blair og slíkt yrði ekki liðið, Blair væri besti lögreglustjóri sem Lundúnaborg hefði átt. ■

SVÍPJÓÐ

ÁRÁSARGJARNAR FLUGUR

Mýflugnaplaga er nú víða í Svíþjóð. Flugurnar eru sérlega árásgjarnar og ráðast gjarnan á fólk. Vísindamenn eru undrandi á fjölda flugnanna. Þannig var sett heimsmet á dögnum í að fanga mýflugur í einn háf en alls náðust nær 90 þúsund flugur.



Kristín Gísladóttir sjúkráþjálfi aðstoðar við val á réttu dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

Þúsund keyra um á ótryggðum bílum

Tryggingafélögin hafa fellt niður að minnsta kosti þúsund ökutækjatrýggingar það sem af er árinu vegna ógreiddra reikninga. Ótryggðir ökumenn þurfa sjálfir að greiða tugir milljóna króna á hverju ári vegna tjóns sem þeir valda.

TRYGGINGAR Það sem af er árinu hafa tryggingafélögin fellt niður á milli eitt og tvö þúsund bifreiðatrýggingar þar sem eigendur bifreiðanna hafa ekki greitt af þeim tryggingar.

Í morgunþætti Fréttablaðsins á Talstöðinni í gær sagði Hjálmar Sigurþórsson, framkvæmdastjóri tónaþjónustu hjá Tryggingamiðstöðinni, að fyrirtækið felldi niður tryggingar þeirra sem ekki greiddu þær.

„Það sem af er þessu ári höfum við fellt niður um fimm hundruð tryggingar þannig að það þarf ekki mikinn reiknimeistara til að sjá að þeir eru fjölmargir sem aka ótryggðir í umferðinni. Ég hef ekki tölur um hversu margir hafa gengið frá sínum málum eftir að við felldum niður tryggingarnar en þetta er magnaður fjöldi sem við erum að setja í þennan leiðilega farveg,“ sagði Hjálmar.

Hann sagði að sumir kæmu sínum málum í lag eftir að til slíkra aðgerða væri gripið og lögreglan klippti af öðrum. Hjá hinum stóru tryggingafélögum fengust upplýsingar um að um svipaðan fjölda væri að ræða og hjá Tryggingamiðstöðinni.

„Það er grafalvarlegur hlutur að keyra um á ótryggðum bíl og ef við lendum í því að greiða tjón eignum við endurkröfu á hendur tónvaldi, hvort sem er eiganda eða ökumanni ef annar ekur bílnum en eigandinn. Við sækjum það sem við greiðum tónþolanum af fullri hörku ef viðkomandi hefur ekki tryggingu,“ segir Jón Ólafsson hjá Alþjóðlegum



UMFERÐ Í REYKJAVÍK Í GÆR Gatnamótin við Suðurlandsbraut, Laugaveg og Kringlumýrabraut eru einhver fjölfornustu gatnamót landsins. Þar lentu strætisvagn og vörubíll í árekstri með alvarlegum afleiðingum. Vörubíllinn var óskodaður og ótryggður.

bifreiðatrýggingum á Íslandi.

Hann segir að Alþjóðlegar bifreiðatrýggingar greiði bætur hvort sem er vegna tjóns á bifreið eða vegna líkamstjóns, hafi tónvaldur ekki lögbundna tryggingu. Upphæðirnar skipti tugum milljóna á hverju ári.

„Það er skylda okkar samkvæmt lögum að greiða bætur en þegar fjórar vikur eru liðnar frá

því að tryggingu er sagt upp fær-ist ábyrgðin yfir á okkur. Það er kvöð á tryggingafélögum sem selja ökutækjatrýggingar að vera aðilar að alþjóðlegum bifreiðatrýggingum þannig við ábyrgj-umst greiðslur til tónþolans en við gerum alltaf endurkröfu á þann sem olli tjóninu hafi hann ekki haft tryggingu,“ segir Jón.

hjalmar@frettabladid.is

Ráðist á sextán ára stúlku:

Nauðgun kærð í Bolungarvík

LÖGREGLA Lögreglan í Bolungarvík og Ísafirði hefur til rannsóknar kærð sextán ára gamallar stúlku sem segir að sér hafi verið nauðgað á kvennasalerni á unglíngadansleik í veitingahúsinu Víkurbæ í Bolungarvík aðfaranótt laugardagsins 13. ágúst.

Kæra stúlkunnar barst strax daginn eftir dansleikinn, að sögn lögreglu í Bolungarvík. Málið er enn í rannsókn og biður lögregla hvern þann sem kann að hafa verið á dansleiknum eða að hafa upplýsingar að hafa samband í síma 456-7111. Þegar hafa verið teknar skýrslur af um 90 manns vegna málsins, gestum og starfsfólki á dansleiknum. - óká



FRÁ MENNINGARNÓTT Maðurinn sem stakk annan í bakið í Tryggvagötu aðfaranótt sunnudagsins hefur játað sök.

Manndráp og líkamsárás:

Játningar liggja fyrir

LÖGREGLUMÁL Játningar liggja nú fyrir í tveimur alvarlegum málum sem upp komu í Reykjavík um síðustu helgi. Annars vegar var maður handtekinn grunaður um morð í húsi á Hverfisgötu snemma á laugardaginn og annar maður var handtekinn grunaður um að hafa stungið annan mann í bakið með hníf á Menningarnótt.

Gunnleifur Kjartansson, lög- reglufulltrúi í Reykjavík, segir að báðir hinna grunuðu hafi játað brot sín og rannsókn mállanna gangi vel.

Líðans mannsins sem var stunginn í bakið á Menningarnótt er ágæt og er hann kominn af gjörgæslu. - aðe

Harður árekstur í Dölum:

Tveir fluttir á slysideild

LÖGREGLA Tveir voru fluttir á slysideild Landspítalans í Fossvogi eftir harðan árekstur tveggja jeppa á gatnamótum Vestfjarðavegar og Haukadalsvegur í Dölum í gær. Að sögn lögreglu er fólkið ekki alvarlega slasað. Jepparnir eru báðir ónýtir en tildrög slyssins eru óljós.

Að sögn lögreglunnar í Búðardal er þetta fjórða umferðarslysið í sumar sem verður á stað í umdæmi Búðardals þar sem ekkert símasamband er. Lögreglan segir það mjög alvarlegt þegar ekki sé hægt að hringja í lækni eða Neyðarlínum á slysstað. - th

Tillaga um að falla frá lögreglurannsókn vegna umhverfisskemmda í Leirufirði felld:

Þingmaður segir það firringu að hafa áhyggjur af vegarslóðanum

UMHVERFISVERND Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarfulltrúi Frjálslyndra og óháðra á Ísafirði, lagði til á fundi bæjarráðs á mánudag að bæjaryfirvöld féllu frá því að óska eftir lögreglurannsókn vegna umhverfisskemmda í Leirufirði, en settar yrðu fram kröfur um lagfæringar og að skaði yrði bættur. Meirihluti ráðsins felldi tillögun. Lárus G. Valdimarsson, fulltrúi minnihlutans í bæjarráði, lét færa til bókar að hann tæki efnislega undir tillögu Magnúsar Reynis um að gæta ætti meðalhófs í meðferð málsins.

Einar Oddur Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Norðurvesturkjördæmi, kveðst ekki skilja titringinn vegna lagn-



SÉÐ OFAN Í LEIRUFIRÐI Nýja slóðin er um fjögurra kílómetra löng og er lögð í sneiðingum niður í fjörðinn.

ingar vegarslóða af Dalsheiði niður í Leirufjörð í Jökulfjörðum. „Þetta er bara slóð og hún grær á nokkrum árum. Ég kann ekki að leggja verkfræðilegt mat á það hvort nauðsynlegt hafi verið að leggja slóðina vegna

gerðar fyrirhleðslu með jarðýtum í Leirufirði. Ég gef mér að svo hafi verið og ég treysti þessum mönnum fullkomlega. Það ber vott um firringu að hafa stórfelldar áhyggjur af þessu,“ segir Einar Oddur. - jh

Opíð virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkín 4, s: 533 3500





Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is

Mitt kort hjá Landsbankanum



Snorri Engilbertsson
Áhugaleikari

Farðu inn á landsbanki.is og búðu til þitt **eigið kort**

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 24.08.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	63,8	64,1
Sterlingspund GBP	114,48	115,04
Evra EUR	77,9	78,34
Dönsk króna DKK	10,44	10,502
Norsk króna NOK	9,786	9,844
Sænsk króna SEK	8,342	8,39
Japanskt jen JPY	0,5775	0,5809
SDR	XDR	93,35
		93,91

Gengisvísitala krónunnar

109,10 +0,04%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Pat Robertson hefur komið stjórnvöldum í Washington í bobba:

Vill láta myrða forseta Venesúela

WASHINGTON. AP Bandarísk stjórnvöld segjast ekki deila skoðunum með sjónvarpspredikaranum Pat Robertson, sem stakk upp á því á dögunum að Hugo Chavez, forseti Venesúela, yrði ráðinn af dögum.

Robertson er einn helsti leiðtogi strangtrúaðra kristinna Bandaríkjamanna og hefur fylkt þessum hópi að baki George W. Bush forseta. Í sjónvarpsþætti sínum fyrr í vikunni sagði Robertson að ódýrara væri að láta myrða Chavez en að hefja stríð til að losna við hann.

Daginn eftir sagði Sean McCormack, talsmaður utanríkisráðuneytisins, að ummæli Robertsons væru óviðeigandi og endurspegluðu ekki

stefnu ríkisstjórnarinnar. Donald Rumsfeld landvarnaráðherra tók svo í svipaðan streng í gær. Hvorugur þessara manna sá hins vegar ástæðu til að fordæma ummælin.

Stjórnvöld í Hvíta húsinu hafa lengi haft horn í síðu hins vinstri-sinnaða Chavez, sem aftur hefur sakað þau um að ætla að láta ráða sig af dögum. Fyrr á árinu hótaði hann að stöðva olíuútflutning til Bandaríkjanna ef Bush og hans menn gerðu tilraun til að steypa sér af stóli en átta prósent allrar olíu Bandaríkjamanna koma frá Venesúela.

Chavez hefur svarað Robertson fullum hálsi og líkt honum við hund sýktan af hundæði.



HUGO CHAVEZ OG FIDEL CASTRO Forseti Venesúela er einlægur aðdáandi Fidels Castro, einræðisherra Kúbu.



TÓNLISTARHÚS VIÐ REYKJAVÍKURHÖFN Framkvæmdastjóri Austurhafnar segir að í fyrstu hafi fjórir boðið í gerð Tónlistarhúss, en einn helst úr lestinni í janúar. Síðan hafi tveir verið valdir til að endurbæta tilboð sín í júní.

Tónlistarhús:

Tveir vilja byggja

TÓNLISTARHÚS Tveir hópar, Fasteign og Portus group, kynntu í gær tilboð sín í gerð tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar á hafnarbakkanum í Reykjavík. Bjartsýnustu áætlanir gera ráð fyrir að búið verði að gera upp á milli bjóðenda í lok næsta mánaðar. „Gangi það eftir getum við sýnt lausnirnar í október,“ segir Stefán Hermannsson, framkvæmdastjóri Austurhafnar, einkafyrirtækis ríkis og borgar sem undirbýr bygginguna.

Ríki og borg hafa skuldbundið sig til að leggja rúmar 600 milljónir króna í verkið árlega næstu 35 árin, en ríkið borgar 54 prósent og borgin 46 prósent.

SVÍPJÓÐ

BERKLAR Í BROMMA Sjö börn á leikskóla í sænsku borginni Bromma hafa nú greinst með bráðsmítandi berklaveiki. Læknar telja þar að auki líklegt að fleiri börn hafi smitast af sjúkdómnum. Börnin eru nú meðhöndluð í einangrun á spítala í borginni og mun meðferðin að öllum líkindum taka hálf til eitt ár.



HESTHÚS Í GLÁÐHEIMUM Í KÓPAVOGI Fjárfestarnir bjóða eigendum hesthúsa í Gláðheimum 100.000 krónur fyrir fermetrann í nýrri húsum en 80.000 í eldri hesthúsum. Það er svipað fermetraverð og í góðum einbýlishúsum víða á landsbyggðinni.

Kaupa hesthús á einbýlishúsaverði

Fjársterkir aðilar veðja nú á að hestamannasvæði Gláðheima verði flutt annað á næstu árum. Þeir vonast til að afstaða hestamannafélagsins Gusts og bæjaryfirvalda breytist með tímanum og bjóða þeim aðstoð við að koma á fót nýrri aðstöðu.

SKIPULAGSMÁL Fjárfestarnir sem vilja kaupa hesthús í Gláðheimum hafa stofnað eignarhaldsfélag til að halda utan um eignirnar. „Við lítum á þetta sem langtímafjárfestingu,“ segir Guðbjartur Ingibergsson. Hann og Kristján Ríkhardsson bjóða eigendum hesthúsa 100.000 krónur fyrir fermetrann, sem er svipað verð og fæst fyrir góð einbýlishús víða á landsbyggðinni. Hann segir fjársterka aðila vera á bak við þá og býst við uppkaupum fyrir allt að einn og hálfan milljarð. Fjárfestunum gengur það til að hafa forgang að löðunum þegar hestamenn fari annað.

Hestamannafélagið Gustur og bæjaryfirvöld í Kópavogi hafa hins vegar þvertakið fyrir það að

félagið flytji sig um set og er hætt við að fjárferstarnir fái þá lítið fyrir sinn snúð. Í rauninni leggja þeir féð undir í trausti þess að þetta breytist. „Það gefur auga leið að við hefðum aldrei farið út í þetta ef þær væntingar væru ekki til staðar,“ segir Guðbjartur.

Þeir hyggjast ekki draga í land. „Við bjuggumst alltaf við andstöðu en áttum kannski ekki von á því að farið yrði með þetta í fjölmíðla.“ Guðbjartur telur fjölmarga Kópavogsbúa andsnúna því að hafa Gláðheima í miðri byggð og þrátt fyrir yfirlýsingar síðustu daga vonast hann enn til þess að afstaða Kópavogsbæjar og hestamannafélagsins muni breytast á næstu árum. Hann

bendir á að margir hafi áhuga á að komast að á svæðinu.

Guðbjartur þvertur fyrir að um aðför að félaginu sé að ræða. „Í okkar huga var aldrei ætlunin að ganga þannig frá þessu að Gustur bæri skarðan hlut frá borði.“ Hann segir þá hafa boðist til að kaupa reiðhöll Gusts og reiðvelli í Gláðheimum af stjórn Gusts og kveður þá tilbúna að aðstoða félagið við að finna nýjan framtidarstað og koma þar upp aðstöðu. „Ef vilji er fyrir hendi eru til næg svæði.“

Að sögn hans eru á svæðinu 63 hesthús sem skiptast í 101 eignarhluta. Hann telur fjárfestana hafa tryggt sér 36 eignarhlutanna.

grs@frettabladid.is

Manndráp í Hjallabrekku:

Áfram í gæsluvarðhaldi

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Kópavogi hefur farið fram á áframhaldandi gæsluvarðhald yfir Phu Tién Nguyen, sem handtekinn var í vor grunaður um að hafa orðið Vu Van Phong að bana í íbúð þess síðarnefnda 17. maí.

Að sögn lögreglu liggur málið að mestu ljóst fyrir enda hefur maðurinn játað sekt sína. Aðeins á eftir að reka endahnúttinn á rannsókn málsins og verður honum birt ákæra að því loknu.

- aæ



KOFI ANNAN Læknar án landamæra hafa gagnrýnt Sameinuðu þjóðirnar fyrir að bregðast of seint við yfirvofandi hungursneyð í Níger.

Kofi Annan í Níger:

Heitir allsherjar neyðaraðstoð

NÍGER. AP Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, er nú staddur í Níger þar sem hann fylgist með hjálparstarfi. Hann segist staðráðinn í að taka höndum saman við frjáls félagasamtök um að koma hjálp til allra þeirra sem þurfa á henni að halda, en hungursneyð er yfirvofandi í landinu.

Þrátt fyrir þessi orð Kofi Annan sendu samtökin Læknar án landamæra frá sér yfirlýsingu þar sem framganga SD í Níger er gagnrýnd og bent á að aðstoðin berist of seint og í of litlum mæli.


VEÐRIÐ Í DAG

VIRKILEGA HAUSTLEGT NORÐAN OG AUSTAN

Ja það er aldeilis að haustið minnr á sig, og enn ágúst. Veðurhorfur dagsins eru slæmar fyrir suðaustan- og austanvert landið, hvassviðri eða stormur og annars staðar verður norðan-áttin yfirleitt stíf. Það lægir þó í kvöld og nótt vestast á landinu. Rétt er að vara við sterkum vindhövum undir Vatnajökli og einnig undir Myrdalsjökli. Það er að sjá að veðrið verði leiðinlegt á Norðaustur- og Austurlandi eitthvað inn í helgina.

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Í dag um hádegi



Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	17°C hálfskýjað	Paris	19°C rigning	Alicante	32°C heiðskirt
Ósló	13°C skúrir	Berlín	24°C hálfskýjað	Milano	27°C hálfskýjað
Stokkhólmur	22°C skúrir	Frankfurt	17°C hálfskýjað	New York	27°C heiðskirt
Helsinki	26°C hálfskýjað	Madrid	31°C hálfskýjað	San Francisco	19°C léttskýjað
London	20°C hálfskýjað	Barcelona	27°C hálfskýjað	Orlando/Florida	32°C hálfskýjað

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

RÉTTA BRAGÐIÐ SYKURLAUST

Coca-Cola light

Minnst ein 1 kaloría / 100 ml.



Allar
pottaplöntur
20-60%
afsláttur

Pottaplöntu, útsala



Orkideur
ný sending
999



Blómapottar **20% afsl.**



Íslensk ber Bláber, aðalbláber, rifsber
eingöngu í Sigtúni

blómaval
heillandi heimur

Sigtún - Grafarholt - Kringlan - Smáralind
- Akureyri - Keflavík - Selfoss -



KJÖRKASSINN

Hefur þú áhyggjur af manneklu á leikskólum?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](#)

Já	49%
Nei	51%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú trassað að fara með bílinn þinn í skoðun?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Greint frá kostnaði við framboð Ingibjargar Sólrúnar til formennsku í Samfylkingunni: Ríflega fimm milljónir í formannsslag

FORMANNSKJÖR Framboð Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur til formennsku í Samfylkingunni kostaði nær 5,3 milljónir króna samkvæmt endurskoðuðum reikningi sem hún hefur birt á vefsíðu Samfylkingarinnar.

Auglýsingar og fjölmiðlakynning kostuðu liðlega eina og hálf milljón króna. Póst- og símakostnaður nam liðlega 650 þúsund krónum og prentunar- og pappírskostnaður liðlega 580 þúsund krónum. Aðkeypt vinna kostaði 350 þúsund krónur.

Gerð er grein fyrir öðrum kostnaði sérstaklega. Þaru er tölvu- og hugbúnaðarkostnaður, áhöld, tæki og innréttingar stærstu útgjaldalið-

irnir, en alls eru útgjöldin tæpar 1,3 milljónir króna undir þessum lið.

Framlög í kosningasjóð Ingibjargar Sólrúnar namu tæpum 5,4 milljónum króna og reyndust tekjur umfram gjöld vera um 70 þúsund krónur.

Framlög í kosningasjóðinn upp að 100 þúsund krónum namu alls um 2,1 milljón króna. Framlög yfir 100 þúsund krónum namu samtals um 3,2 milljónum króna.

Össur Skarphéðinsson hyggst einnig birta tölur um kostnað við formannsframboð sitt á næstu dögum.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR Framlög yfir 100 þúsund krónum skilðu alls um 3,2 milljónum króna í kosningasjóðinn.



Landamæri Gaza:

Egyptar taka við vörslunni

JERÚSALEM, AP Ríkisstjórnir Ísraels og Egyptalands hafa komist að samkomulagi um að egypski herinn taki við landamæravörslu á landamærum Egyptalands og Gaza-svæðisins af öryggissveitum Ísraelshers.

Flutningur ísraelska hersins frá landamærunum er lyklatríði þegar kemur að því að binda enda á 38 ára langa hersetu Ísraels á Gaza-svæðinu. Það sem hafði komið í veg fyrir samkomulag var ótti Ísraels við að vopnasmygl færðist í aukana ef Egyptar tækju við vörslunni. Fyrir vikið eru gerðar miklar kröfur til egypsku landamæravörðanna.

Alnæmissamtökin:

Brotist inn og tölvu stolið

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í húsnæði Alnæmissamtakanna á Íslandi á Hverfisgötu aðfaranótt miðvikudags og tölvu stolið. Birna Þórðardóttir, framkvæmdastjóri samtakanna, segir að gluggi hafi verið spenntur upp, rótað hafi verið til og sími eyðilagður. Engu hafði þó verið stolið utan tölvunnar.

Í tölvunni hafi engar persónuupplýsingar verið að finna, einungis upplýsingar um rekstur samtakanna. Mesti skaðinn sé af þessum gögnum, sem hún segist gjarnan vilja endurheimta. - ss

JÓRDANÍA

AL-KAÍDA LÝSIR ÁBYRGÐ

Al-Kaída í Írak, undir stjórn Jórdanans Abu Musab al-Zarqawi, hefur lýst yfir ábyrgð á eldflaugaárás í jórdönsku borginni Aqaba á föstudag. Jórdanskur hermaður lést þegar ein eldflaugin sprakk nærri bandarísku herskipi. Áður hafði annar hópur, Abdullah Azzam-herdeildirnar, eignað sér tilræðið.

Ofsakláði og útbrot eftir böð í Botnsvatni

Tugir Íslendinga hafa fengið útbrot og ofsakláða eftir að hafa baðað sig eða busað í Botnsvatni ofan Húsavíkur. Lirfur í vatninu fara inn í húð á fólki og rannsóknir sýna að ein tegund þeirra getur valdið taugaskemmdum í spendýrum.

SJÚKDÓMAR Á undanföllum tveimur árum hafa tugir Íslendinga sýkst af sundmannakláða af völdum fuglablóttagða eftir að hafa baðað sig eða vaðið berum fótum út í Botnsvatn ofan Húsavíkur. Einkenni sjúkdómsins eru útbrot og ofsakláði en rannsóknir gefa tilefni til að ætla að ein tegund fuglablóttagða, nasa-blóttagða, geti einnig valdið skemmdum á taugakerfi í spendýra, þar á meðal manna.

Heilbrigðisvirkni völd á Húsavík settu upp skilti við Botnsvatn í fyrri þar sem fólk var varað við að fara út í vatnið en ekki tóku allir varnaðarorðin alvarlega og sumir þurftu að leita læknaaðstoðar.

Fuglablóttagður á fullorðinstigi finnast sem sníkjudýr, ormar, í fuglum og berast með þeim í vötn og tjarnir. Ormarnir sleppa eggjum í vatnið og úr þeim skriða lirfur sem bora sig inn í vatna-



EINKENNIN Lirfurnar eru aðeins um millimetri að lengd og sjást því ekki með góðu móti í vatni en þær geta valdið útbrotum og ofsakláða.

bobba þar sem fjöldi lirfanna margfaldast með kynlausri æxlun. Síðla sumars fara lirfurnar úr vatnabobbum og synda í leit að sundfitum fugla og ljúka hringferlinum í fuglunum sem ormar.

Í nýrri rannsókn dr. Karls Skírnissonar, dýrafræðings á Keldum, og starfsfólks Náttúrustofu Norðausturlands kom í ljós að sýktum vatnabobbum í Botns-

vatni hefur fjölgað mjög mikið frá því í fyrra. „Svo mikið er af lirfum fuglablóttagða í Botnsvatni að þær geta valdið hundruðum bóla og útbrotum á mannlíkama,“ segir Karl.

Önæmiskerfi mannlíkamans ræðst á lirfurnar í húðinni og útbrotin og ofsakláðin eru einkenni þess að líkaminn sé að skila frá sér dauðum lirfum. „Að minnsta kosti fimm tegundir fuglablóttagða eru þekktar hér á landi en við vitum ekki hvaða tegundir eru í Botnsvatni. Nasa-blóttagðan er hættulegust en sýnt hefur verið fram á í tilraunum að hún getur lifað í spendýrum þar sem hún fer eftir taugakerfinu og getur valdið þar skaða,“ segir Karl.

Porkell Lindberg Þórarinnsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands, segir að nokkrir einstaklingar hafi smitast af sundmannakláða í Botnsvatni í sumar, þrátt fyrir varnaðarorð þar um. „Að minnsta kosti einn þurfti að leita sér læknaaðstoðar en í fyrri fóru margir út í Botnsvatn og þá skipti fjöldi sýktra tugum,“ segir Porkell.

kk@frettabladid.is



Á BAK VIÐ LÁS OG SLÁ Khodorkovskiy ásamt vini sínum Platon Lebedev.

Khodorkovskiy:

Neitar að neyta matar

RÚSSLAND Rússneski auðkýfingurinn Mikhail Khodorkovskiy er nú kominn í hungurverkfall til þess að mótmæla meðferðinni á Platon Lebedev, félagi hans.

Lebedev, sem ásamt Khodorkovskiy var dæmdur í níu ára fangelsi í vor fyrir fjársvik, hefur verið færður í einangrunarvist en hann er sagður hafa móðgað fangaverði. Í yfirlýsingu Khodorkovskis sem lögmaður hans las í fyrradag segir hann augljóst að verið sé að refsa Lebedev í sinn stað. Því sneiðir hann hjá mat og drykk eins lengi og honum þykir þurfa. ■



MultiPot®

Lampi, fjöltengi og smáhlutageymsla fyrir lykla og smámynt



Undir lokinu á MultiPot er fjöltengi fyrir allt að fimm raftæki, þannig að þú getur hlaðið GSM síma, iPod eða myndavél, geymt lykla og smámynt, allt á sama stað.

MultiPot fæst í fjórum litum. Komdu til okkar í Lumex og kynntu þér málið.

Lumex, Skipholti 37, Sími 568 8388, [www.lumex.is](#)

LUMEX



BJÖRGUNARMENN LEITA FÓRNARLAMBA Veðuraðstæður gerðu björgunarmönnum mjög erfitt um vik.

Farþegapota brotnaði í tvennt í nauðlendingu í ofsaveðri:

Á fimmta tug fórst í flugslysi í Amazon

PERÚ, AP Að minnsta kosti 41 lést þegar þota af gerðinni Boeing 737-200 nauðlenti í Amazon-frumskóginum í Perú í fyrrakvöld. Flytja þurfti 56 á sjúkrahús, misalvarlega slasaða. Sumir fengu að fara heim að skoðun lokinni.

Vélin, sem var í eigu perúska flugfélagsins TANS, var á leið frá Líma, höfuðborg Perú, til borgarinnar Pucallpa í Amazon-frumskóginum. Hún lenti hins vegar í ofsaveðri í aðflugi að flugvelli í Pucallpa. Því þurftu flugmenn vélarinnar að nauðlenda

henni um 30 kílómetrum sunnan við borgina. Reynt var að draga úr skellinum með því að lenda í mýri en við landinguna brotnaði vélin í tvennt og brak úr henni dreifðist um svæðið.

Flestir þeirra sem létust voru Perúmenn en þar að auki létust bandarísk kona, kólumbísk kona og ítalskur karl. Ekki hefur enn tekist að bera kennsl á öll líkin og að minnsta kosti þriggja er enn saknað. Slæmar veðuraðstæður gerðu björgunarmönnum erfitt um vik og ekki var hægt að leita

af fólki aðfaranótt miðvikudags vegna myrkurs og veðurofsa.

Forstjóri flugfélagsins þvertur fyrir að vélarbilun eða einhvers konar tæknilegur galli hafi valdið slysinu heldur hafi veðrinu verið einu um að kenna. Svörtu kassar vélarinnar fundust síðdegis í gær og er búist við að innihald þeirra geti varpað frekara ljósi á málið.

Vél í eigu sama flugfélags fórst í janúar 2003 þegar hún rakst á fjall á svipuðum slóðum. Þá létust allir þeir 42. -óá

Herradagar í snyrtivöru

Dagana 25.-28. ágúst eru

HERRADAGAR

í snyrtivörudeildum Hagkaupa

*Sérfræðingar verða
á staðnum og veita
ráðleggingar um
umhirðu húðarinnar.*

FJÖLDI GLÆSILEGRA TILBOÐA!

Hagkaup bjóða upp á
breitt vöruúrval af
herra snyrtivörum
sem og glæsilegt
úrval af herra ilmum.

Gildir til 28. ágúst.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Nígeríumenn herða á íslömskum lögum:

Kynin aðskilin í strætisvögnum

NÍGERÍA Yfirvöld í Nígeríu hafa ákveðið að grípa til aðgerða til þess að sporna gegn siðferðislegri hnignun í borginni Kanó í norðurhluta landsins.

Kanó er eitt af tólf héruðum landsins þar sem íslömsk lög eru við lýði. Ríkisstjórninni finnst frjálstræðið orðið heldur mikið og ætlar að fylgja sharia-lögum, sem byggð eru á kenningum Kóransins, fastar eftir, að því er Washington Post skýrir frá.

Fyrsta skrefið í þessum efnum verður aðskilnaður kynjanna í strætisvögnum borgarinnar en þá mega konur aðeins setjast í tilgreind sæti aftast í vögnunum.

Ástæðan fyrir þessum aðgerðum er sögð sú að karlmenn eru farnir að færa sig upp á skaftið. Konur segja að karlmenn séu farnir að nudda sér upp við þær í strætisvögnum og segja hluti sem þeir hefðu ekki dirfst að segja fyrir nokkrum árum. Þær séu banninu fegnastar því þá fái þær frið fyrir karlmönnum. Ekki eru allar konur þessu sammála og segja að bannið geri þeim erfiðara fyrir að komast á milli staða.

- sda

FRÁ KANÓ Í NÍGERÍU

Konur í Kanó í Nígeríu er nú skylt að setjast aftast í strætisvagna borgarinnar.



Bíldudalur:

Blokk seld á tíu milljónir

VIÐSKIPTI Fjölbýlishús á Bíldudal sem var í eigu Vesturbyggðar hefur verið selt. Jón Þórðarson athafnamaður átti hæsta tilboð í húsið en það hljóðaði upp á rúmar tíu milljónir króna.

Í blokkinni eru ellefu íbúðir þannig að kaupverðið samsvarar 900 þúsund krónum á íbúð. Jón hefur fengið 70 milljóna króna framkvæmdalán frá Verðbréfastofnunni til að vinna að endurbótum á blokkinni en það var sett sem skilyrði fyrir kaupunum.

Hafist verður handa við endurbætur í lok mánaðarins og segir Jón að um næstu páska verði íbúðirnar tilbúnar til útleigu.

- jse

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



VOPNAÐIR LÖGREGLUMENN Í LONDON Innanríkisráðherra Bretlands segir að hvorki samfélagið né ríkisstjórnin muni líða að einstaklingar reyni að skapa ótta, vantraust og sundrung og hvetja til hryðjuverka.

Bretar kynna aðgerðir gegn hryðjuverkum:

Öfgamenn reknir úr landi

BRETLAND Charles Clarke, innanríkisráðherra Bretlands, hefur kynnt ákvæði nýrrar reglugerðar gegn hryðjuverkum sem heimilar að erlendir öfgamenn séu reknir úr landi þegar í stað.

Clarke skýrði ástæður sem geta legið að baki því að reka menn úr landi og nefndi meðal annars réttlætingu hryðjuverka og hvatningu til slíkra verka eða atferli sem leitt geti til hefndaráása.

Clarke bætti því við að leikreglurnar hefðu breyst eftir árás-

irnar 7. júlí þar sem 52 biðu bana, og að eini kosturinn í stöðunni væri að reka erlent fólk tafarlaust úr landi ef upp kæmi grunur um að það hefði hvatt til hermdarverka eða hefði slíkt í hyggju. Hann sagði að líklegast yrðu fyrstu brottvísanirnar nú á allra næstu dögum. „Einstaklingar sem reyna að skapa ótta, vantraust og sundrungu til að hvetja til hryðjuverka verða ekki liðnir af ríkisstjórninni eða samfélaginu,“ sagði Clarke.

- oá

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURDUR



BLOKKIN Á BÍLDUDAL Í dag verður skrifað undir kaupsamning á blokkinni og verður farið að vinna að endurbótum á henni í lok þessa mánaðar.

FÁÐU MEIRI BÍL EN ÞÚ BORGAR FYRIR

Medion fartölva fylgir nú Betri notuðum bílum.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Áhyggjalaus og örugg bilaviðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð. Skoðuðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.

Ertu á besta aldri og í fullu fjöri?
Ertu ekki lengur á almennum vinnumarkaði?
Viltu geta minnkað við þig vinnu?
Býrðu yfir dýrmætri reynslu og starfsþjálfun sem aðrir geta notið?

Hrafnista leitar eftir fólki eins og þér til umönnunarstarfa á Hrafnistu í Reykjavík, Hafnarfirði, Vífilstöðum og í Víðinesi.

Ekki eru gerðar neinar kröfur um sérstaka menntun en fólk með reynslu af öllum sviðum atvinnulífsins er velkomnið í hópinn með okkur.

Skelltu þér út í atvinnulífið!

Vinnutími er sveigjanlegur eftir því sem hverjum hentar og allt frá heils eða hálf dags störfum til nokkurra klukkustunda í viku hverri, dagvinna, kvöldvinna eða helgarvinna.

Við tökum vel á móti þér.
Hafðu samband við
Steinunni í síma 585 9529
eða á hrafnista.is

Hrafnista



Auðgaðu líf þitt með nýju og gefandi hlutverki:
Láttu eldri borgara njóta krafta þinna.



DRYKKUR Á LAUSU



SYKURLAUSU!

**ALVÖRU BRAGÐ
ENGINN SYKUR**

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

EKKI MÆTA OF SEINT

Þú hefur ennþá möguleika á að hífa upp mætinguna í skólann í vetur. Tryggðu þér Betri notaðan bíl í tíma og Medion fartölvu í kaupauka.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Áhyggjulaus og örugg bilavíðskipti - strangt skoðunarferli, 14 daga skiptiréttur, ókeypis skoðun eftir 1000 km, allt að 1 árs ábyrgð. Skoðuðu úrvalið á Nýbýlavegi 4, á www.toyota.is eða hringdu í 570 5070.

Heilbrigðisráðherra um tekjutengingu:

Breyting á ellilífeyri hugsanleg

ATVINNUMÁL Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra segir það fagnaðarefni að forráðamenn tiltekinna fyrirtækja skuli hafa tekið upp þá starfsmannastefnu að ráða eldra fólk með reynslu í vinnu, þannig að það hafi meira valfrelsi.

Um breytingar á ellilífeyri í tengslum við aukinn möguleika eldri borgara á hlutastarfi og sveigjanlegum vinnutíma segir ráðherra að verið sé að ræða þessi mál í samstarfsnefnd sem hann hafi skipað og haldi áfram störfum í september.

„Það er verið að ræða stöðu samkomulags, um hækkun bóta, uppbyggingu hjúkrunarheimila,

eflingu heimahjúkrunar og þar fram eftir götunum,“ segir hann. „Ég reikna með að lífeyrismál komi til umræðu á víðum grundvelli.“

Spurður um hvort ekki sé nauðsynlegt að endurskoða lífeyrismál eldri borgara segir ráðherra að tekjutengingar hafi verið á undanhaldi, meðal annars hjá öryrkjum, til að hvetja fólk til að fara út á vinnumarkaðinn, sem sé jákvætt.

„Ég vona að menn geti notfært sér þessar nýju aðstæður,“ segir ráðherra.



HEILBRIGÐISRÁÐHERRA Fagnar breytti starfsmannastefnu einstakra fyrirtækja.

LÖGREGLUMÁL

MEÐ ÞOKULJÓS INNANBEJAR Ökumaður var handtekinn og færður á lögreglustöð í Keflavík um klukkan eitt aðfaranótt miðvikudags, grunaður um ölvun við akstur. Fyrr um kvöldið stöðvaði lögregla tvo ökumenn á Hafnargötu í Keflavík, en þeir voru með kveikt þokuljós þrátt fyrir góð akstursskilyrði, að sögn lögreglu.

ÚTLENDINGAR Á HRADFERÐ Lögreglan í Vík í Mýrdal stöðvaði sex ökumenn fyrir of hraðan akstur við almennt umferðar-eftirlit á mánudag. Að sögn lögreglu var meirihlutinn útlendingar sem óku vel yfir hámarks- hraða, á 120 til 130 kílómetra hraða á klukkustund.

ÖLVUNARAKTUR Að sögn lögreglu á Selfossi var lítið um að vera í umdæminu aðfaranótt þriðjudags. Þó var einn ökumaður stöðvaður á Selfossi snemma í gærmorgun grunaður um ölvun við akstur.

DANMÖRK

MYRTI MÓÐUR SÍNA Geðsjúkur maður frá Taastrup í Danmörku hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fyrir að myrða móður sína og berja föður sinn til óbóta. Maðurinn, sem er 28 ára gamall, hefur alla tíð búið hjá foreldrum sínum og átt við geðræn vandamál að stríða. Hann verður vistaður á réttar-geðdeild.



BJÖRN ÓLAFUR HALLGRÍMSSON Björn Ólafur, sem er lögmaður Lofts Jens Magnússonar, gagnrýndi að ekki skyldi í krufningarskýrslu fjallað sérstaklega um mögulega skýringu á áverka á hnacka Ragnars Björnssonar, sem lést eftir árás á veitingastaðnum Ásláki í desember síðastliðnum.

Verjandi efast um krufningarskýrslu

Lögmaður Lofts Jens Magnússonar telur álit réttarmeinafræðings litað af fullyrðingum. Lofti er gefið að sök að hafa banað Ragnari Björnssyni.

DÓMSMÁL Arnfríður Einarsdóttir hæstaréttarlögmaður tekur á föstudag afstöðu til kröfu Björns Ólafs Hallgrímssonar, verjanda Lofts Jens Magnússonar, um að kvaddir verði til matsmenn til að fara yfir krufningarskýrslu Þóru Steffensen réttarmeinafræðings. Lofti Jens er gefið að sök að hafa með hnefahöggi banað Ragnari Björnssyni á veitingahúsinu Ásláki í Mosfellsbæ í byrjun desember sl.

Björn Ólafur telur Þóru hafa látið hjá líða að rannsaka til hlítar þætti sem verið gætu skjólstæðingi hans til hagsbóta. Hann sagði álit réttarmeinafræðingsins litað af fullyrðingum og að hún hafi augljóslega orðið fyrir áhrifum af skýrslu lögreglu sem fylgdi krufningarbeiðninni. Hann segir Þóru í skýrslu sinni hafa vísað til upplýsinga frá lögreglu um að Ragnar

hafi „orðið fyrir hnefahöggi af ásetningi“ og út af því lagt að um manndráp væri að ræða. Taldi Björn Ólafur hlutverk dómara að skera úr um slíkt.

Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari fór fram á að kröfu Björns Ólafs yrði hafnað og benti á nauðsyn þess að réttarmeinafræðingur fengi afhentar grunnupplýsingar um málsatvik, starfa sinna vegna. „Verjandi hefur engin rök fært fram fyrir því að hlutdrægni hafi gætt,“ sagði hún og bætti við að ekki væri hlutverk dómkvaddra matsmanna að gefa umsagnir um fyrirbyggjandi gögn. „Krufning hefur þegar farið fram,“ sagði hún.

Þá hafnaði dómari í gær beiðni Björns Ólafs um lokað þinghald meðan rædd væri krafa hans um tilkvaðningu matsmanna.

olikk@frettabladid.is

Heilsufarsupplýsingar vegna trygginga:

Veita þarf betri fræðslu

TRYGGINGAR Veita þarf betri fræðslu um hvernig staðið er að upplýsingaöflun frá læknum og sjúkrastofnunum um heilsufar þeirra sem sækja um líf- og sjúkdómtryggingar. Þetta er niðurstaða Persónuverndar eftir úttekt sem unnin var vegna nýrra laga um váttryggingarsamninga sem taka gildi 1. janúar.

Samkvæmt lögnum þurfa þeir sem óska eftir slíkum tryggingum að veita skriflegt upplýst samþykki fyrir því að tryggingafélag leiti eftir frekari upplýsingum um heilsufar þeirra hjá læknum og sjúkrastofnunum. Það er álit Persónuverndar að í slíku samþykki skuli koma skýrt fram hvaða upplýsinga megi afla, frá hverjum og í hvaða tilgangi.

Þegar óskað er eftir líf- eða sjúkdómtryggingu í dag þarf að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að læknum, sjúkrahúsum og



LÍF- OG SJÚKDÓMATRYGGINGAR Tryggingafélög þurfa að útskýra hvaða upplýsingar þau þurfa frá læknum og sjúkrastofnunum.

öðrum sem hafa upplýsingar um heilsufar þess sem vill váttryggingu sé gefin heimild til að veita tryggingafélaginu eða trúnaðarlækni þess allar heilsufarsupplýsingar. Ekkert er tekið fram um neinar hömlur á slíkri upplýsingagjöf.

- 55

meira fyrir aurinn

meira úrval - meira val



25%
afsl. v. kassa
Gourmet ungnautahakk



899
kr.kg.

Bautabúrs grísaofsteik
verð áður 1.528 kr.kg.



499
kr.stk.

Ísfugl eldaður heill kjúklingur



1.249
kr.kg.

Helgargrís með pestó á ítalska visu



299
kr.kg.

Saltkjöt ódyrt



199
kr.kg.

Vibber græn og rauð



99
kr.kg.

Kiwi



99
kr.kg.

Hunangmelónur

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 25. til 28. ágúst (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



HERÆFING Kínverskt herskip og rússneskur skriðdreki við heræfingar við Shadongskagann í Kína. Rússar og Kínverjar halda nú heræfingu sem gengur undir heitinu „Friðarkrossferð 2005“.

Lögregla hefur skýrt frá dánarorsök hins ellefu ára gamla Rory Blackhall:

Var kæfður og vafinn í segldúk

SKOTLAND Skoskir lögreglumenn hafa upplýst að Rory Blackhall, ellefu ára, hefði að öllum líkindum verið myrtur en lík hans fannst á sunnudaginn.

Á fimmtudaginn var tóku ættingjar Rory Blackhall, sem bjó í þorpi nærri Livingstone í Skotlandi, að óttast um hann en þá kom í ljós að hann hafði ekki sést í skólanum allan daginn. Michelle, móðir hans, hafði ekið Rory í skólann um morguninn og spurðist ekkert til pilsins fyrr en á sunnudaginn þegar líkið af honum fannst í skóglendi skammt frá, vafið í grænan segldúk.

Í gær greindi svo lögreglan í Lothian og Borders frá því að banamein Rory hefði verið köfnun af mannavöldum. Hins vegar liggur ekki fyrir að svo stöddu hvað banamaður hans notaði til að kæfa piltinn. Engir aðrir áverkar virtust á líkinu en frekari rannsóknir eru þó nauðsynlegar áður en hægt er að fullyrða um slíkt.

Þessa stundina leita lögreglumenn að bakpoka Rory sem í voru ýmsir munir og kanna um leið vitnisburð íbúa svæðisins en margir þeirra staðhæfa að ókunngur menn hafi verið á sveimi á þessum slóðum um helgina. - shg



RORY BLACKHALL Lík hans fannst á sunnudaginn en talið er að hann hafi verið myrtur.



AF VETTvangi Á annan tug líka hefur fundist en fleiri eru þó taldir fastir í rústunum.

Bygging hrundi:

Fólkið var í fastasvefni

MUMBAI, AP Í það minnsta ellefu manns krömdust til bana þegar íbúðarhús hrundi í borginni Mumbai á Indlandi, sem áður kallast Bombay. Um tuttugu eru sagðir fastir undir rústum byggingarinnar.

Húsið var komið til ára sinna og illa farið en þar bjuggu sextán fjölskyldur og var fólkið í fastasvefni þegar húsið hrundi. 47 manns var bjargað úr rústunum og voru flestir fluttir á sjúkrahús.

Allalengt er að byggingar hrynji með þessum hætti í Mumbai, sérstaklega meðan á rigningartímanum stendur. ■

Nýr leikskóli á Akureyri:

Fyrsti skólinn sem fer í útboð

LEIKSKÓLI Skólanefnd Akureyrarbæjar hefur samþykkt að nýr leikskóli við Helgamagrastræti á Akureyri heiti Hólmasól. Nafngiftin er til heiðurs Þorbjörgu hólmasól en samkvæmt Landnámu var hún fyrsta barnið sem fæddist í Eyjafirði; barn Helga magra og Þórunnar hyrnu.

Hólmasól verður fyrsti leikskólinn á Akureyri þar sem reksturinn verður boðinn út en útboð á vegum bæjarins hafa verið að aukast á undanförunum misserum. - kk



ÞORSKVIÍ Í ARNARFIRÐI Þegar hjarðþorskurinn er orðinn nógu stór er ætlunin að flytja hann í kvíar þar sem hann yrði alinn áfram.

Hægt að klappa þorskinum

Í Arnarfirði er unnið að hafrannsóknarverkefni sem byggir á því að fóðra þorsk og safna honum í hjarðir. Markmiðið er að vernda rækjuna í firðinum með því að halda þorskinum frá henni. Komið hefur í ljós að þorskurinn er afar gæfur og þykir þessi einstaki hjarðbúskapur úti á miðjum sjó lofa góðu.

RANNSÓKNIR „Þorskurinn er orðinn svo gæfur að maður getur klappað honum úti á miðjum firði,“ segir Jón Þórðarson einn af umsjónarmönnum hafrannsóknar á Arnarfirði sem Hafrannsóknarstofnunin stendur fyrir.

Rannsóknin, sem hófst í apríl síðastliðnum, felst í því að þorskinum í firðinum er gefin loðna á ákveðnum stöðum og þannig hændur að svæðunum svo hann fari ekki innar í fjörðinn til að éta rækjuna sem þar heldur til.

„Það er mikið í húfi að vernda þennan rækjustofn í Arnarfirði þar sem þetta er eini rækjustofn-



JÓN ÞÓRÐARSON Segir mikið í húfi að vernda rækjustofninn í Arnarfirði enda hann eini stofn innfjarðarrækju sem eftir er hér við land.

inn sem eftir er hér við land sem heldur sig innan fjarðar, alls staðar annars staðar hefur þorskurinn étið alla innfjarðarrækjuna,“ segir Björn Björnsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknarstofnuninni og verkefnisstjóri.

Í fyrstu var þorskinum gefið að éta daglega en nú fær hann einungis þrisvar í viku. Loðnunni

er slakað niður í stórum netapokum og eru þrjú til fjögur hundruð kíló í hverjum poka. Þokinn er látin dóla á tíu metra dýpi meðan þorskurinn gæðir sér á kræsingunum.

Einnig er lögð tæplega sex kílómetra löng lína yfir þveran fjörðinn sem á hanga litlir þokar með loðnu svo þorskurinn sem ekki hefur ratað á gjafasvæðin fari ekki inn fjörðinn til að gæða sér á rækjunni.

Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt. Fyrir utan að halda þorskinum frá rækjunni vilja vísindamennirnir kanna hvort hægt sé að mynda eins konar

þorskahjarðir. Enn fremur hvort hægt sé að ala smáþorskin upp í stærri og verðmætari fisk sem yrði veiddur þegar hann er kominn í ákjósanlega stærð. Þar sem hann er afar gæfur í þessum hjörðum er hægt að moka honum upp.

„Nú þegar er þorskurinn farinn að halda til í fjórum hjörðum í Arnarfirði þannig að hér er á ferðinni fyrsti hjarðbúskapurinn í Íslandssöggunni sem stundaður er í sjó,“ segir Jón Þórðarson.

Í haust verður svo rækjustofninn kannaður og metið hvort verkið hafi borið tilætlaðan árangur. jse@frettabladid.is

e-korthafar fá
20% afslátt
af öllum vörum í
Topshop og Dorothy
Perkins í dag.

**20%
AFSLÁTTUR
VIÐ KASSA**



TOPSHOP

DOROTHY PERKINS

SMÁRALIND

e kort

www.ekort.is

Búseti á Akureyri byggir fjölbýlishús úr einingum:

Mun lægri byggingarkostnaður

NÝBYGGINGAR Búseti á Akureyri hyggst láta byggja fimm hæða fjölbýlishús í Naustahverfi á Akureyri, með 50 íbúðum, og er stefnt á að framkvæmdir hefjist í vetur og fyrstu 25 íbúðirnar verði tilbúnar fyrir árslok 2006. Félagið horfir til fjölbýlishúsa að skandinavískri fyrirmynd og segir Heimir Ingimarsson, framkvæmdastjóri Búseta á Akureyri, að byggingarkostnaður verði 15 til 25 prósentum lægri en kostnaður við sambærilegar byggingar sem reistar eru með hefðbundnum byggingaraðferðum.

„Gangi væntingar eftir verður

fjölbýlishúsið byggt úr einingum og við munum bjóða upp á nýjungar sem lítt eru þekktar á íslenskum húsnæðismarkaði. Til dæmis mun Búseti leggja til öll heimilistæki í íbúðirnar og hægt verður að breyta svölum í sólstofur með rafdrifnum lokunum,“ segir Heimir.

Búseti hefur tryggt sér lóðir undir 70 til 80 íbúðir í Naustahverfi en Heimir segir að eftirspurn eftir íbúðum hjá Búseta á Akureyri sé mikil. Fyrir á félagið 137 íbúðir á Akureyri og fimmtán á Húsavík en auk þess er félagið með fimm íbúðir í byggingu sem afhentar verða fyrir árslok.

- kk



FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJAN

NÝBYGGINGAR Í NAUSTAHVERFI Gert er ráð fyrir því að byggðar verði 2.500 til 3.000 íbúðir í Naustahverfi og þar risi sex til átta þúsund manna byggð. Það er álika fjöldi og nú býr í Gleráhverfi.



HÚS LANDNEMA JAFNAÐ VIÐ JÖRÐU Ísraelskur hermaður fylgist með á meðan vinnuvélar jafna hús brottfluttra landnema á Gaza-svæðinu við jörðu. Búið er að flytja alla landnemana á brott.

Íþróttagalli
Verð **5.490 kr.**

Buxur
Verð **3.490 kr.**

Skór
Verð **4.990 kr.**

Úlpa
Verð **10.990 kr.**

Skólataska
Verð **2.990 kr.**

ISLENSKA AUGLÝSINGASÍMI SÍMI 545 1500

Í skólann á ný

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Vertu á nýjum Ford Explorer 4x4
 Dæmi: Ford Explorer XLT Sport 4,0i V6 ssk.
Sumartilboð*
 Bílasamningur **41.760 kr.**
 Rekstrarleiga **74.200 kr.**



Veldu nýjan **Ford**


Nýtt tákni

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar XLT Sport:

- 5 þrepa sjálfskipting.
- Rafeindastýrt stöðugleikastýrikerfi.
- Rafeindastýrð veltivörn.
- 4x4, hátt og lágt drif.
- 17" álfelgur. 245/65R17 dekk.
- Sjálfsstæð fjöðrun, framan og aftan.
- Læsivörðir hemlar (ABS).
- Öryggisþúðar fyrir okumann og farþega í framsætum.
- Hraðastillir (Cruise Control).
- Samhlæsing með fjarstýringu.
- Lúxusinnrétting með plussaklæði.
- Rafknúio okumannssæti.
- Pokuljós í framstuðara.
- Rafdrifnar rúður, framan og aftan.
- Rafknúinir útibaksnisspeglar.
- Tvískiptur afturhleri.
- Gangbretti.
- Ford útlarp með geislaspilara.
- Litað gler að aftan.
- Loflkæling.
- Geymsluhölf milli sæta.
- Toppbogar.
- Úthitamælir og áttaviti.
- Stokkur í lofti með lesljósum.
- Baksnisspeglill með dimmingu.
- Leðurklætt stýrishjól.
- Heimreiðarljós.

Ford Explorer 5 dyra 4x4*

Kaupverð	Sjálfskiptur
Ford Explorer XLT Sport 4,0i V6 210 hö.	4.190.000 kr.
Ford Explorer Eddie Bauer 4,6i V8 239 hö.	4.675.000 kr.
Ford Explorer Limited 4,6i V8 239 hö.	4.795.000 kr.



Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

Viðbótarbúnaður í Eddie Bauer:

- Lúxusinnrétting með leðuraklæði á sætum.
- Rafknúin framsæti.
- Okumannssæti með minni. Hiti í framsætum.
- Fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki, loftkælingu og hraðstilli.
- Ford Audio System með 6 diska geislaspilara og 5 hátölurum.
- Áksturstölv.
- Samlit stigbretti.
- Tölvustýrð loftkæling.
- Klæðning á hliðum í „beige“ lit.

Og meira til í Limited:

- Krómaðar felgur.
- Krómaðir þakbogar.
- Samlit klæðning á hliðum.

Nýttu þér sumartilboðin
Skoðuðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi

 ■ Ford Fiesta Trend 5 dyra 1,4i 5 girna* Kaupverð 1.430.000 kr. Bílasamningur 14.970 kr. Rekstrarleiga 27.950 kr.	 ■ Ford Fusion Trend 5 dyra 1,4i 5 girna* Kaupverð 1.570.000 kr. Bílasamningur 16.440 kr. Rekstrarleiga 29.980 kr.	 ■ Ford Focus Trend Wagon 1,6i 5 girna* Kaupverð 1.990.000 kr. Bílasamningur 20.865 kr. Rekstrarleiga 35.950 kr.	 ■ Ford Focus C-Max Trend 5 dyra 1,6i 5 girna* Kaupverð 1.895.000 kr. Bílasamningur 19.840 kr. Rekstrarleiga 34.950 kr.	 ■ Ford Mondeo Ghia Wagon 2,0i sjálfskiptur* Kaupverð 2.650.000 kr. Bílasamningur 27.824 kr. Rekstrarleiga 49.975 kr.	 ■ Ford Galaxy Trend 7 manna 2,0i 5 girna* Kaupverð 2.605.000 kr. Bílasamningur 27.280 kr. Rekstrarleiga 48.500 kr.	 ■ Ford Mustang Deluxe 3 dyra 4,0i V6 5 girna* Kaupverð 2.860.000 kr. Bílasamningur 30.030 kr.	 ■ Ford Escape XLS 4x4 5 dyra 2,3i sjálfskiptur* Kaupverð 2.810.000 kr. Bílasamningur 29.430 kr. Rekstrarleiga 52.700 kr.
--	--	--	---	---	---	---	---



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir

upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erf.myrktarla. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta



Pungaskattskerfið hefur breyst. Við fögnum nýja kerfinu. Nú hefur þú kost á að velja á milli bensín- og dísilbíla án afskipta stjórvalda. Nú er áriðandi að reikna dæmið til enda miðað við áætlaðan akstur á ári og dýrari dísilvél. Útkoman kemur þér á óvart. Komdu í Brimborg. Veldu Ford Explorer.

© 2011 FORD MOTOR CO. ALL RIGHTS RESERVED. FORD COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

um gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spannandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Það er munur á Explorer og Land Cruiser

Besta einkunn sem hver jeppi getur hlotið eru draumarnir um að fá að njóta hans hvern dag - að vera á draumajeppanum. Vinsælasti draumurinn er Ford Explorer enda mest seldi jeppi í heimi. Hinsvegar hefur Toyota Land Cruiser verið draumajeppi Íslendinga, hingað til, enda sterkur torfærurjeppi byggður á grind með hátt og lágt

drif eins og Explorer. Í gegnum tíðina hefur Land Cruiser hrifið okkur og drifið á tinda landsins en staðlaðir breytingapakkar og þjónustulund starfsfólks P. Samúelssonar ehf. gerðu torfær-una að spennandi viðfangsefni í krafti dísilvélarinnar, sumar sem vetur.

Nú er öldin önnur. Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Íslendingar velja nú aðra eiginleika en áður. Önnur mið hafa verið tekin í átt að þægindum, mýkt og meira öryggi sem sést á auknum vinsældum Explorer sem fæst núna á hagstæðu verði. Sala á óbreyttum Land Cruiser hefur aukist sem er önnur vísbending á breytt viðhorf og auknar kröfur um þægindi. Reyndar er erfitt að bera Land Cruiser saman við Explorer þar

sem bílarnir eru ólíkir að eiginleikum og uppruna. Veldu mýkt, þægindi og fallega hönnun. Veldu Explorer.

Auknar kröfur um öryggi jeppa

Þú berð saman jeppa og áttar þig á því að gæði öryggiskerfanna eru misjöfn og mörg þeirra yfirleitt ekki staðalbúnaður í dísiljeppum..! Öryggisatriði eins og rafeindastýrt stöðugleikastýrikerfi og rafeindastýrð veltivörn eru þar á meðal. Hugsaðu um öryggi fjölskyldunnar - skoðuðu Explorer og tilfinningin fyrir draumajeppanum verður örugglega að veruleika. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Vertu á Ford Explorer.

Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákni um gæði.



■ **Ford Freestyle SEL 4x4**
8 manna 3,0l V6 sjálfskiptur*
Kauþverð 3.960.000 kr.
Bílasamningur 39.200 kr.
Rekstrarleiga 68.300 kr.



■ **Ford Explorer XLT Sport 4x4**
5 dyra 4,0l V6 sjálfskiptur*
Kauþverð 4.190.000 kr.
Bílasamningur 41.760 kr.
Rekstrarleiga 74.200 kr.



■ **Ford Expedition Eddie Bauer 4x4**
8 manna 5,4l V8 sjálfskiptur*
Kauþverð 5.160.000 kr.
Bílasamningur 53.990 kr.
Rekstrarleiga 102.500 kr.



■ **Ford Ranger XL Crew Cab 4x4**
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gira*
Kauþverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 24.820 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.



■ **Ford Explorer Sport Trac XLT 4x4**
4 dyra 4,0l V6 sjálfskiptur*
Kauþverð 2.960.000 kr.
Bílasamningur 30.990 kr.
Rekstrarleiga 56.700 kr.



■ **Ford F-350 Lariat Crew Cab 4x4**
4 dyra 6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kauþverð 4.128.000 kr.
Bílasamningur 43.160 kr.



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is

Öxtum þeirra. Smur- og þjónustuefiritil samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álleigur á Fiesta, Focus og Galaxy, samillur á Escape, tvíllur á Ranger, Explorer og Freestyle myndir eru af Limited.

„ORÐRÉTT“

„Dagsformið hjá liðinu virðist ekki vera til staðar og menn virðast ekki vera að spila sinn besta leik, eins og klárlega þarf með ef árangur á að nást á svona stóru móti.“

„Ég þurfti tvö skot á mitt dýr, því færið var of stutt fyrir mig í fyrri skotinu. Ég lengdi því færið upp í 180 metra og náði þá hjartaskoti.“

MARÍA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR
SKOTVEIÐIKONA Í MORGUNBLAÐINU.

EINAR ÞORVARÐARSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI HSÍ, Í DV.

tilveran

SJÓNARHÓLL EFTIRLITSMYNDAVÉLAR Á HEIMAVIST



GÍSLI EINARSSON FRÉTTAMAÐUR

Heimavist er heimili

„Mér finnst að einhvers staðar verði að setja mörkin,“ segir Gísli Einarsson fréttamaður um fjölda eftirlitsmyndavéla á göngum heimavistar Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Persónuvernd hefur úrskurðað að fjöldi þeirra brjóti gegn meðalhófsreglu en tvær vélar voru á hverjum gangi vistarinnar. „Þegar þetta er komið inn á heimili eins og þarna er finnst mér þetta ekki eiga við,“ segir Gísli, sem telur þó verjandi að hafa eftirlitsmyndavélar við innganga heimavistarinnar. Jón Hjartarson, skólameistari FNV, íhugar að fara í mál við Persónuvernd vegna úrskurðarins. Hann telur einkalíf nemenda tryggt inni á herbergjum þeirra. „Ég hef nú búið á heimavist sjálfur og maður leit á meira en herbergið sem heimili sitt,“ segir Gísli, sem finnst þetta of mikil forsjárhyggja.

Björn Þormóður á Ytra-Hóli hrútaþuklari ársins 2005

Eftir harða keppni hrósaði Björn Þormóður Björnsson, bóndi og kjötmatsmaður á Ytra-Hóli í Vindhælishreppi, sigri á Meistaramótinu í hrútaþuklari á Ströndum á sunnudag. Hann hlaut meðal annars fimmtán skammta af hrútasæði í verðlaun.

„Þetta var óvænt,“ segir Björn Þormóður Björnsson á Ytra-Hóli um sigurinn á sunnudag. Dómnefndin, sem skipuð var þremur þrautreyndum sauðfjárræktaradunautum, var sammála um að Björn hefði staðið sig best í að dæma hrúta út frá þeim stöðum sem um slík fræði gilda, þótt mjótt hefði verið á munum.

Björn segist ekki hafa hugsað mikið um úrslitin á meðan á móti stóð en auðvitað hafi verið gaman að vinna.

Jón Jónsson, Strandamaður og sagnfræðingur, var ánægður með mótshaldið. „Þetta gekk ljómandi vel og keppnin var feikihörð,“ segir hann. Hátt í 300 manns

fyldust með mótinu en 27 kepptu í flokki hinna vönu. Keppendur komu víða að, allt frá Skagafirði í norðri að Skálholti í suðri, en flestir voru úr nærsveitum Strandanna.

Björn sigurvegari er kjötmatsmaður hjá Sölufélagi Austur-Húnavetninga og segir Matthías Lýðsson bóndi á Húsavík, sem kom að mótshaldinu, að ekki spilli fyrir að búa yfir mikilli reynslu á því sviði.

Björn heldur nokkrar kindur en vill ekki láta uppi um fjölda þeirra. „Þetta er innan skynsemismarkna,“ segir hann og viðurkennir um leið að aðalverðlaunin, fimmtán skammtar af hrútasæði



SIGURVEGARINN Björn Þormóður tekur við sigurverðlauninum. Meðal vinninga var farandgripur gefinn í minningu Brynjólfs Sæmundssonar, héraðsráðunautar Strandanna, en hann lést í vetur.

frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands, komi að góðum notum.

Rebekka Eiríksdóttir frá Stað vann í flokki óvanra en hún bar siguroð af móðursystur sinni Dagrúnu Magnúsdóttur, sem hafnaði í öðru sæti. Rebekka var að vonum sæl með sigurinn en segir það ekki hafa verið sérstakt kappmál að vinna frænku sína. Hún og maður hennar halda sex hundruð fjár á Stað og eru því ýmsum hnútum kunnug þegar

sér Jakúthús líkt þeim sem í þúsundir ára voru byggð í Jakúti í Síberíu. Vinkona hennar er ætluð þaðan og ætlar að byggja húsið úr víði sem frændur hennar í Jakúti hjuggu og var fleytt niður ána Lenu til Íshafsins, þaðan sem hann var fluttur til Íslands.

Brynja er í félagi sem kallar sig Ísjaki og er vinafélag Íslands og Jakúti. „Ég er öll í svona íshafsmenningu,“ segir hún og býst við að eyða þó nokkrum stundum í Jakúthúsi vinkonu sinnar með tímanum. „Hún er nú svo fjöllynd eins og ég að hún ætlar að leyfa öllum vinum sínum að vera þarna og heimsækja sig.“



HRÚTAÞUKL Fjölmenni fylgdist með Meistaramótinu í hrútaþukli á Sævangi á Ströndum á sunnudag. Keppendur í flokki hinna vönu báru sig vitaskuld fagmannlega að við verkið.

FLOKKUR VANRA:

1. sæti Björn Þormóður Björnsson á Ytra-Hóli í Vindhælishreppi.
2. sæti Elvar Stefánsson í Bolungarvík.
3. sæti Guðbrandur Sverrisson á Bassastöðum í Kaldrananeshreppi, Gunnar Dalkvist á Bæ í Árneshreppi og Reynir Stefánsson í Hafnardal í Hólmavíkurhreppi.

FLOKKUR ÓVANRA:

1. sæti Rebekka Eiríksdóttir frá Stað á Reykjanesi í Reykhólasveit.
2. sæti Dagrún Magnúsdóttir á Laugalandi í Skjaldfannardal í Hólmavíkurhreppi.
3. sæti Viktor Örn Viktorsson, skólastjóri grunnskólans á Hólmavík.

kemur að sauðfé þótt ekki teljist Rebekka vön í hrútaþukli.

Strandamenn voru staðráðnir í að standa sig betur í ár en í fyrra, þegar vel flest verðlaun fóru í Húnavatnssýslurnar. Það gekk eftir og skiptu þeir heimamenn með sér þriðju verðlauninum í flokki vanra, auk þess sem önnur og þriðju verðlaun í flokki óvanra féllu Strandamönnum í skaut.


Glæsileg verðlaun voru í boði; sokkar, vettlingar, teppi, þrjónabækur, handverk, rækjur og gisting auk áður nefnds sædis, sem kostar sitt eins og bændur vita.

bjorn@frettabladid.is

Tölvuorðasafn kemur út í fjórða sinn:

Af smygildum og skorðaðri alhæfingu

Nýtt Tölvuorðasafn, hið fjórða í röðinni, kom út í gær. Er það mikið að vöxtum og geymir 7.700 íslensk heiti og 8.500 ensk heiti á 6.500 hugtökum. Íslenskt Tölvuorðasafn kom fyrst út 1983 og voru í því tæp 1.000 íslensk heiti á um 700 hugtökum. Í næstu útgáfu, sem kom út 1986, voru íslensku



TÖLVUORÐASAFN Búnaður sem getur gert flókna.....

heitin 3.100 og hugtökinn 2.600 og í þriðju útgáfunni voru heitin orðin 5.800 og hugtökinn 5.000.

Meðal þess sem finna má í Tölvuorðasafninu er þýðing og útskýring á tölvuorðinu cookie. „Smygildi - gagnahlutur sem vefþjónn vistar í geymslu notanda og hefur síðan aðgang að til að auðvelda samskipti. Oftast er smygildi vistað án vitundar notandans.“ Og ef áfram er flett má finna útskýringu á hugtakinu Skorðuð alhæfing. Um hana segir: „Alhæfing hugtaks sem fullnægir þeim skilyrðum sem hugtökum eru sett og eru notuð til þess að útskýra tiltekna staðreynd eða atburð.“

Stefán Briem ritstýrði Tölvuorðasafninu en verkið er afrakstur áratuga starfs orðanefndar Skýrslutækniáskilafélags Íslands, sem stendur að útgáfu þess í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag.

- bps



TÖLVUORÐASAFNIÐ Í því eru 7.700 íslensk heiti á 6.500 hugtökum.

ÚTVARPIÐ ÞITT
ÞOLIR EKKI
EINTÓMAN
VIÐBJÓÐ

X
97.7

Íslandsmótið í víkingaspilinu Kubbi haldið í fimmta sinn:

Glyðrur mótsins fá viðurkenningu

Útileikurinn KUBBUR hefur náð nýjum hæðum í vinsældum í sumar enda afslappaður leikur sem flestir geta spilað. Á góðviðrisdögum í sumar mátti víða á tjaldsvæðum landsins sjá hressa tjaldbúa standa í tveimur fylkingum með trékubba á milli sín.

Fimmta Íslandsmótið í þessum leik, sem rekur sögu sína aftur til víkingatímans, fer fram laugardaginn 3. september. Leikið verður í Skallagrímgarði í Borgarnesi og hefst mótið klukkan 13.00.

Hreinn Hreinnsson er einn aðstandenda mótsins. Hann kynntist spilinu fyrir nokkrum árum í gegnum vini sína í Svíðþjóð en

þaðan er spilið upprunnið. „Þetta er þægileg og skemmtileg íþrótt sem þú getur spilað með krökkunum þínum. Þú getur haft þetta erfitt eða létt,“ segir Hreinn, sem telur ekki verra að vera með öl í annarri hendi þegar Kubbur er spilaður. „En það spillir aðeins árangri,“ segir hann og hlær.

Fyrsta Íslandsmótið í Kubbi var haldið í nokkurs konar gríni í Hljómskálagarðinum fyrir fimm árum. Síðan spurðist þetta út og í fyrra voru 25 lið skráð til keppni. Hins vegar er rennt algerlega blint í sjóinn með þátttöku í ár, en skráning fer fram á vefsvæðinu www.folk.is/kubb.

Í stórum dráttum snýst spilið um það að tvö lið standa hvort sínum megin við Kubbvöllinn. Hvort lið hefur fimm kubba á sínum leikhelmingi sem hitt liðið á að fella með þar til gerðum kylfum. Í miðju vallarins er Kóngur sem fella á síðastan.

Á Íslandsmótinu nú verður liðum skipt í riðla og efstu lið komast áfram í úrslitakeppni þar sem keppt er með útsláttarfyrikomulagi. Í verðlaun er farandbikarinn „Kóngurinn“. Einnig verða veittar viðurkenningar fyrir best klædda liðið, skemmtilegasta liðið og glyðrur mótsins.

- sgi



VÍKINGALEIKUR Leikurinn snýst um að fella kubba andstæðinganna með þar til gerðum kylfum.

Fé sótt af fjalli:

Fyrstu réttir um helgina

Réttað verður í Baldursheimsrétt og Hlíðarrétt í Mývatnssveit á sunnudag og eru það fyrstu réttir haustsins.

Réttir hafa almennt færst fram á síðustu árum og segir Ólafur Dýrmondsson, ráðunautur hjá Bændasamtökunum, það helgast af aukinni spurn eftir fersku kjöti um þetta leyti árs. Að auki er veður jafnan skárri í lok ágúst og byrjun september en þegar liðið er á haust og næðir því síður um gangnamenn.



- bps KINDUR

FJÁRRÉTTIR HAUSTIÐ 2005

- Auðkúlurétt í Svinavatnshr., A.-Hún. 3. sept.
- Áfangagilsrétt á Landm.afrétti, Rang. 22. sept.
- Baldursheimsrétt í Mývatnssv., S.-Þing. 28. ágúst
- Brekkrurétt í Norðurárdal, Mýr. 18. sept.
- Dalsrétt í Mosfellsdal 18. sept.
- Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal. 17. sept.
- Fliótslíðarrétt í Fliótslíð, Rang. 13. og 18. sept.
- Fliótslungurétt í Hvítársíðu, Mýr. 10. sept.
- Fossrétt á Síðu, V.-Skaft. 9. sept.
- Fossvallarétt v/Lækjarbotna, (Rvík/Kóp) 18. sept.
- Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal. 18. sept.
- Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr. 20. sept.
- Hamarsrétt á Vatnssnesi, V.-Hún. 10. sept.
- Heiðarbæjarrétt í Þingvallasveit, Árn. 17. sept.
- Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr. 19. sept.
- Hlíðarrétt í Bólstaðahl., A.-Hún. 11. sept.
- Hlíðarrétt í Mývatnssveit, S.-Þing 28. ágúst
- Hraunsrétt í Aðaldal, S.-Þing. 11. sept.
- Hrunaréttir í Hrunamannahr., Árn. 16. sept.
- Hrútatungurétt í Hrútafirði, V.-Hún. 3. sept.
- Húsmúlarétt v/Kolviðarhól, Árn. 17. sept.
- Illugastaðarétt í Fnjóskadal, S.-Þing 4. sept.
- Kjósarrétt í Hækingsdal, Kjós. 18. sept.
- Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal. 18. sept.
- Klausturhólarétt í Grímsnesi, Árn. 14. sept.
- Laufskálarétt í Hjaltadal, Skagafirði 10. sept.
- Ljárskógarétt í Laxárdal, Dal. 3. sept.
- Miðfjarðarétt í Miðfirði, V.-Hún. 3. sept.
- Mælifellsrétt í Skagafirði 11. sept.
- Möðruvallarétt í Eyjafjarðarsveit 11. sept.
- Nesmelsrétt í Hvítársíðu 10. sept.
- Núparétt á Melasveit, Borg. 11. sept.
- Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg. 14. sept.
- Rauðgilsrétt í Hálsasveit, Borg. 18. sept.
- Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum 17. sept.
- Reykjaréttir á Skeiðum, Árn. 17. sept.
- Selfatarrétt í Grafningi, Árn. 19. sept.
- Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skag. 19. sept.
- Skaftárrétt í Skaftárh., V.-Skaft. 10. sept.
- Skaftártungurétt í Skaftártungu, V.-Skaft. 17. sept.
- Skaftholtsréttir í Gnúpverjahreppi, Árn. 16. sept.
- Skarðarétt í Gónguskörðum, Skag. 3. sept.
- Skarðsrétt á Skarðsströnd, Dal. 17. sept.
- Skarðsrétt í Bjarnarfirði, Strand. 17. sept.
- Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr. 19. sept.
- Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal. 18. sept.
- Skrapatungurétt í Vindhælishr., A.-Hún. 11. sept.
- Staðarétt í Skagafirði 10. sept.
- Stafnsrétt í Svartárdal, A.-Hún. 10. sept.
- Svarthamarsrétt á Hvalfjarðarstr., Borg 11. sept.
- Tungurétt í Svarfaðardal 4. sept.
- Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. 9. og 10. sept.
- Valdarárrétt í Viðidal, V.-Hún. 9. sept.
- Viðidalstungurétt í Viðidal, V.-Hún. 10. sept.
- Þorkötlustaðarétt í Grindavík 11. sept.
- Þverárrétt í Eyjafjarðarsveit 11. sept.
- Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. 10. sept.
- Þverárrétt í Þverárhlið, Mýr. 19. sept.
- Ölfusréttir í Ölfusi, Árn. 20. sept.

STÓÐRÉTTIR HAUSTIÐ 2005

- Skarðarétt í Gónguskörðum, Skag. 17. sept.
- Staðarétt í Skagafirði. 17. sept. um kl. 16.00
- Silfrastaðarétt í Blönduhl., Skag. 18. sept. kl. 16.00
- Hlíðarrétt við Bólst.h., A.-Hún. 18. sept. um hádegi
- Skrapatungurétt í A.-Hún. 18. sept. kl. 10.00
- Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag. 24. sept. kl. 13.00
- Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. 24. sept. kl. 13.00
- Viðidalstungurétt í Viðidal, V.-Hún. 1. okt. kl. 10.00

EKKI SPURNING UM HVAD ÞÚ ERT FLOTTUR, HELDUR HVAD ÞÚ VILT VERA FLOTTUR!

Meiriháttar föt frá heimspekkum hönnuðum;
Jasper Conran, John Rocha, Matthew Williamson
 og gæðamerkin **Cottonfield, Mexx, Esprit** og **66°N**
 á verði sem kemur þér í gott skap.


DEBENHAMS

SMÁRALIND

SVONA ERUM VIÐ

FJÖLDI FARPEGASKIPA OG FERJA Á ÍSLANDI

Heimild: HAGSTOFAN



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: SAMKEPPNISHÖMLUR

Ekki setið við sama borð

Vart líður sá mánuður að Samkeppniseftirlitinu og/öðrum öðrum stofnunum berist ekki kvartanir og kærur vegna þess að sum fyrirtæki telji sig ekki standa jafnfætis öðrum gagnvart viðskiptavinum. Nýlegt dæmi er kvörtun netfyrirtækisins Hive á hendur Símanum og Og Voda-fone.

Hvað eru samkeppnishömlur?

Lög kveða á um að fyrirtæki skuli sitja í einu og öllu við sama borð og hafa jafnan aðgang að mörkuðum en ekki sé um það að ræða að stórfyrirtæki geti í krafti valds síns hindrað önnur fyrirtæki eða með öðrum hætti stuðlað að misnotkun. Markmið laganna er að efla samkeppni í viðskiptum og styðja þannig efnahagslegar framfarir í landinu.

Hverjir ákvarða um slíkt?

Allmargir aðilar fá erindi er snúa að sam-

keppnishömlum. Umboðsmaður Alþingis hefur tekið slík mál til meðferðar er snúa að einstaklingum eða smærri fyrirtækjum. Í framtíðinni er líklegt að nýskipaður umboðsmaður neytenda taki á slíkum málum. Þess utan fær Samkeppniseftirlitið eða Samkeppnisstofnun eins og hún hét áður allflest mál fyrirtækja inn á sitt borð. Aðrar stofnanir rannsaka einnig hömlur af ýmsu tagi eftir efnun og aðstæðum og stöku sinnum fara slík mál alla leið fyrir Hæstarétt.

Hvað þýðir misnotkun á markaðsráðandi stöðu?

Slíkt á við þegar krafist er ósanngjarnna viðskiptaskilmála í viðskiptum, settar eru takmarkanir á framleiðslu neytendum til tjóns, öðrum viðskiptaáðilum mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum eða skilyrði eru sett fyrir samningagerð.



PÁLL GUNNAR PÁLSSON, FORSTJÓRI SAMKEPPNISEFTIRLITSINS. Sú stofnun fær til umfjöllunar flest þau mál er lúta að viðskiptahömlum af einhverjum toga.

Þjóðin er klofin í afstöðu sinni

Íraska þingið mun að öllum líkindum afgreiða drög að stjórnarskrá í kvöld. Meiri vafi leikur hins vegar á dómi þjóðarinnar enda ríkir mikill ágreiningur um grundvallaratriði.

Fresturinn sem íraskir stjórnsmála-menn tóku sér á mánudaginn til þess að ná samkomulagi um drög að framtíðarstjórnarskrá landsins rennur út í kvöld. Þetta er í annað sinn sem atkvæðagreiðsla um málið er frestað og endurspeglar sú staðreynd hversu erfið staðan er. Grundvallarágreiningur ríkir um mikilvæg atriði og því heldur ólíklegt að sátt náist um drögin þótt þingið muni að líkindum afgreiða plaggjó.

Vafasöm afgreiðsla

Frestunin á mánudagskvöldið var raunar nokkuð óvænt og að öllum líkindum í trássi við bráðabirgðastjórnarskrá landsins. Þar er skýrt kveðið á um að þingið eigi að afgreiða drög að skránni 15. ágúst og síðan leggja plaggjó undir atkvæði þjóðarinnar. Að öðrum kosti skal þingið leyst upp.

Margir þingmenn, sérstaklega úr röðum súnnía, brugðust því ókvæða við þegar leiðtogar Kúrda og heittrúaðra sjá ákváðu einhliða að taka sér lengri frest til að vinna að málinu.

Til þess að bæta gráu ofan á svart er að koma í ljós að völdin hafa að miklu leyti verið tekin af stjórnarskrárnefndinni – einu stofnuninni þar sem súnniar eiga fulltrúa í samræmi við fjölda sinn í landinu – og þess í stað hafa einstakir stjórnsmálaleiðtogar á borð við Jalal Talabani forseta og Abdul Aziz al-Hakim, einn leiðtoga heittrúaðra sjá, sett saman textann. Þeir ætluðu svo að leggja drögin undir samþykkt þingsins á mánudaginn en þá settu nokkrir framamenn úr röðum Kúrda og þeirra sjá sem vilja hlut íslam í stjórn landsins sem minnstan þeim stólinn fyrir dyrnar. Þeim



UMDEILDRI STJÓRNARSKRÁ ANDÆFT. Fylgismenn eldklerksins Muqtada al-Sadr mótmæltu ákaf í gær í Hawija, nærri Kirkuk.

líst illa á vægi íslam í stjórnarskránni og binda því vonir við að stjórnlagabingið verði leyst upp og nýtt kosið þar sem heittrúaðir sjá hafa minni völd.

Grundvallarágreiningur

Sem stendur eru þrjú atriði sem ágreiningurinn stendur um. Í fyrsta lagi eiga súnniar mjög erfitt með að sætta sig við hugmyndir Kúrda og heittrúaðra sjá um að Írak verði sambandsríki þar sem landinu yrði skipt á milli stóru hópanna þriggja: Kúrda, súnnía og sjá. Þeir voru tilbúnir að fallast á að Kúrdar nytu einhverra sérrettinda en þeim fannst óhugsandi að sjáir fengju sjálfstjórn og um leið yfirráð yfir stærstu olíulindum landsins. Í drögum segir aðeins að Írak eigi að verða „þingbundið lýðræðislegt sambandslýðveldi“ en ekki er farið nánar út í hversu miklum völdum eigi að dreifa til héraðanna.

Staða íslams

Í öðru lagi líst súnníum og sérstaklega Kúrdum illa á vægið sem íslam virðist eiga að fá í stjórn landsins. Reyndar er kveðið á um það í drögum að trúin sé ein af grundvallarstöðum löggjafarinnar – ekki eina grundvallarstöðin – en í næstu grein er skrifað að ekki megi setja nein lög sem brjóti í bága við íslömsk lög. Þótt skýrt sé kveðið á um einstaklingsfrelsi í trúarefnum í uppkastinu er ljóst að heittrúaðir sjáir hafa náð sínu fram í þessum efnun. Þessi niðurstaða þarf samt í sjálfu sér ekki að koma á óvart, nágrannaríkið Íran er klerkaríki og stjórnsmálalíf í flestum öðrum ríkjum Mið-Austurlanda er mjög mótað af íslam.

Í þriðja lagi eru súnniar svo afar óhressir með að „Baath-

flokkur Saddams“ sé sérstaklega bannaður í stjórnarskránni enda voru þeir uppistaðan í flokknum þegar hann var við völd.

Eðlilega velta menn því fyrir sér hvers vegna hinir veraldlega þenkjandi Kúrdar og heittrúaðir sjáir myndi bandalag í stjórnarskrárgerðinni. Skýringin er hins vegar augljóslega pólitísk hrossakaup. Kúrdar samþykkja íslamskar áherslur sjáanna gegn stuðningi um víðtækt sjálfstæði Kúrdistans.

Þjóðaratkvæðagreiðslan

Sjáir og Kúrdar hafa öruggan meirihluta á íraska þinginu og því má búast við að drögin verði afgreidd þaðan í kvöld. Stóra spurningin er hins vegar hvort íraska þjóðin muni leggja blessun sína yfir þau í atkvæðagreiðslunni 15. október. Ef tveir þriðju hlutar íbúa í þremur af átján héruðum landsins segja nei öðlast stjórnarskráin ekki gildi og kjósa verður um nýtt stjórnlagabing. Allar líkur eru taldar á að Anbar- og Salah al-Din-héruðin felli plaggjó en þar eru súnniar þorri íbúanna – og ólíkt janúarkosningunum ætla þeir ekki að láta sig vanta í þessum.

Í öðrum héruðum er mjótt á mununum. Til dæmis safnar nú Muqtada al-Sadr, eldklerkurinn frá Najaf, liði í fátækrahverfum sjá í Bagdad gegn stjórnarskránni og sú liðsöfnun gæti vegið þungt.

Það þarf því ekki mikið til að vinna síðustu sjö mánuða verði fyrir gýg og vargöldin í landinu haldi áfram sem aldrei fyrr.



FRÉTTASKÝRING
SVEINN GUÐMARSSON
sveinn@frettabladid.is



ÖVEÐUR Í ENGLANDI Börn í Brighton flyja öldugang við brýggjuna. Undanfarna daga hefur verið mikið rok og vatnsveður á sunnanverðum Bretlandseyjum. Búist er við að enn bæti í vind.

Anna & Útlitið &
The Academy of Colour and Style

ALÞJÓÐLEGT NÁM Í ÚTLITSRÁÐGJÖF
ÚTLITS- OG FÖRÐUNARSKÓLI

The Academy of Colour and Style er alþjóðlegur skóli sem kennir útlitsráðgjöf. Námið byggir á helstu atriðum útlitshönnunar og er meðal annars tekið fyrir litgreining, fatastíll og textill. Eftir nám fá nemendur alþjóðlegt diplóma í útlitsráðgjöf (fashion consultant).

Starfsmöguleikar eftir nám eru margir og spennandi og geta nýst á ýmsum sviðum og atvinnugreinum.

Hver önn tekur þrjú mánuði og fylgja öll kennslugögn með náminu. Kennsla fer fram í lönnskólanum í Reykjavík einu sinni í viku frá 18-21.



Anna F. Gunnarsdóttir

Stundaskrá	1. Önn	2. Önn	Starfsmöguleikar:
	Litgreining	Fatastíll	Innkaupastjóri
	Förðun út frá litgreiningu	Fatasamsetning	Útlitsráðgjafi
	Litasamsetning	Textill	Stíllisti
			Verslunarstjóri

Kristín, ráðgjafi

Ég hef mikin áhuga á að starfa með fólki, veita ráðgjöf varðandi fatnað, líti og förðun sem hentar hverjum og einum. Mér finnst námið bæði lífandi og skemmtilegt sem einnig hefur opnað margar dyr til frekari náms á þessu sviði.



Birna, verslunareigandi - Stíllistin

Það hefur alltaf verið draumur hjá mér að stofna verslun með fatnað. Námið gaf mér það sjálfráttu sem ég þurfti til að fara út í reksturinn. Einnig nýti ég námið til þess að ráðleggja viðskiptavinum mínum hvaða snið og litir hentar þeim í val á fatnaði.



Ragnheiður, ráðgjafi

Ég hef alltaf haft áhuga á tísku og útliti. Námið opnaði mér nýja sýn á þetta áhugamál mitt. Auk þess er það mér mikils virði í tengslum við starf mitt.



UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533-5101

INNRIÐUN ER HAFIN FYRIR HAUSTÖNN

Tilboðin gilda til sunnudags 28. ágúst
eða á meðan birgðir endast

EKKERT BRUÐL

Skynsemin velur Bónus!

PESTO/VILLBRÁÐAR

699 KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1169kr.

20%
afsláttur
við kassann

Lambasteik

BEINLAUS OG VILLIBRÁÐARKRYDDUÐ

VILLI LAMBASTEIK

959 KR.
20% afsláttur við kassann
Merkt verð 1199kr.

40%
afsláttur
við kassann

PESTO ROSSO KRYDDAÐAR FRAMPARTSSNEIÐAR
VILLIBRÁÐARKRYDDAÐAR FRAMPARTSSNEIÐAR

Lambasneiðar

KJARNAFEDI

129 KR.
100g

Furuhnetur

100 grömm

Súkkyláði **2 LÍTRAR**
159 KR.

Hangiálegg og skinka

1749 KR.
BÓNUS HANGIÁLEGG
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
MERKT VERÐ 2499kr.

30%
afsláttur

599 KR.
BÓNUS SKINKA

HÁLFT MYLLU
HEILHVEITIBRAUÐ

49 KR.
385g



Hálfur lítri

299 KR.
500 ml

15 KR.
85 grömm

Bónus býður betur!

300/350g PITSA

95 KR.

199 KR.
EITT KÍLÓ

BÓNUS MÚSLI
Trefjaríkt morgunkorn

Eitt kíló

49 KR.
500 ml

KF **350g** salötin

98 KR.
350g

ÓBARINN HARÐFISKUR

3999 KR.

12 salernisrúllur

189 KR.
12 RÚLLUR
SALERNISRÚLLUR

NOR. COPY 500 A4 blöð
500 PRENTBLÖÐ
259 KR.
Multipurpose office paper


EKKERT BRUÐL

500 BLÖÐ
Prentpappír

Alvöru harðfiskur
ÓBARIN ÝSA OG ÓBARINN STEINBÍTUR

INNFLUTNINGUR > INNFLUTNINGUR TIL LANDSINS 2005

TÖLUR Í MILLIÓNUM KRÓNNA HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS



neytendur

hagur heimilanna



» Heitir reitir

Landsmenn geta nú tengst netinu með fartölvum sínum á yfir áttatíu stöðum víðs vegar á landinu. Þetta kemur fram á heimasíðum Símans og Og Vodafone. Svokallaðir heitir reitir gefa öllum með réttan búnað möguleika á góðri ókeypis tengingu meðan viðkomandi staðir eru opnir.

» Landsbyggðin

Ábær Sauðárkróki
Bláa lónið
Cafe Karólína Akureyri
Gistiheimilið Súlar Akureyri
Hótel Keflavík
Kaffi Akureyri
Kaffitár Njarðvík
Akureyrarflugvöllur
Brim Akureyri
Cactus Grindavík
Flughótel Keflavík
Kaffi Amor Akureyri
Kaffi Krús Selfossi
Kristjánshótel Akureyri

Thorvaldsen
Te og kaffi
Ólstofa Kormáks og Skjaldar
Ömmukaffi
Snóker sportbar
BK kjúklingur
Bolholt gistiheimili
Borgarbókasafnið
Borgarleikhúsið
Bókasafn Mosfellsbæjar
Cafe Konditori
Domus Apartments
Laugardalshöll
Golfklúbburinn Kjölur
Grensákaffi
Players
Ruby Tuesday
Skeljungur Suðurlandsbraut
Súfistinn
Sportbarinn Áttan
Sporthúsið
Apótek Austurstræti
Bakameistarinn
Umferðarmiðstöðin
Cafe Amokka
Dillon
El Raco
Esso Ártúnshöfða
Grand Rokk
Hótel Nordica
Kofi Tómasar frændi
Laugar
Perlan
Hótel Apartments
Red Chill
Reykjavíkflugvöllur
Smáralind
Stúdentakjallarinn

» Höfuðborgarsvæðið

Cafe Cultura
Bar 11
Cafe Borg
Cafe Victor
Gistihúsið Luna
Hítt Húsið
Kaffi 22
Kaffi Hljómaland
Kaffi Reykjavík
Kaffi Roma
Kaffi Sólon
Kaffitár
Kaffibrennslan
Kaffi Fíaskó
Litli ljóti andarunginn
Póstbarinn
Prikíð
Reykjavík Bagel Co
Segafredo Espresso
Sírkus

EIGENDUR TJALDVAGNA OG FELLIHÝSA:

Geymslupláss af skornum skammti

Það hefur vart farið framhjá nokkrum manni að eigendum fellihýsa, tjaldvagna og húsbíla hefur fjölgað til mikilla muna undanfarin ár og hefur sala slíkra vagna aldrei verið meiri en í ár.

Málið vandast hins vegar þegar kemur að því að vernda þessa fjárfestingu yfir vetrartímann en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins býður enginn aðili á höfuðborgarsvæðinu lengur geymslu á vögnum þessum. Þurfa þeir eigendur sem vilja geyma vagna sína inni að leita út fyrir höfuðborgina til að finna slíkar geymslur. Vaka ehf. og Geymslupjónusta Eimskips hafa boðið slíka þjónustu undanfarin ár en svo verður ekki þennan veturinn. Hjá Vöku fengust þau svör að þrátt fyrir mikla eftirspurn hefði fólk ekki viljað greiða uppsett verð. Geymslupláss væru dýr á höfuðborgarsvæðinu og mánaðarleiga fyrir tjaldvagn færi aldrei undir tíu til fimmtán þúsund krónur. Það verð hefðu viðskiptavinir ekki viljað greiða. Allnokkrir aðilar á Reykjanesi og í nærsvæitum Reykjavíkur bjóða geymslupláss yfir vetrartímann og er vænlegast að



AÐ MÖRGU AÐ HYGGA Eigendum fellihýsa og tjaldvagna hrýs mörgum hugur við að geyma þessa dýru vagna úti við allan veturinn en ekki er hlauðið að því að fá inni gegn sanngjörnu verði.

fylgjast með smáauglýsingum dagblaðanna til að fá frekari upplýsingar. - aþe

Hreyfing og hollusta í hámarki á haustin

Margir kostir eru í boði fyrir þá sem hugsa sér til hreyfings í haust. Umtalsverður munur getur verið á aðstöðu líkamsræktarstöðvanna.

NEYTENDUR Mikið annríki er nú á flestum líkamsræktarstöðvum enda sumri tekið að halla verulega. Sjaldan eða aldrei hefur meira verið í boði af nýjum námskeiðum og stöðvarnar keppast um að bjóða bestu kjörin.

Engar tölur eru til um áætlaðan fjölda þeirra sem stunda líkamsrækt með reglulegum hætti á veturna en ljóst er að þeir skipta þúsundum ef ekki tugum þúsunda. Fullyrða má að flestir eigi að geta fundið eitthvað við hæfi enda úrvalið fjölbreytt. Stærstu stöðvarnar bjóða aðgengi að nuddstofum og/eða sundlaugum sem nota má að vild. Bæði World Class og Iceland Spa og Fitness bjóða sínum viðskiptavinum að skipta á milli stöðva eftir þörfum en kort í þau fyrirtæki gilda á öllum stöðvum. Er það þægilegt fyrir þá sem eru mikið á ferðinni.

Minni stöðvarnar státa af því að bjóða persónulegri þjónustu enda venjulega færri í tímum. Slíkt getur hentað byrjendum vel enda oft stærsta skrefið að byrja. Verðlagning er einnig misjöfn eins og sjá má á meðfylgjandi



TEYGJA, FETTA OG BRETJA Tugþúsundir Íslendinga finna sig knúna til að stunda líkamsrækt á haustin. Margt er í boði fyrir áhugasama og líkamsræktarstöðvarnar keppa um hvern viðskiptavin.

töflum. Úttektin er ekki tæmandi en listinn gefur hugmynd um hver kostnaðurinn er við að stunda líkamsrækt þennan veturinn. Þó er allur slíkur samanburður erfiður enda aðstaða ólík og þjónustustig misjafnt. Sumir staðir bjóða reglulega upp á námskeið af einhverju tagi meðan annars staðar

er eingöngu um tækjasal að ræða og viðskiptavinir sjá að mestu um sig sjálfir. Þó er venjan sú að leiðbeinandi fylgi nýjum viðskiptavinum í fyrsta tímanum og gangi úr skugga um að tæki og tól séu rétt notuð.

albert@frettabladid.is

Hreyfing	Almennt 3 mán. kort	Stakur tími	Bónuskúbbur 6 mán. kort	Bónuskúbbur 12 mán. kort	Barnagæsla á klukkustund	Vefsíða
Hreyfing Faxafeni	20.930 kr.	1.170 kr.	35.940 kr.	59.400 kr.	170 kr.	www.hreyfing.is
World class	19.300 kr.	1.200 kr.	80.300 kr.	50.400 kr.	200 kr.	www.worldclass.is
Gym80 Suðurlandsbraut	15.900 kr.	frír	Skólakort 10 mán. 24.000 kr.	Árskort 38.000 kr.	Barnagæsla Nei	Vefsíða gym.kraft.is
Sporthúsið	17.900 kr.	1.050 kr.	Árskort 35.880 kr.	Vikukort 2.500 kr.	Barnagæsla 150 kr.	Vefsíða www.isf.is
Bjarg Akureyri	18.500 kr.	850 kr.	Almennt 6 mán. kort 31.000 kr.	Almennt 12 mán. kort 42.900 kr.	Barnagæsla á klukkustund 150 kr.	Vefsíða www.bjarg.is
Orkuverið Egilshöll	15.900 kr.	900 kr.	Almennt 6 mán. kort 26.900 kr.	Árskort 39.900 kr.	Barnagæsla á klukkustund 200 kr.	Vefsíða www.orkuverid.is
Nautilus Nautilus	29.900 kr.	Stakur tími frír	Almennt 6 mán. kort 19.900 kr.	Skólakort 25.990	Barnagæsla Nei	Vefsíða www.nautilus.is
Vaxtaræktin Akureyri	12.900 kr.	Stakur tími 700 kr.	Almennt 6 mán. kort 21.900 kr.	Skólakort 29.900 kr.	Barnagæsla 150	Vefsíða www.vaxak.is
HRESS Hress Dalshrauni	17.990 kr.	Stakur tími 950 kr.	Almennt 6 mán. kort 25.990 kr.	Almennt 12 mán. kort 41.990 kr.	Barnagæsla Frítt	Vefsíða www.hress.is

* Listinn er ekki tæmandi. Kostnaður miðast við einstakling en hafa ber í huga að margvísleg kjör bjóðast á hverjum stað fyrir sig. Ekki er mat lagt á þjónustustig eða mismunandi aðstæður.

Stökktu til Costa del Sol

31. ágúst frá kr. 29.990

Síðustu sætin

29.990 í viku / 39.990 í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð. Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 31. ágúst í 1 eða 2 vikur.

39.990 í viku / 49.990 í 2 vikur

39.990 / 49.990 í 2 vikur Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó/íbúð. Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 31. ágúst í 1 eða 2 vikur.

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Costa del Sol. Njóttu lífsins á þessum vinsælasta áfangastað Íslendinga í sólinni. Þú bókar og tryggir þér síðustu sætin og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú býrð.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 481 1099 • www.heimsferdir.is


ÞÚ SÉRÐ MUNINN



MSI M645 FERÐATÖLVA MEÐ COLORBRITE SKJÁ

INTEL DOTHAN 2MB

Allra nýjasti örgjörvinn frá Intel er með 533MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flýtminni



15,4" COLORBRITE

15,4" Widescreen skjár með nýrri ColorBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu



8xDVD± SKRIFARI

Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska



GEFORCE GO6600

GeForce skjákort eru með CineFX 3.0 sem skilar ótrúlegri grafik í leiki og enn meiri hraða með PCI-Express



TENGINGAR

MSI ferðatölvan kemur með 4xUSB2.0, Firewire, PCMCIA, kortalesara o.fl



ALLT AÐ 5 TÍMA

MSI ferðatölvan er aðeins 2.85kg og með Centrino tækni endist rafhláðan í allt að 5 tíma



Örgjörv 1.73GHz Pentium M Dothan740
Intel 915PM Express 533FSB-2MB cache
Minni 1GB 333MHz DDR
Einfalt að stækka minni
Harðdiskur 80 GB 5400RPM diskur
5400RPM hraður og hljóðlátur
Skrifari 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár 15,4" WXGA ColorBrite skjár
Breiðljáskjár með ColorBrite
Skjákort 128MB GeForce Go6600
Sjálst.minni, PCI-Express 16x, TV-út
Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátálurum
Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Netkort 10/100 base netkort
Einnig innbyggð 56k móttald
Þráðlaust 54Mbps þráðlaust netkort
Innbyggð 802.11g með loftmeti í skjá
Stýrikerfi Windows XP Home - SP2
4 íslensku eða ensku
Annað 4 in 1 minnis-kortalesari
Innbyggður kortalesari fyrir flest kort

VERÐ 149.900

Á tilboði meðan birgðir endast

TÖLVULISTINN

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Brotthvarf RÚV af auglýsingamarkaði gæti verið forsmekkurinn af rækilegri endurskoðun á hlutverki stofnunarinnar.

Rás 1 í sjónvarpið

Þegar Páll Magnússon var ráðinn útvarpsstjóri á dögunum sagðist hann sjá fyrir sér að ríkisfjölmiðlarnir hyrfu af auglýsingamarkaði. Þetta er eðlilegt viðhorf hjá manni sem hefur mestallan sinn starfsaldur unnið við einkarekna fjölmiðla og þekkir þá skökku samkeppnisstöðu sem er ríkjandi á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Að sama skapi þarf ekki að koma á óvart að fráfaraði útvarpsstjóra, Markúsi Erni Antonssyni, finnist hugmyndir eftirmanns síns ómögulegar og hann haldi því fram að ekki komi til greina að taka RÚV af auglýsingamarkaði, en því sjónarmiði gerði Markús góð skil í sérstöku viðhafnarviðtali í Kastljósi Ríkissjónvarpsins síðastliðinn sunnudag. Markús Örn hefur verið opinber starfsmaður nánast allan sinn starfsaldur og er að fara í annað starf hjá ríkinu. Hann hefur sem sagt verið hluti af kerfinu um árabíl, er samvaxinn því og sér ekki möguleikana sem geta falist í því að stokka hlutina upp á nýtt. Enda eru gamlir valdhafar ekki líklegir til að standa fyrir aðgerðum sem leggja valdakerfi þeirra niður.

Byltingarmenn koma yfirleitt að utan með nýstárlegar hugmyndir í farangrinum og skora ríkjandi ástand á hölm. Koma Páls í stól útvarpsstjóra er því tilefni til nokkurrar eftirvæntingar.

Markúsi Erni er sem sagt hægt að sýna ákveðinn skilning og þolinmæði. Það sama verður hins vegar ekki sagt um félagsskap sem kallar sig Samtök auglýsenda og sendi á dögnum frá sér yfirlýsingu þar sem varað er við því að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði. Rétt er að taka fram að þrátt fyrir nafnið eru samtökin ekki málsvarar allra auglýsenda á Íslandi. Í yfirlýsingu samtakanna eru tekin upp athugasemdaust nánast öll rök sem starfsmenn RÚV hafa áður fært fyrir því að ríkisfjölmiðlarnir haldi áfram að senda út auglýsingar, þar á meðal að annars þurfi að hækka afnotagjöld, aðgengi fólks að auglýsingum muni versna og auglýsingaverð muni hækka, sem aftur leiði til herra verðs á vöru og þjónustu.

Þetta er málflutningur þeirra sem vilja kyrrstöðu og þola ekki breytingar. Íslendingar búa nú til dæmis við tvær sjónvarpsstöðvar kostaðar af auglýsendum, Skjá einn og Sirkus, sem senda út efni í opinni dagskrá og má færa gild rök fyrir því að vera Ríkissjónvarpsins á auglýsingamarkaði komi í veg fyrir að þær vaxi og dafni. Ríkissjónvarpið er sem sagt samkeppnishamlandi og stuðlar að fábreytni í íslensku sjónvarpi. Sama má segja um Rás 2, sem í grunninn er ekkert öðruvísi en aðrar tónlistarútvarpsstöðvar.

Hægt er að sjá fyrir sér að brotthvarf RÚV af auglýsingamarkaði væri forsmekkurinn af rækilegri endurskoðun á hlutverki stofnunarinnar. Einn möguleikinn er að leggja niður Rás 2 og bylta dagskrárstefnu Sjónvarpsins þannig að efnið sem væri þar í boði myndi skera sig frá öðrum sjónvarpsstöðvum í sama dúr og Rás 1 er gjörólík öðrum útvarpsstöðvum. Þar væru sannkölluð sóknarfæri fyrir innlenda dagskrárgerð, leikið efni, fréttaskýringabætti og allt það ógrynni af vönduðu sjónvarpsefni sem er framleitt í heiminum. Ríkissjónvarpið þyrfti þá ekki að standa í verðstríði við einkareknu afþreyingarstöðvarnar.

Vnr. 85744610
Brauðrist
BOSCH brauðrist, 950W.

25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM BOSCH VÖRUM!

BOSCH *viska*
BYKO
BYGGIR MEÐ ÞÉR

FRÁ DEGI TIL DAGS

Heimsókn og fyrirlestur

Václav Klaus, forseti Tékklands, var í opinberri heimsókn hér á landi í vikunni í boði Ólafs Ragnars Grímssonar forseta. Eins og gengur í heimsóknum af þessu tagi hitti forsetinn einnig ýmsa aðra fyrir- menn, heimsótti Þingvelli, Nesjavalla- virkjun og fleira. Var Ólafur Ragnar í för með gesti sínum á þessum ferðalögum.

Einn var þó sá viðburður á dagskrá Tékklandsforseta sem starfsbróðir hans á Íslandi hefur áreiðanlega leitt hjá sér. Klaus, sem er eindreginn hægrisinni í stjórnmálum, gaf sér nefnilega tíma til þess að mæta á ráð-



stefnu Mont Pelerin- samtakanna sem haldin var á Nordica-hótelinu í Reykjavík og flytja þar erindi, en ráðstefnu þessa sækja margir kunnustu hugmyndafræðingar frjálsbyggju og markaðshyggju víða að úr heiminum. Maðurinn sem skipulagði samkomuna heitir Hannes Hólmsteinn Gissurarson. Ekki beint félagsskapur fyrir Ólaf Ragnar. Eða hvað?

Þægileg tilviljun

Það var svo þægileg hending, þótt ekki sé nema með tilliti til ferðakostnaðar, að þetta gat farið saman hjá Klaus forseta, að koma í opinbera heimsókn til Íslands og flytja fyrirlestur á ráðstefnu Mont Pelerin. Hvort tveggja er vafalaust skipu-



lagt með góðum fyrirvara. Gaman væri að vita hvort atriðið, fyrirlesturinn hjá Hannesi Hólmsteini eða heimsóknin til Ólafs Ragnars, kom fyrr á dagskrá forsetans.

Uppörvandi

Sumum finnst blöðin allt of upptekin af því að flytja neikvæðar fréttir og niðurdrepani. Það var því uppörvandi að sjá stóra fyrirögn í Morgunblaðinu á þriðjudaginn með uppörvandi titindum: „Kirkjugarðarnir eru fyrir alla“. Bláðið á hrós skilið fyrir þessa jákvæðu frétt sem höfð er eftir forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkur. Ýmsir hafa áreiðanlega haft áhyggjur af þessu atriði en nú ættu þær að vera að baki.

gm@frettabladid.is

Við sama borð

Eftir lok heimsstyrjaldarinnar síðari 1945 tóku Bandaríkin forustu fyrir hinum frjálsa heimi. Þessari sjálfsgöðu hlutverkaskipan olli einkum tvennt: annars vegar lykilhutverk Bandaríkjanna í sigri bandamanna á þýzkum nasistum og ítölskum og japönskum meðreiðarmönnum þeirra og hins vegar efnahagsyfirburðir Bandaríkjanna umfram önnur iðnríki eftir stríð. Evrópa var í sárnum. Árin eftir stríð nam landsframleiðsla Bandaríkjanna nærri helmingi heimsframleiðslunnar. Bandaríkin voru þannig séð hálfur heimurinn. Bandaríkin nutu virðingar víða um heim og vöktu addáun, en addáunin var þó ekki óskipt. Það stafaði meðal annars af því, að Bandaríkin höfðu forustu um andstöðuna gegn ögnarstjórn Stalíns í Sovétríkjunum og gegn öðrum einræðisstjórnnum kommúnista og studdu ýmsar aðrar gerræðisstjórnir, sem höfðu sumar það eitt sér til málsbóta, að þær voru andsnúnar kommúnistum. Innflytjendur héldu áfram að flykkjast til Bandaríkjanna alls staðar að úr heiminum, og Bandaríkjamenntóku þeim opnum örmum. Bandaríkin voru bræðslupottur, þar sem fólk af ýmsu þjóðerni bjó saman í bróðerni. Bandaríkin voru land tækifæra, eins og landsfedurnir höfðu lagt upp með 1776: landið, þar sem til að mynda utanríkisráðherrann talaði ensku með þykku erlendum hreim. Bandarískir háskólar löðuðu til sín kennara og nemendur víðs vegar að. Bandarísk menning blómstraði: þetta var þjóðin, sem hafði efið heiminum djassinn auk allra bíómyndanna, myndlistar, skáldskapar, tónlistar, vísinda og fræða í fremstu röð. Evrópuríkin stóðu í skugga Bandaríkjanna þessi ár, enda var hvert og eitt þeirra smávaxið miðað við risaveldið vestan hafs. Evrópa var öðrum þræði innhverf og lokuð. Bandaríkin voru úthverf og opin upp á gátt.

Þessi heimsmynd eftirstríðs-

áranna hefur breytzt. Það stafar öðrum þræði af því, að Evrópulöndin hafa tekið höndum saman á vettvangi Evrópusambandsins (ESB)

Í DAG EVROPA OG AMERIKA

ÞORVALDUR GYLFASON

Yfirburðir Bandaríkjanna eru liðin tíð. Sameinuð Evrópa er jafnoki Bandaríkjanna, þegar á allt er litið, og þarf að deila forustunni fyrir hinum frjálsa heimi með Bandaríkjunum og búa sig undir að bjóða Indlandi og Kína til sætis við sama borð. Til þess þarf lýðræði í Kína.

og tekið Bandaríkin að sumu leyti sér til fyrirmyndar. Evrópa á okkar dögum er bræðslupottur líkt og Bandaríkin. Evrópa er á fleygiferð í ýmsar áttir: lífskjörin þar hafa batnað til muna, evrópsk fyrirtæki af öllu tagi breiða úr sér, borgir álfunnar blómstra sem aldrei fyrr og einnig sveitirnar og menningin með. Þýzka bílafyrirtæki Daimler-Benz keypti Chrysler fyrir nokkrum árum, og evrópska flugvélaverksmiðjan Airbus selur flugfélögum heimsins fleiri þotur en Boeing, og þannig mætti lengi telja. Þetta er samt ekki höfuðmarkmið ESB, öðru nær, því að Evrópusambandið er í fyrsta lagi friðarsamband. Æ nánari samvinna Evrópuþjóðanna að efnahagsmálum og öðrum sameiginlegum málum stefnir í

fyrsta lagi að því að tryggja frið í álfunni til frambúðar. Það virðist til þessa hafa tekizt svo vel, að fæstum þykir ástæða til að efast eða óttast um framhaldið. Við þetta hefur Evrópa eflzt svo og dafnað, að ESB er nú orðið fjölmennara og fjársterkara en Bandaríkin.

Skoðum tölurnar. Mannfjöldi ESB-ríkanna 25 er nú röskegla 450 milljónir á móti tæplega 300 milljónum í Bandaríkjunum. Landsframleiðsla á hefðbundinn mælikvarða er nú meiri í ESB-ríkjunum í heild en í Bandaríkjunum. Munurinn er meiri í reynd en opinberar tölur vitna um, af því að ýmisleg soun (t.d. olíubrennsla og ýmis vafasöm útgjöld til varnarmála), sem hífir upp landsframleiðsluna og ætti þó að réttu lagi ekki að gera það, er meiri í Bandaríkjunum en í Evrópu. Nokkur ESB-lönd skila meiri framleiðslu á hverja vinnustund en Bandaríkin og búa við betri lífskjör á þann kvarða, eins og ég lýsti á þessum stað fyrir viku. Ýmislegt annað bendir í sömu átt. Meðalunglingur í ESB situr ári lengur á skólabeck en jafnaldrar hans í Bandaríkjunum. ESB-löndin hafa á að skipa um 320 læknum á hverja 100.000 íbúa á móti 280 læknum í Bandaríkjunum. Íbúar ESB-ríkjanna lifa að jafnaði fimmtán mánuðum lengur en Bandaríkjamenn. Fimmta hvert barn í Bandaríkjunum býr við fátækt skv. skilgreiningu ESB; Mexíkó er eina landið innan OECD, þar sem hlutfallslega fleiri börn líða skort. Tvær milljónir Bandaríkjamanna sitja í fangelsi, og það er átta sinnum herra hlutfall mannfjöldans en í ESB. Yfirburðir Bandaríkjanna eru liðin tíð. Sameinuð Evrópa er jafnoki Bandaríkjanna, þegar á allt er litið, og þarf að deila forustunni fyrir hinum frjálsa heimi með Bandaríkjunum og búa sig undir að bjóða Indlandi og Kína til sætis við sama borð. Til þess þarf lýðræði í Kína. ■

90,9

ALLT & SUMT
Með Hallgrími Thorsteinssyni, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.
Á Talstöðinni alla virka daga kl. 15.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon Ríkissjónvarpsfulltrúi: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skattahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafærnu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HR-V

HONDA

The Power of Dreams

Sportlegt sumartilboð



* Blásamningur - Lýsingar - 30% innborgun og eflurstöðvar á 84 mánuðum

→ Ódýrasti borgarjeppinn enn ódýrari HR-V, Sport með sóllúgu, á sérstöku sumartilboði aðeins

2.149.000 kr.

22.441 kr. á mánuði*



Fjörbíllinn fyrir vegi til allra átta

Hleyptu nýju lífi í sumargleðina. Stígðu upp í Honda HR-V, láttu nett ytra rýmið og fjörlega hönnunina koma þér í gott ferðaskap og uppgötvaðu alla möguleikana sem bíða þín. Hann er fjörbíllinn með léttu, frísku og sparneytta vél og innanrymi sem má aðlaga fyrir allar lífsins ferðir. Hvort sem leiðin liggur út úr bænum eða um hálar götur tryggir fjórhjóladrifið örugga rásfestu og allir þekkja að Honda vörumerkið tryggir Honda gæðin. Nú er enn ódýrara að gera lífið svolítið sportlegra – nýttu tækifærið.

honda.is



BERNHARD ehf. Vatnagarður 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is



Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 5.49	13.30	21.08
AKUREYRI 5.26	13.14	21.01

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er fimmtudagur 25. ágúst, 237. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Fáðu þér epli.
Ég á eplið
með tannaförum!



© BULL 470A

SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

**SMÁAUGLÝSINGA-
SÍMINN ER 550 5000**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á visir.is**

[visir](http://visir.is)

allt

tíska o.fl.

BARNSHAFANDI KONUR

Mikið úrval af fallegum fötum í takti við tiskuna **BLS. 2**



heimili o.fl.

NÝIR LITIR

Gamla góða Arabia-stellið fæst í nýjum litum **BLS. 4**



FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚDKAUP FJÁRMÁL TILBOÐ O.FL.



„Málverkið er mjög kvenlegt, fullt af stjörnum og punktum og rósum.“

Málverk og magadans

Agnes Kristjónsdóttir hélt upp á fertugsafmælið sitt með eftirminnilegum hætti og fékk afar óvænta afmælisgjöf.

Agnes Kristjónsdóttir, leikkona, söngkona og dansari var í nokkrum erfiðleikum með að velja eftirlætisgripinn sinn en ákvað að velja nýjasta uppáhaldið. „Ég ætla að velja málverkið eftir Halldóru Emilsdóttur sem ég fékk í óvænta afmælisgjöf frá vinum mínum. Ég bý í gamalli verksmiðju með stórum veggjum, var að ferma í vor og Dóra lánaði mér stórar myndir til þess að hafa á þessum stóru veggjum. Mánuði seinna varð ég fertug og nokkrum dögum fyrir afmæli hringir Dóra og vill fá myndirnar. Ég var svona dálítið spæld út í hana að geta ekki leyft mér að hafa þær fram yfir afmælið sem var haldið í hádeginu á laugardegi. Í miðju afmæli er svo allt í einu slegið í glas og þá kemur í ljós að vinahópurinn og fjölskyldan voru búnir að slá saman í þessa mynd sem mér fannst flottust af þeim öllum.“ Og það var fleira sem kom á

óvart í afmælinu. „Ég bað Kramhúsið að redda mér einu magadansatriði í afmælið og hefði verið hæstánægð með það. Svo birtast bara þrjár dansmeyjar og létu alla gestina dansa magadans sem var ofsalega skemmtilegt.“

Agnes á ekki erfitt með að útskýra hvað heillar hana við málverkið. „Verkið er kringlótt, risastórt, túrkisblátt og bleikt og úr plexigleri. Á því eru stjörnur, punktar og rósir, mjög kvenlegt verk.“

Agnes er ekki mikið heima hjá sér þessa dagana því hún syngur með Kammerkór Bústaðakirkju í jarðarförum og er staðgengill fyrir Birnu Hafstein í Kabarett í 4-5 sýningar í mánuði. Svo kennir hún leikfimi og dans hjá dansrækt JSB og skrifar heima fyrir Séo og heyrir. En þegar hún kemur heim blasir þetta fallega málverk við henni.

LIGGUR Í LOFTINU

[TÍSKA - HEIMILI]

Tommy Hilfiger Samuel Jackson, Rob Lowe og Andy Garcia munu keppa á móti Sir Steve Redgrave, Damian Lewis og Jodie Kidd í hinu fyrsta All star cup-golfmóti þar sem frægt fólk frá Bandaríkjunum og Evrópu mætir hvert öðru í keppni. Mótið verður um helgina og munu allir keppendur klæðast fatnaði frá Tommy Hilfiger en hann hefur gefið frá sér sértaka tiskulínu í golffatnaði. Utan vallar munu þau klæðast hversdagslegum Tommy Hilfiger-fatnaði úr karla og kvennalínu hans.



Græn hönnun Kröfur um umhverfisvænar vörur hafa aukist til muna og nú hafa TVS Interiors í Atlanta, sem eru þekktir hönnuðir í Bandaríkjunum, tekið á þessum kröfum af fullum krafti. Allt sem fyrirtækið hannað uppfyllir skilyrði um umhverfisvænar vörur og er meira að segja rekin rannsóknarstofa innan vébanda fyrirtækisins. Nýtt starfsfólk þarf að fara í gegnum sérstaka þjálfun en það er mikilvægt að allt ferlið sé umhverfisvænt. Fyrirtækið telur það siðferðislega skyldu sína að hugsa um umhverfið í framtíðinni er því líklegt að hægt verði að verða sér út um kaffibolla og kertastjaka sem eru umhverfisvænar.

heimili@frettabladid.is



Vaxborið leður

Leðursófi 2ja sæta **kr. 124.900** stgr. 3ja sæta **kr. 139.600** stgr.

Leðursófi 3ja sæta **kr. 105.900** stgr. • 2ja sæta **kr. 95.200** stgr. • stóll **kr. 74.900** stgr.



Bycast leður

LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

Fjólublátt

Fjólublá föt eru nú áberandi í tískuvöruslunum og stjórnnar í Hollywood keppast við að skarta þessum fallega lit. Fjárfestu í einni fjólublárrí flik fyrir haustið. Það er alveg ómissandi.



Pilgrim
NÝ SENDING
SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

Vissir þú að Trind naglastyrkirinn er margverðlaunuoð gæðavara sem er til í lit og glært eins og naglalakk?

Nýtt #1
Nail repair Pink Pearl

Nýtt #2
Nail Brightener gerir neglurnar fallegri og skarpari allt að því eins og French manicure.

TRIND
ALLTAF NO. 1
Útsölu staðir: apótek og snyrtivöruslanir.

Augnháralitur og augnabrúnalit
TANA Cosmetic

Augnháralitur og augnabrúnalitir sem fagaðilar nota. Auðveldur í notkun. Allt sem þarf í einum kassa, þægilegra getur það ekki verið.
Útsölu staðir: apótek og snyrtivöruslanir

Linsutilboð aðeins **3.500,-**

- 3-ja mánn. skammtur
- linsuvökvi
- linsubox

Laugavegi 62 sími 511 6699 Garðatorgi sími 511 6696 www.sjon.is sjon@sjon.is

Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!

VERD-LÆKKUN

BLENDERTONE MAX 17.900,-
BLENDERTONE FLEX 12.900,-

HREYSTI

Brúðarkjolar
50% afsláttur

LEX boutique

Bankastræti 11 551-3930

HÁRSNYRTIVÖRUR FAGMANNINS

osmo essence

FÁST Í LYF OG HEILSU OG LYFJAVAL Dreifing: **ESSE**

Bleikur bolur kr. 3.990. Gallapils kr. 6.990.

Bolur kr. 3.990. Hettubolur kr. 4.990. Buxur kr. 4.990.

Peysa kr. 1.990. Bolur kr. 1.290. Trefill kr. 990. Pils kr. 1.890. Sokkabuxur kr. 1.190.

Húfa kr. 990. Trefill kr. 990. Bolur kr. 1.290. Peysa kr. 2.190. Buxur kr. 2.190. Sokkabuxur kr. 1.190.

Svartur blúndu-toppur kr. 2.990. Blámunstrað pils kr. 11.990.

Grænn blúndu-bolur kr. 2.990. Grænn vafningsbolur kr. 4.990.

Föt á kúlukonur

Úrval af fötum fyrir barnshafandi konur hefur aukist mikið síðustu ár.

Það hefur vart farið fram hjá neinum sem hefur stikað miðbæ Reykjavíkur í sumar að það er hálfgerð óléttuæði í gangi hér á landi um þessar mundir, að minnsta kosti hér í höfuðborginni. Konur á öllum aldri ganga hnarreistar um strætin, með kúluna út í loftið og bíða spenntar eftir að nýja barnið komi í heiminn.

Á meðgöngutímanum getur stundum verið erfitt að finna sér föt við hæfi en upp á síðkastið hefur vöruúrvalið fyrir þungaðar konur aukist verulega.

Í verslunina Tvö Líf var fyrsta haustsendingin að berast og sem fyrr standast óléttufötin ströngustu kröfur þungaðra kvenna, bæði hvað varðar útlit og þægindi. Fatnaðurinn er klæðilegur

og smart, haustlitirnir eru líflegir og óhætt að segja að græni liturinn beri höfuð og herðar yfir aðra annars mjög fallega liti í vetrarlínunni.

Þægilegir bolir í öllum litum eru fánlegir í mismunandi útfærslum, klassískar svartar óléttubuxur eru alltaf til og núna er töluvert úrval af góðum flauelsbuxum sem að sjálfsgöðu eru sérsníðnar fyrir fallegar kúlukonur.

Þó að óléttufötin séu falleg og litrík þá verður að viðurkennast að barnafötin í Tvö Líf eru algjörlega ómótstæðileg. Þar er græni liturinn líka ríkjandi í vetur, bæði á stráka og stelpur en þessi föt eru afskaplega falleg og mjúk og ekki spillir að verðið er afar sanngarnt.

Tilboð

Pippi gallabuxur str. 62-90 kr. **1.690,-**

Cosmo gallabuxur str. 92-140 kr. **2.290,-**

DOREMÍ

Glerártorgi • Sími 461 4906

Nýjar vörur

gallabuxur gallapils boleropeysur

Thymematernity
Verðun fyrir barnshafandi konur
Hönnuð 17. s. 579-5553
Sættim í póskrófu sem allt landi.
Opnir mánudaga til föstudaga frá kl. 11-18
Laugantaga frá kl. 11-16



Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Það er leikur að læra...

Í eina tíð voru íslensk börn talin heppin þar sem að þau voru þrjá mánuði í fríi á sumrin. Nú er öldin önnur og til að svara kröfum hins breytta þjóðfélags (ekki þörfum barnanna) eru íslensk börn nú lengur í skóla en frönsk svo dæmi sé tekið. Hér byrjar skólinn ekki fyrr en 1. september. En það er nú þegar nóg að gera í þeim verslunum sem selja skólaföt og verslunargluggar sýna vel að haustið er í aðsigi. Nú á tímum getur ekkert barn farið í skólann án þess að fá buxur, vesti, brók og skó. Ég minnst þess ekki að hafa fengið ný skólaföt á hverju hausti heldur fékk ég föt þegar þurfti. Fyrir jól, afmæli eða fyrir sveitiferðina á sumrin, ekki endilega fyrir skólabyrjun. En tímarnir breytast og mennirnir með í þessu neysluþjóðfélagi. Í París láta foreldrar sér duga að koma við hjá Du pareil au meme, H&M, Zöru og fleiri búðum þeim líkum. Enda ágætisföt á finu verði í þessum verslunum, í falgum litum og með ágætu sniði. Alltaf er hægt að finna efripart og neðripart sem passa saman og svo auðvitað fylgihluti, spennur, lykklakippur og bleik veski. Reyndar er svo einkennilegt að tískubúðirnar bjóða frekar veski en pennaveski sem fylgihluti með fatnaði í upphafi skólaársins. Það á jafnt við um barnaföt sem föt fyrir fulloröna. Á þremur vikum getur fatnaður sem fæst í finum búðum verið kominn í hillurnar hjá Zöru og H&M, eftirlíkingar á lágu verði. Í París eru íbúar hverfanna misjafnlega ríkir og hverfin eru misjafnlega blönduð. Í sumum þeirra tala nemendurnir 15 til 20 móðurmál og horfa sumir með eftirsjá til þess tíma sem skólabúningar tíðkuðust því þá voru allir eins til fara og ekki hægt að sjá mismundandi efnahag fjölskyldnanna á klæðnaði skólabarnanna. Þeim var þar með hlífð við að þola skómm eða stríðni.

Það eru ekki allir sem búa í fjölbjóðlegum „menningarsuðupottum“ og fyrir þá eru barnafatabúðir af allt öðrum toga. Til dæmis má finna á dýrustu götu Parísar Avenue Montaigne verslunina Baby Dior ekki langt frá aðalstöðvum tískuhúss Dior. Þar geta foreldrar klætt börn sín upp í föt frá sama tískuhúsi og þeir kjósa að versla við, jafnvel nákvæmar eftirlíkingar af því sem í boði er fyrir fulloröna. Til dæmis má nefna hið fræga strigaefni með Dior yfirskriftinni sem finna má í töskum, fötum, húfum og skóm. Þeir sem heldur vilja Prada-strigaskó geta fundið vinsælastu gerðina í barnastærðum á Avenue Montaigne. En fyrir alklæðnað á börnin á þessari götu er vissara að gera ráð fyrir nokkur hundruð þúsund krónum í kostnað.

bergthor.bjarnason@wanadoo.fr



Paris er glæsileg með nýja, stutta hárið.

Stutt í anda sjöunda áratugarins

Hóteleringinn Paris Hilton sýndi sig með nýja klippingu um helgina.

Paris Hilton vakti svo sannarlega athygli á verðlaunahátíðinni Teen Choice Awards um síðustu helgi. Þar afhjúpaði tiskudrottningin nýja hárgreiðslu sem féll svo sannarlega í kramið hjá ljósmyndurum og áhorfendum. Paris er búin að stytta hár sitt ansi mikið og komin með klippingu í anda sjöunda áratugarins sem er svo sannarlega í takti við tiskuna. Paris hefur verið með sitt hár lengi og því tími til kominn fyrir stúlkuna að breyta til.

Ný sending komin
Glæsilegt úrval af náttfötum

CHANGE
SMÁRALIND
Sími 517 2007

Magann í finu formi allt fríð
ómissandi í ferðalagið

Lagar magaónot og vanlíðan strax
1-2 hylki eftir máltíð.

Magann í finu formi allt fríð
500 ml. safi · 30 hylki

LifeStream
Fæst í apótekum

Christie andlit Cover girl

Ofurfyrirsætan sat síðast fyrir hjá Cover girl á miðjum tíunda áratugnum en er mætt aftur í slaginn.

Christie Brinkley er enn á ný orðin andlit snyrtivörufrirtækisins Cover girl. Þessi 51 árs ofurfyrirsæta auglýsti merkið fyrst á áttunda áratugnum og



Christie Brinkley

hætti ekki fyrir en um miðjan tíunda áratuginn. Nú auglýsir hún línu sem heitir Advanced Radiance og á að höfða til kvenna þrjátíu ára og eldri. Cover girl reynir að sýna breitt bil fegurðar, mismunandi þjóðarbrotu og aldurshópa. Aðrar stjörnur sem hafa auglýst fyrir merkið eru til dæmis Queen Latifah og Molly Simms.

TILBOÐSDAGAR
22. ÁGÚST - 2. SEPTEMBER

10-40% afsláttur af öllum vörum
að auki 5% staðgreiðsluafsláttur

ÓKEYPIS NAFNGYLLING
FYLGIR ATSON-LEÐURVÖRUM

Leðuriðjan ehf.
Brautarholti 4, 105 Rvk.
S: 561 0060 • atson@atson.is
Opíð: mán.-fös. 10-18

ROPE YOGA Í BAÐHÚSINU
BRAUTARHOLTI 2.

Hefjast mánudaginn 5. september 2005
Bókaðu fyrir 2. september fáðu 15% afslátt
LEIÐBEINANDI er
Katrín Sigurðardóttir ROPE YOGA kennari
Skráning og nánari upplýsingar í síma
821-1399 og á kata@kata.is og
www.kata.is

Glæsilegur kvenfatnaður

Sædriin
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

Kjólarnir fást hjá okkur

Anva

Brúdarkjólaleiga Dóru
Sími: 568 2560 - www.brudarkjoleiga.is

Þú færð
L'Oréal make-up

Í snyrtivörudeildum Hagkaupa
í verslunum Lyf & heilsu
og Apótekanum Akureyri

ÞVIÐU ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.
L'ORÉAL
PARIS

Luktir

Nú er tíminn til að koma luktum með logandi kertum fyrir bæði innan dyra og utan. Viss sumarblær fylgir logandi lukt á meðan haustið færast yfir smám saman.



drangey.is
Gjafavara
... sem talað er um
Kertastjaki kr. 5.900
Drangey
Smáralind 528 8800

Glæsileg Haustvara
Soldis
Silkitré og silkihlóm
Laugavegi 43 (Vinstingumagti) sími 531 8848



Nýju litirnir tóna vel við þá sem fyrir voru.

Frá sumri yfir í vetur

PEGAR DIMMA FER OG KÓLNA ER KJÖRIÐ AÐ FÆRA HAUSTIÐ INN Á HEIMILIÐ.

Það er komið haust. Björtu og næfurþunnu gárdinurnar sem fóru svo vel við sumarbláa nóttina verða skyndilega allt of þunnar og gagnsæjar og ljósu púðarnir virka alls ekki nógu hlýlegir. Það er frekar einfalt að breyta um stíl á heimilinu þegar haust og vetur ganga í garð og getur auk þess verið ljómandi skemmtilegt. Þegar fer að kólna er til að mynda kjöríð að breiða þykk og hlýleg rúmteppi yfir húsgögnin til að hjúfa sig niður í.



Fallegir dökkir litir eru hlýlegir, eins og vínrauður, flöskugrænn og dimmblár. Þá er líka alveg kjöríð að setja almennilegt, þykkt rúmteppi yfir rúmið og hlaða jafnvel nokkrum púðum í stíl.

TILBOÐ
*29 kr.
myndin 10x15
www.myndval.is
Álfabakka 14 s. 557 4070 myndval@myndval.is

Nýir litir á sígildum leirvörum

Leirvörurnar sem áður voru kenndar við Arabia og nú við iittala eru þekktar fyrir formfegurð og endingu. Nú hafa nýir litir bæst við.

Þegar litið er yfir hillurnar í versluninni Búsáhöldum í Kringlunni sést að ólífugrænn, brúnn og blágrænn litur hafa komið upp að hlið þeirra sem fyrir voru í leirtauinu er áður var kennt við Arabia en nú iittala. Leirtau í þessari línu er til á mjög mörgum heimilum landsins enda hefur það fengist hér í áratugi. Nú telst það til Teema-línunnar, að sögn afgreiðslufólks. Í græna litnum eru til diskar í nokkrum stærðum, bolli, kannu, súputarína, föt og skálar en færri hlutir eru komnir í brúnu og blágrænu. Hins vegar tónar þetta allt vel saman við það sem fyrir er og þar má benda á

röndóttan borðbúnað með öllum þessum litum. Framleiðsla á umræddu stelli hófst 1955 en tók breytingum árið 1981 og kom þá með því útliti sem það hefur í dag. Greinilegt er að Kaj Franck sem var einn af þekktustu hönnuðum Finna hitti naglann á höfuðið þegar hann teiknaði þessa línu því hún stendur algerlega tímans tönn. „Þetta leirtau þolir allt, uppþvottavélar, örbylgjuofna og venjulega ofna, segir Kristín Kjartansdóttir afgreiðslukona í Búsáhöldum og kveðst heyra oft á dag „Vá, þetta er eins og þegar ég var lítil,“ þannig að stellið vekur upp minningar hjá mörgum.



Skóglendi er af skornum skammti hér á landi en það er mjög gaman að fara út í nærliggjandi trjáland á haustin og safna fallegum laufblöðum, kónglum og reyniberjum og búa til skreytingu í glæra skál til heimilisprýði.



Þúðaver taka lítið pláss í skápum en nýtt útlit þúða getur breytt yfirbragði herbergis algerlega. Það er sniðugt að eiga þúðaver til skiptanna milli árstíða og nota dekkri og hlýrri liti á veturna. Taktu til í geymslunni og sjáðu hvort þú finnur eitthvert fallegt, gamaldags dót til að skreyta með heimilið á haustin og veturna. Nútímalegir skrautmunir í skærum litum eiga betur við á sumrin. Blómavasar og skrautmunir úr glæru gleri eða kristal tilheyra frekar sumrinu. Skiptu þeim út fyrir leirvasa og skálar.

Fallegar yfirbreiðslur sem lifga upp á gamla sófa og vernda nýja.
Sófalist, Síðumúla 20 (2.hæð) Sími 553 0444 www.sofalist.is sofalist@internet.is
Póstsendum

ÚTSALA 10-70% afsláttur
Lene Bjerre
Lene Bjerre • Bæjarlind 6, Kópavogi • S: 534 7470
Opíð virka daga frá 10-18 • Laugardaga frá 10-16 • www.feim.is

Amerísk handklæði
Pétt og góð
100% bómull
Fatabúðin
Skólavörðustíg 21 Sími • 551 4050 Reykjavík



Ný gluggatjöld og smáhlutir gera heimikið fyrir baðherbergið.

Frískað upp á baðherbergið

Baðherbergin þurfa stundum upplýftingar við. Þá eru góð ráð ekki endilega dýr.

Þótt okkur þyki baðherbergið vera orðið lúíð og óspennandi þýðir það ekki að nauðsynlegt sé að henda öllu út sem fyrir er og fá nýjar innréttingar. Oft dugar að mála fleti milli flísa ef einhverjir eru, setja veggborða ef það á við og skipta út smáhlutum eins og

skápahöldum, krókum og kannski ljósum. Svo getur verið sniðugt að kaupa falleg gluggatjöld, sturtuhengi og handklæði. Ekki spillir að setja kórður og kertakrúkkur í litum í hillurnar og baðherbergið breytir um svip.





Kristján Ingi segir afruglarann frá Símanum og IKEA-sófann fylgja hvor öðrum.

Brotnaði þegar Liverpool vann

Kristján Ingi Gunnarsson sjónvarpsmaður er hamingjusamur með nýja Síma afruglarann sinn.

„Ég var að fá nýjan afruglara frá Símanum sem mun gera mér kleift að horfa á hvorki meira né minna en 270 leiki í enska boltanum í vetur,“ segir Kristján Ingi Gunnarsson, sem þekktastur er fyrir að vera einn af stjórnendum Ópsins hjá Ríkissjónvarpinu. „Við þetta er ég með þennan fina flaelissófa frá IKEA,“ segir Kristján Ingi, og tekur það fram að hann muni nú kannski ekki horfa á alla leikina en reyni að sjá

flesta Liverpool-leikina. „Hann reyndar brotnaði þegar Liverpool vann Evrópumeistara-títilinn þannig að maður veit aldrei hvað gæti gerst,“ segir Kristján Ingi sem er þó búinn að láta laga sófann.

„Hver veit nema ég þurfi að sofa á sófanum þegar kærastan er ósátt við fótboltaþingið,“ segir Kristján Ingi stríðnislega. „Annars er þetta finn sófi sem þolir allt.“ „Þegar leikur er í gangi tengi

ég við heimabíóið og það er alveg eins og maður sé bara á leiknum,“ segir Kristján Ingi sem efast ekki um að þetta sé uppáhaldsstaðurinn á heimilinu.

Kristján Ingi mun í vetur einbeita sér að hlutverki sjónvarpsáhorfanda eftir að hafa verið í hinu hlutverkinu sem einn stjórnenda Ópsins í fyrravetur. Hann segist muna starfa sem tómsundafulltrúi í vetur og sinna kennslu. „Það er allt opið,“ segir hann.

!
90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30



Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRYÐI!

HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 553 8177 & 553-1400

989 BYLGJAN
Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30

Beatles í Duka

Listgler
Vasi kr. 6.900.- • Diskur kr. 11.900.-

Vandaðar heimilis- og gjafavörur

DUKA

Kringlunni - sími : 533 1322

Póstkassar, bréfalúgur, dyrahamrar og húsnúmer

MARGAR GERÐIR

Laugavegi 29 • Sími 552 4320
www.brynja.is • brynja@brynja.is

FERMAX DYRASÍMAR fyrir heimili og fyrirtæki

Práðlaus dyrasími
Er einnig venjulegur heimilisími. Minnandi hringingar.

Dyrasímar
Venjulegir dyrasímar fyrir heimili og fyrirtæki. Ýmsar gerðir.

Dyrasímar með skjá
Fæst bæði með lita- og svíva skjá. Auka símtöl hljóti.

Upplýsingar í síma 553 5600

Skipholti 33 • 105 Reykjavík • Sími 553 5600 • www.rafsol.is • rafsol@rafsol.is

Gæða hús handa þér

Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar

HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

ato

BÓKHALDSPJÓNUSTA · RÁÐGJÖF

ATO · Bókhaldspjónusta hefur það að markmiði að veita viðskiptavinum sínum stórum og smáum áreiðanlega, trausta og örugga þjónustu og koma til móts við þarfir þeirra og óskir. Á vegum ATO · Bókhaldspjónustu starfar vel menntað og kraftmikið fagfólk með mikla þekkingu og reynslu.

Tökum að okkur verkefni varðandi:

- Bókhalds- og/eða launavinnslu fyrir fyrirtæki/sveitarfélög/ félagasamtök af öllum stærðum og gerðum.
- Fjármál
- Uppgjör
- Skattframtöl

Hamraborg 1-3
200 Kópavogi
Gsm: 894 8404

www.ato.is · netfang: ato@ato.is · sími: 565 9404

hornsófi
119.800

hægindastóll
Atalanta
40.200
með hornsófa.

Atalanta
Hornsófi 2 litir
3ja-bogi-2ja sæta, ákl. dreamsuede
verð í leður/sky: 149.500

Atalanta settin fást einnig sem 3ja og 2ja sæta sófar.
verð á 3ja + 2ja saman:

í áklæði **99.800**
í leður/sky **119.800**

innlit
HUGGÖGN
Armúla 5 Reykjavík
sími 544 8181

Mikið úrval
af dúnsængum,
koddum, og
handklæðum

DÚN & FIÐUR
SÉRVERSLUN

LAUGAVEGI 87 • SÍMI 511 2004



Blóm sem skarta rauðu

Það er eitthvað framandlegt við rauða fjöður upp úr grænu blómi.

Grænu pottaplönturnar standa alltaf fyrir sínu en óneitanlega er gaman þegar öðruvísi blómum bregður fyrir, jafnvel skreyttum gulum blöðum og rauðum, eins og skúf upp úr grænkunni. Þau minna á fjarlægjar heimsálfur, jafnvel hitabeltið en eru þó ekki komin

lengra að en frá Belgíu að því er Ásdís Ragnarsdóttir í Blómavali upplýsir okkur um. En hvað heita þau? „Flugnaskellur heita þessi með fjöðrunum og eru af Brómeliuætt,“ segir Ásdís. „Þetta eru plöntur sem þurfa góða birtu og geta verið í suðurglugga yfir vetrartímann. Moldin er látin þorna á milli vökvunar en blómið kemur upp úr trekt og ofan í trektinni er æskilegt að sé pínulítið vatn. Blómið

1. Flugnaskella er til í nokkrum stærðum og kostar frá 431.
2. Piparblóm með rauðum, gulum og grænum kúlum og kostar nú 639 með 20% afslætti.
3. Guzmania sem kallað er Demantsblóm. Er af ananasætt og kostar nú 1.439.-
4. Flamingóblóm eða Anthurium andreaianum kostar 2.999 á útsölu.
5. Læknaprýði heitir þetta litfagra blóm á íslensku en latneska heitið er Tillandsia l. Það er af ananasætt og kostar 929.

sjálfstendur í þrjá upp í 6 mánuði.“ Ásdís segir flugnaskellurnar fluttar inn í ágúst og aftur í janúar en ekki sjást þess á milli því þær seljist yfirleitt fljótt upp. „Flugnaskellan fylgjar sér þannig að það koma græðlingar upp frá móðurplöntunni en það er erfitt við okkar aðstæður að fá þær aftur til að blómstra,“ segir hún.

Fleiri skrautleg blóm föngðu athyglina til dæmis Flamingóblóm. Það segir Ásdís vera hálfskuggaplöngu sem geti blómstrað aftur og aftur. Flamingóblómið vill stofuhita allt árið en er viðkvæmt fyrir of miklu vatni og á að þorna vel á milli. ■



Rafdrifin gluggaopnun

JARNGLER

Járn og gler ehf - Skútuvogur 1H
Barkarvogsmegin - S: 58 58 900

GEZE

www.jarngler.is

Kertaljós í húminu

NÚ ER KERTATÍMINN KOMINN. ÞÁ ER GOTT AÐ VITA:

...að kerti brenna hægar og leka jafnvel minna vaxi ef þau eru sett í frysti klukkustund fyrir notkun.

... að ef kertastjakinn er þakinn kertavaxi er gott að stinga honum í frysti í eina klukkustund. Einnig má láta stjakann undir sjóðandi heitt vatn og þerra síðan með bréfpurrku.

...að kveikurinn á kertinu á alltaf að vera stuttur, annars er hættu á sóti.

... að öll kerti geta sótað en ástæðan er einföld. Þegar slökkt er á kerti, sérstaklega ilmkertri, myndast hnúi efst á kveiknum. Þegar kveikt er aftur á kertinu er það þessi hnúi sem fer að sóta. Því er mjög mikilvægt að klípa eða klippa hann af.

... að ráðlegt er að láta ekki loga á kertunum lengur en þrjár klukkustundir í einu, sérstaklega ekki ilmkerturnum.

Raunverulegar eftirprentanir

Nýjar vörur í IKEA

Fastur liður á haustin er nýr IKEA-bæklingur sem nú hefur lit-ið dagsins ljós. Í kjölfarið hefur verslunin fyllst af nýjum og spennandi vörum, en eitt meginþema IKEA að þessu sinni er eldhúsið og áhersla lögð á allt sem því tengist, alveg frá eldhússinn-



Málverk sem lítur út eins og alvöru olíumálverk.



Rósóttur púði sem gefur heimilinu kvenlegt yfirbragð.

Stílhreinn og fallegur rauður hornleðursófi.



réttingum niður í litla saltstauka. Öðrum hluta heimilisins er þó vel sinnt og nýir hlutir fyrir hvert einasta herbergi, og hvern einasta krók og kima.

Meðal nýjunga hjá IKEA eru málverk sem líta út eins og raunveruleg olíumálverk sem eru búinn til með nýrri tækni sem herm-ir eftir olíumálverkum svo þau líti nánast alveg eins út og frummyndin, en hana hefur IKEA keypt réttinn á að nota, annaðhvort af listamanninum eða af leyfishafa upprunalega verksins. Til að byrja með verða verkin í smærri kantinum en seinna stendur til að koma með stærri myndir. Margar aðrar spennandi nýjungar er að finna í IKEA eins og sjá má á þessum myndum. ■



Fallegur rauður stóll fyrir börnin.



Skemmtileg glös með margs konar myndri.



Skrautleg og skemmtileg ljósakróna í barnaherbergið.

Lína af sex mottum með mismunandi myndri sem hægt er að setja saman á ólíkan máta.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Mynd eftir Karólínu Lárusdóttur

Brúðargjafir

Opið laugardaga,
í Kringlunni 10-18, Rauðarárstíg 11-14

Sjáumst í Galleríi Fold



Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

989
BYLGJAN
Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30

NÝTT!
Nudd STURTU KLEFAR
verð frá **69.900** stgr

- Rúnaðir 90x90
- Rúnaðir 80x80
- Kantaðir 80x80
- Öryggislgar
- Sturtusett
- Hítastýrð blöndunartæki
- 8 nuddstútar
- Sæti
- Botn og vantslás

tab
INNRETTINGAR & TÆKI
www.i-t.is
OPID: Virka daga frá kl. 09-18 Laugardaga kl. 10-14
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332

LÁTTU DRAUMINN RÆTAST Í RÚMI FRÁ STEARNS & FOSTER

STEARNS & FOSTER

NÝ KYNSLÓÐ FRÁ STEARNS & FOSTER

Bandarísku hágæðarúmin frá Stearns & Foster eru heimspekt á meðal vandlátra kaupenda fyrir gæði og glæsileika. Rúmin eru hönnuð fyrir fólk sem vill aðeins það besta. Þau veita réttan stuðning og tryggja vellíðan á hverri nóttu með sérhönnuðu gormakerfi, bólsturslögum og einstökum frágangi. Bandarísku neytendasamtökin hafa í mörg ár útnefnt rúmin frá Stearns & Foster sem „bestu kaupin“.

Yves Delorme®
PARIS

Frá einu virtasta tiskuhúsi Frakklands: Rúmteppi, sængurverasett, lök, handklæði, frottésloppar, ilmsápur, ilmkerti, ilmvatn o.fl.

RÚMCO

Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.sinnet.is/strond

STRÖND
KHF.

Njótum rökkursins,
kveikjum á
Broste kertum.

Nánari upplýsingar:
www.bergis.is



**Erum að fá nýja sendingu af
sturtuklefum og flísum**

útsalan ennþá í fullum gangi



Lækjargötu 34c • 220 Hafnarfirði • S:553 4488

**Gegnheil
gólfborð**

Parketsalan.is

Parketsalan ehf
Hringbraut 119, S.5526699

Tilboð

Fura kr. 2950 pr. ferm
Eik kr. 3850 pr. ferm*

*óluborið fullfrágengið
efni kr. 4600 pr. ferm
breidd 130/150/180 mm



Vinsælu gæsirnar komnar
aftur ásamt miklu úrvali
af nýrri gjafavöru.

VIRKA Húsgögn
Mörkin 3, sími 568 7477
www.virka.is



Eldhús eftir Rut Káradóttur, innanhússarkitekt FHI. MYND: ARI MAGG.

Íslenskt, já, takk

Félag húsgagna- og innanhússarkitekta undirbýr nú sýningu til þess að fagna fimmtíu ára afmæli sínu. Þar mun margt bera fyrir augu. Við fengum forsmeikkinn.



Borðstofustóll frá 1960 eftir Halldór Hjálmarsson, innanhússarkitekt, smíðaður úr tekki.

„Það virðast margir halda að innanhússarkitektar séu stétt sem sprottið hafi upp á síðustu árum en svo er aldeilis ekki. Fyrsti íslenski húsgagnaarkitektinn kom heim frá námi erlendis árið 1930. Það var Friðrik Þorsteinsson,“ segir Elísabet V. Ingvarsdóttir. Hún stýrir væntanlegri sýningu sem sett verður upp að Laugavegi 13 og verður formlega opnuð 1. september. Reyndar eru þegar nokkrir hlutir úti í glugga þar á bæ til að vekja athygli á því sem koma skal. Elísabet segir annars sýninguna byggjast að miklu leyti upp á ljósmyndum. „Við viljum vekja athygli á því að þótt minna sé um húsgagnahönnun á seinni árum heldur en var um tíma meðan íslenskur húsgagnaiðnaður stóð með blóma, þá hefur innanhússarkitektúr færst í aukana. Nú snúast störf félagsmanna um innréttingar bæði fyrir heimili og stofnanir að ekki sé talað um fyrirtæki, til dæmis veitingastaði. El-



Stóll frá 1953 eftir Svein Kjarval húsgagnaarkitekt. Efnið er formspennt eik og sérofið ullaráklæði eftir Karólínu Eiríksdóttur. Framleiðandi: Nývirki hf.



Appolló, stóll frá 1968 eftir Gunnar Magnússon innanhússarkitekt. Formspenntur krossviður með oregonipein yfirborði. Framleiðandi Kristján Siggeirsson hf.



Stóll frá 1930-40 eftir Friðrik Þorsteinsson, húsgagnaarkitekt og framleiðandi. Stóllinn er bæsað beyki, upphaflega bólstraður með leðri. Stóllinn var gerður fyrir Alþingi.

Elísabet segir sýninguna verða haldna á Laugavegi 13 vegna þess að í því húsi hafi félagið verið stofnað. „Markmiðið með sýningunni er að varpa ljósi á þá breidd sem störf félagsmanna spanna og henni er ætlað að gera fólki grein fyrir verkum eftir félagsmenn FHI sem gætu verið í nánasta umhverfi þeirra,“ segir hún og getur þess að Hönnunarsafn Íslands láni muni á sýninguna. Stólarnir sem hér birtast á myndum eru allir af safninu.

Vinsæli silikonburstinn frá WMF
er kominn aftur

Verð: 1.590 kr



Villeroy & Boch
Kringlunni



Victory böð
með eða án nudds í úrvali

Fosshálsi 1
110 Reykjavík sími 525-0800
www.baðheimar.is

BADHEIMAR

Baðkar sem passar vel

Baðkarið er uppáhaldshornið á heimili myndlistarkonunnar Jóníar Jónsdóttur sem nýtur þess að liggja í baði.

Jóní verður þungt hugsi þegar hún er spurð hvort hún eigi einhvern uppáhaldsstað á heimilinu. „Það er nú eiginlega allt í uppáhaldi. Ætli ég verði samt ekki að nefna baðkarið,“ segir hún eftir dálitla umhugsun. „Mér finnst rosalega gott að liggja í baði og hugsa að baðkarið sé uppáhaldshornið mitt. Ég nýt þess að fara í heitt bað með sjávarsalti, hlusta á góða tónlist og slaka á,“ segir Jóní og bætir því við að hún fari í bað eins oft og hún geti. „Þá reyni ég líka að dekra svolítið við mig. Set á mig maska, skrúbba húðina og ligg svo í baðinu heillengi. Það er voðalega notalegt,“ segir hún og viðurkennir að hún sé mikill nautnaseggur.

Aðspurð út í baðkarið sjálft segir Jóní það ósköp venjulegt. „Þetta er ekkert merkilegt baðkar í sjálfu sér en það passar vel utan um mig. Baðherbergið sjálft er líka í miklu uppáhaldi og mér líður alltaf mjög vel þar inni.“

Jóní hefur í nógu að snúast þessa dagana enda eru stöllurnar í Gjörningaklúbbnum að undirbúa sýningu sem verður opnuð í Keflavík þriðja september. „Við erum á fullu að vinna núna og það er mikið að gera,“ segir Jóní og bendir á að fríðarstundir í baðinu séu kærkomin hvíld þegar mikið sé að gera.



Jóní nýtur þess að liggja í baði og dekra við sjálfa sig.



FALLEG HÚSGÖGN OG GJAFAVARA

NÝJAR VÖRUR



local

SKEIFAN 3A - 108 REYKJAVÍK
SÍMI: 517 3600 FAX: 517 3604
WWW.LOCAL1.IS

Húsgögn og gjafavara



GOTT FOLK MCCANN

HÁDEGISÚTVARP
Með Sigmundi Erni Rúnarsyni.
Á Talstöðinni alla virka daga kl. 12.



!

90,9

VELFAC
Gluggar - fjárfesting til framtíðar

- ál / tré gluggar
- lágmarks viðhald
- falleg og nútímaleg hönnun
- aukin vörn gegn innbrotum
- 15 ára reynsla á Íslandi
- 10 ára ábyrgð á glugga / gleri

formaco
Fosdalvegur 8 • 112 Reykjavík
Sími 577 2050 • Fax 577 2056
formaco@formaco.is • www.formaco.is

Draumahús

Opið hús í kvöld frá kl 18-20

Berjarimi 4 – 112 Rvk



Verð 20.400.000

Einstaklega falleg 3ja herb. 96 fm íbúð á 3. hæð ásamt stæði í bílageymslu í vönduðu fjölbýli. Vandaðar innréttingar úr kirsiuberjavið í allri íbúðinni. Þvottahús innan íbúðar. Einar tekur á móti gestum.

Brynjólfur Hjartarson hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

Opið hús Bólstaðarhlíð 48 - Reykjavík



Fasteignakaup kynnir 3ja herbergja íbúð, 93,6 m² á 3. hæð til hægri í fjöleignahúsi með bílskúr miðsvæðis í borginni.

Rúmgóð stofa og borðstofa er með parketi á gólfum

og útgengi út á vestursvalir. Gler í gluggum hefur verið endurnýjað. Öll húseignin er nýlega tekin gegn að utan og stigangangur er endurnýjaður.

Hér er um góða eign að ræða á 105 svæði þar sem stutt er í alla þjónustu. Grunnskóli og leikskóli eru í göngufæri frá húsinu. Íbúðin er mjög miðsvæðis í Reykjavík og stutt er í miðbæinn og Kríngluna.

Páll Höskuldsson tekur á móti gestum milli kl.19 - 20 í dag.

FASTEIGNA KAUP

Emma Valdóttir Löggiltur fasteigna- skipa- og fyrirtækjasali.



Sölufulltrúi: Páll Höskuldsson
gsm: 864 0500
e-mail: pall@fasteignakaup.is

Ármtala 15 • sími 515 0500
fax 515 0509 • www.fasteignakaup.is
fasteignakaup@fasteignakaup.is

NAUST FASTEIGNASALA

SMÍÐSHÖFÐI



Atvinnuhúsnæði á 1. hæð: Vinnslusalur, gólf flísalagt, flísalagt upp á miðja vegg. Kæli 15 fm., lager, skrifstofa, kaffistofa, móttaka, stórar innkeyrsludyr: Verð: 17,0 millj.

FLATAHRAUN 220 HAFNARFJ.



Björt og rúmgóð 110 fm. 3ja herbergja íbúð á jarðhæð, íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á smekklegam hátt. Þvottahús og geymsla eru innan íbúðarinnar. Hol er parketlagt, stofan er björt, stórir gluggar, parket á gólf, útgengt á suður-svalir. Eldhús er með góðri innréttingu hvít/eik. Inn af eldhúsi er sér þvottahús og rúmgóð geymsla. Parketlagður svefnherbergjagangur. Hjónaherbergi er rúmgott, barnaherbergi. Baðherbergi er rúmgott, nýlega endurnýjað. Þrjár hlíðar hússins eru klæddar viðhaldslitillí klæðningu. Verð: 21,6 millj.

HÚSANAUST BORGARTÚNI 29 SÍMI 530 7200

Ásgeir Erling Gunnarsson lögg. fasteignasali

Breyttur opnunartími í afgreiðslu

Mán.-mið. 8.00 - 18.00
Fim. og fös. 8.00 - 19.00
Lau. 9.00 - 17.00 og sun. 11.00 - 16

Smáauglýsingasíminn er 550 5000
og er opinn alla daga frá 8.00 - 22.00

FRÉTTABLAÐIÐ **bjarta** **DV** **talstöðin** **visir**



Netfang: fastmark@fastmark.is - http://www.fastmark.is

Glæsilegt hús í 101 Reykjavík



Glæsilegt 86 fm einbýlishús á tveimur hæðum auk rislofts og sér-bílastæðis. Möguleiki er að byggja heila hæð ofan á húsið. Eignin skiptist m.a. í stóra bjarta parketlagða stofu, parketlagða borðstofu, rúmgott eldhús, flísalagt baðherbergi og 2 parketlögð svefnherbergi. Lítil fallegur garður og verönd. Eignin er á Grettisgötu, á frábærum stað í 101 Reykjavík. Verð 29,9 millj. Nánari uppl. á skrifstofu eða www.fastmark.is



Talstöðin
FM 90,9



Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali

BORGARTÚN 20 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 590 9500



Ella Lilja
Sigursteinsdóttir
Lögg. fasteignasali



Þorarrinn Kópsson
Frámkv.stjóri



Kjartan Kópsson
Sölumaður



Sigríður
Sigmundsdóttir
Sölumaður



Þorbjörn P.
Pálsson
Sölumaður

OPIÐ VIRKA DAGA 9.00-17.00, SÍMAVAKT UM HELGAR



Leirubakki

Glæsileg og frábær 4-5 herb. 116 fm. íbúð á 2. hæð með aukaherbergi í kjallara ásamt geymslu í mjög góðu fjölbýli. Húsið hefur allt verið klætt að utan og þak nýlega yfirfarið og endurbætt.

Verð. kr.18.9 millj.



Naustabryggja

Glæsileg íbúð á eftirsóttum stað. Opið er úr eldhúsi inn í borðstofu og stofu. Mikil lofthæð. Svefnherbergin eru öll með merbrau parketi. Baðherbergi er vandað. Bílageymsluhús.

Verð. kr.24.9 millj.



Gyðufell

Mikið endurnýjuð 3ja herb. 83 fm. íbúð á annari hæð með yfirbyggðum svölum og frábæru útsýni í góðu fjölbýlishúsi. Mjög góð fyrstu kaup. Stutt í alla þjónustu. Laus strax.

Verð. 13,9 millj.



Sæbólsbraut

Opin og björt tveggja herbergja 55 fm. íbúð á fyrstu hæð við sjávar-kambinn í Kópavogi. Nátturulegt umhverfi. Hús í mjög góðu ástandi. Góð kaup. Sér merkt stæði. Laus fjótlega.

Verð. 12,5 millj.



Vatnsstígur

Höfum til sölu nokkrar full endurnýjaðar íbúðir sem eru um 60 til 98 fm. á þessum skemmtilega stað í miðbænum. Sér geymsla innan íbúðar. Sam-eiginleg vagna og hjólageymsla.

Verð. kr. 17 til 29 millj.

www.thingholt.is • thingholt@thingholt.is



Kannt þú pizzu að baka!

Ertu vanur - vön eða viltu læra að baka alvöru pizzur. Góð laun í boði. Fullt starf / hlutastarf.

Upplýsingar hjá vakstjórum á staðnum, Hjallahrauni 13, Hafnarfirði og í síma 565 2525.

Matreiðslumaður

Við leitum að góðum matreiðslumanni í fast starf í vetur: miðvikudaga, fimmtudaga, föstudaga og laugardaga. Einstakur tækjakostur og frábær vinnuástaða í glæsilegu veitinga- og ráðstefnuhúsi í Grafarholti.

Nánari upplýsingar veitir Lúðvík í síma 517 9090



Gullhamrar
Veitingahúsið Þjóðhildarstíg 2 ehf.
113 Reykjavík · Sími 517 9090



KÓPAVOGSBÆR

Ertu á besta aldri? Viltu skemmtilega vinnu?

Salaskóli í Kópavogi auglýsir eftir starfsfólki í eftirtalin störf:

- Umsjónarmaður dægradvalar
- Starfsmenn í dægradvöl
- Skólaliðar

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

Við óskum eftir fólki á öllum aldri og hvetjum eldri borgara til að sækja um ekki síður en þá sem yngri eru.

Nánari upplýsingar gefa skólastjóri Hafsteinn Karlsson og aðstoðarskólastjóri Hrefna Björk Karlsdóttir í síma 570 4600.

Sjá enn fremur: www.kopavogur.is og www.job.is

TILKYNNINGAR

Söngfólk!

Stofna á kirkjukór í Grafarholtssókn. Tekið verður vel á móti öllum sem áhuga hafa á söng og vilja vera með í brautryðjanda starfi í Grafarholtssókn. Framundan eru einstaklega spennandi tímar með spennandi verkefnum. Kórstjóri er Hrönn Helgadóttir og hægt er að nálgast allar upplýsingar hjá henni í síma 557-9996, 695-2703 eða á netfanginu hronnhelga@simnet.is

ÚTSALA

HEILDSÖLUÚTSALA

Snyrtivara – Gjafavara – Hársnyrtivara – Jólavara
Kventöskur – Föðunarpennslar
og fleira og fleira milli kl. 12 og 6. Síðustu dagarnir
Dugguvogi 12 – Að ofanverðu

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Lausar stöður

Engidalsskóli
(555 4433 [hjorðis@engidalsskoli.is](mailto:hjordis@engidalsskoli.is))
Forfallakennsla

Lækjarskóli
(555 0585 haraldur@laekjarskoli.is)
Sérkennari/kennari í einstaklingskennslu og athvarfi Skólaliðar

Víðistaðaskóli
(664 5890 sigurdur@vidistadaskoli.is) Skólaliðar

Arnarberg
(555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Deildarstjóra á elstu deild

Álfasteinn
(555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar eða starfsmenn með aðra uppeldismenntun

Hlíðarberg
(565 0556 hliðarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar Skilavaktir

Hörðuvellir
(555 0721/664 5845 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar. Annað starfsfólk og skilavaktir

Kató
(555 0198 kato@hafnarfjordur.is)
Starfsmann e.hádegi frá 1. september

Stekkjarás
(517 5920 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar Skilavaktir

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar. Einnig lausar skilavaktir

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfín.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!
Hafðu samband og taktu þú þér
ráðgjafingar um hafiðarþjónu og
marggildiga vafarvörð á öngum
sveitarfélögum þú þátttökum
þessum í síma 565 5100 og á
netfanginu www.hafnarfjordur.is



Verkamenn

Vegna aukinna verkefna við Höfðatorg vantar okkur vana kranamenn til starfa, mikil vinna framundan. Upplýsingar gefa Sigurjón í síma 822-4405 Baldvín í síma 822-4431




Fullt starf / hlutastarf Kjöt og fiskborð Hagkaupa



Við óskum eftir aðila til að hafa umsjón með kjöt og fisktorgi í verslun Hagkaupa. Um er að ræða heilsdags starf.

Einng óskum við eftir starfsfólki í hlutastörf við afgreiðslu í kjöt og fisktorgum Hagkaupa. Um er að ræða sveigjanlegan vinnutíma.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 660 6300 milli kl. 9.00 og 17.00 virka daga.



Fellaskóli REYKJAVÍK

Í sérdeild fyrir einhverfa í Fellaskóla eru eftirfarandi störf laus til umsóknar:

Starf þroskaþjálfara eða sérkennara (100%)
Starf stuðningsfulltrúa (50-60%)

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfín.

Nánari upplýsingar hjá deildarstjóra sérdeildar og skólastjórnendum í síma 5573800.



Skíðapjálfi.

Skíðadeild ÍR óskar eftir að ráða skíðapjálfa fyrir 8 ára og yngri.

Starfið felst í þrekæfingum sem hefjast í september og skíðapjálfun í fjalli þegar líður á veturinn.

Nánari upplýsingar veitir Jón K. Magnússon í síma: 825-6222.

Skíðadeild ÍR er FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ.
Deildin stefnir að því að ráða sem hæfasta þjálfara sem vöð er á hverju sinni, bæði hvað reynslu og menntun varðar. Þjálfarar skulu vera færir um að halda fjölda iðkenda sem mestum jafnhliða því sem þeir auka færni þeirra í íþróttinni. Í yngstu flokkunum skiptir mestu máli að þjálfarar geti kennt undirstöðuatriði auk þess að vera góðir barnaleiðbeinendur almennt,




KÓPAVOGSBÆR

FRÁ DIGRANESSKÓLA

• Stuðningsfulltrúi óskast í hálf starf í sérdeild nú þegar.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og SfK.

Upplýsingar gefur skólastjóri Helgi í síma 554 0290 eða 868 4239 og/eða fagstjórar deildarinnar Anna eða Margrét í síma 554 0290.

Sjá enn fremur: www.kopavogur.is og www.job.is



GRUND

BYGGA- OG HJUGBUNARHEIÐI
Stofn 1922

Starfsfólk á næturvaktir.

Starfsfólk óskast í aðhlyningu á næturvaktir. Auk þess óskum við starfsmönnum á morgun- og kvöldvaktir í aðhlyningu. Áhugasamir eru velkomnir í heimsókn, en geta einnig kynnt sér starfsemi Grundar á heimasíðu Grundar sem er www.grund.is og þar er jafnframt hægt að sækja um störf.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-6100 virka daga kl. 9:00 til 12:00

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.534 +0,02% Fjöldi viðskipta: 221
Velta: 1.425 milljónir

MESTA HÆKKUN

Landsbankinn
Kögun

+0,48%

MESTA LÆKKUN

Síminn -1,96%
Vinnslustöðin -1,19%
Flaga -0,97%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,90 -0,20% ... Bakkavör 41,40 -0,70% ... Burðarás 17,30 +0,00% ... FL Group 15,50 -0,60% ... Flaga 4,10 -1,00% ... HB Grandi 8,55 +0,00% ... Íslandsbanki 15,00 +0,00% ... Jarðboranir 20,80 -1,00% ... KB banki 582,00 +0,00% ... Kögun 58,10 +0,20% ... Landsbankinn 21,10 +0,50% ... Marel 62,90 +0,00% ... SÍF 4,84 +0,00% ... Strumur 13,30 +0,00% ... Össur 88,00 -0,60%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Uppsagnir í kjölfar methagnaðar

Sænski bílarisinn Volvo, sem nú er í eigu hins bandaríska Ford, hyggst segja upp fimmtán hundruð starfsmönnum. Forsvarsmenn Volvo segja að með uppsögnunum sparist um átta milljarðar króna.



Ástæður uppsagnanna eru sagðar óhagstætt gengi sænsku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal, mikil samkeppni bílaframleiðenda og hátt verð á stáli.

Tímasetning sparnaðaraðgerðanna þykir skritin en hagnaður Volvo nam á síðasta ársfjórðungi tæpum fjórutíu milljörðum íslenskra króna og jókst um tæp fjórutíu prósent miðað við sama tímabil í fyrra. Flestir þessara fimmtán hundruð starfsmanna sem sagt verður upp starfa í verksmiðjum Volvo í Svíþjóð. Hjá fyrirtækinu starfa tæplega þrjátíu þúsund manns, megnið af þeim í Svíþjóð.

Stjórnendur K-mart kærðir

Bandaríska fjármálaeftirlitið hefur ákært tvo af stjórnendum verslanakeðjunnar K-mart fyrir rangar yfirlýsingar. Þeir eru ekki ákærðir fyrir rangar upplýsingar í reikningum félagsins, heldur fyrir rangar útskýringar á fundi þar sem reikningar voru útskýrðir. Þeir eru sakaðir um að hafa látið undir höfuð leggja að greina frá greiðsluvanda fyrirtækisins. K-mart fór skömmu síðar í greiðslustöðvun og er talið að þegar fundurinn fór fram hafi stjórnendum verið ljóst að félagið stóð ekki í skilum við birgja sem sumir hverjir, svo sem Gillette, Lego og Black & Decker, höfðu gefist upp á skuldseiglu K-mart og voru hættir að afgreiða vörur til fyrirtækisins. Stjórn félagsins rak stjórnendumna í kjölfarið, en þeir hafa neitað sök og sagt að þeir hafi einungis hugsað um hag fyrirtækisins og unnið í góðri trú.

MARKAÐSFRÉTTIR...

> Hagnaður úraframléiðandans Swatch hækkaði um rúm 20 prósent milli ára og þakkar félagið það aukinni sölu á dýrari úrum.

> Hlutabréf hækkuðu í gær í New York í kjölfar lækkunar á olíu. Olían lækkaði í kjölfar birgðaskýrslu frá orkumálaráðuneyti Bandaríkjanna.

> Hlutabréf stálframleiðslufyrirtækja lækkuðu í gær þar sem merki um oframboð á stáli voru á kreiki.

> Kínversk stjórnvöld settu fram stefnu um að einkavæða öll fyrirtækin í eigu ríkisins. Var þetta stærsta einkavæðingarskrefið í fimmtán ár.

FRÁBÆRT NÁMSKEIÐ Í GERÐ AUGLÝSINGA OG KYNNINGAREFNIS

„Ég hlakkaði alltaf til að fara í skólann því það var alltaf eitthvað nýtt og spennandi í hverjum tíma. Auk þess er ég mun öruggari í samskiptum við alla sem taka við auglýsingum frá mér sama hvort það er fyrir dagblöð, tímarit eða netið...“

Próstur Skúli Valgeirsson
- Kynningarfulltrúi Vesturfarasetursins

Kynntu þér námið á opnu húsi næsta laugardag!

AUGLÝSINGATÆKNI

- frá hugmynd að fullunnu verki

Þetta námskeið, að öðrum ólöstuðum, hefur hlotið einróma lof nemenda í þau níu ár sem það hefur verið kennt hjá NTV.

Hér er um að ræða hagnýtt nám fyrir þá sem hafa þörf fyrir tölvutækni við hönnun mismunandi kynningarefnis fyrir flesta miðla. Námið er bæði fjölbreytt, skemmtilegt og krefjandi. Öll fög eru kennd frá grunni.

Eftir námskeiðið ættu nemendur að geta komið frá sér hugmyndum sínum á tölvutæku formi þannig að frágangur allra verka sé réttur hvort sem það er fyrir offsetprentun, dagblöð, Internetið eða aðra miðla.

Næsta námskeið:

Kvöldnámskeið

Mánudaga og miðvikudaga frá 18 - 22
Byrjar 19. sept og lýkur 14. des.

Helstu námsgreinar:

- Mismunandi gerðir kynningarefnis
- Teikning með Illustrator CS
- Myndvinnsla með Photoshop CS
- Vefauglýsingar með ImageReady CS
- Meðhöndlun lita
- Meðferð leturgerða - Týpografía
- Frágangur prentverka
- Vettvangsheimsóknir
- Lokaverkefni

ntv

Hlíðasmára 9 - Kópavogi

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 544 4500 OG Á NTV.IS

ÚTVARPIÐ ÞITT
POLIR EKKI
EINTÓMAN
VIÐBJÓÐ

X 97-7



BRYNJÓLFUR BJARNASON FORSTJÓRI Síminn var í eigu ríkisins þegar ákveðið var að kaupa Skjá einn og lána félaginu 750 milljónir króna.

Síminn lánaði til hlutabréfakaupa

Bein fjárútlát Símans vegna kaupa í Skjá einum nema 935 milljónum króna.

„Skuld Skjás eins við Símann var til komin vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar í þeim tilgangi að efla fjárhag sjónvarpsstöðvarinnar fyrir þau verkefni sem við erum að vinna og þau verkefni sem fram undan eru,“ segir Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans. Að auki hafi Íslenska sjónvarpsfélagið fengið fé að láni til að kaupa aðra hluthafa út úr félaginu.

Stjórn Símans tók þá ákvörðun í júní síðastliðnum að breyta 750 milljónum króna skuld Skjás eins við Símann í hlutafé. Brynjólfur segir það rétt sem kom fram í viðskiptablaði Fréttablaðsins í gær að Síminn ráði nú yfir nánast öllu hlutafé Íslenska sjónvarpsfélagsins, sem rekur Skjá einn.

Í fyrra keypti Síminn félag sem átti um helmingshlut í Skjá einum á 96 milljónir króna. Fyrstu þrjá mánuði þessa árs keypti Síminn í öðru félagi sem átti í Skjá

einum og beint í sjálfri sjónvarpsstöðinni fyrir 89 milljónir króna. Samkvæmt reikningum Símans réð fyrirtækið yfir tæpum 77 prósentum hlutafjár í Skjá einum á þessum tímamarki.

Samkvæmt þessu keypti Síminn 77 prósent hlutafjár í Skjá einum fyrir 185 milljónir króna. Skuldarnar voru meiri en eignirnir á þessum tíma, samkvæmt efnahagsreikningi Skjás eins, sem getur skýrt lágt verð en Brynjólfur vill ekkert tjá sig um þessa hlíð málsins. Bein fjárútlát Símans vegna Skjás eins nema því nú 935 milljónum króna.

Brynjólfur tekur fram að allar þessar upplýsingar hafi verið væntanlegum kaupendum Símans kunnar áður en fyrirtækið var selt. Honum finnst eðlilegt að það sé tekið fram að Fréttablaðið er í eigu sömu aðila og eiga Og Vodafone, sem er samkeppnisaðili Símans.

bjorgvin@frettabladid.is

SPRON skilar methagnaði

Gengishagnaður yfir einn og hálfur milljarður.

SPRON skilaði 1.572 milljónum króna hagnaði á fyrstu sex mánuðum ársins. Hagnaður sparisjóðsins fyrstu sex mánuði ársins er því orðinn meiri en allt árið í fyrra. Arðsemi eigin fjár var 54 prósent á ári.

Hreinar vaxtatekjur stóðu í stað á milli ára en hreinar rekstrartekjur hækkuðu um fimm pró-

sent. Samanlagður gengishagnaður af fjármálastarfsemi var um 1.530 milljónir króna.

Rekstrargjöld hækkuðu um rúm sjö prósent frá sama tíma í fyrra en framlag í afskriftar-reikning lækkaði um helming.

Eignir SPRON voru um 90 milljarðar króna 30. júní síðastliðinn. Eigið fé er orðið 8,5 milljarðar króna en þar af er stofnfé tæpir tveir milljarðar.

- eþa

Bakkavör birtir

Hagnaður Bakkavarar á öðrum ársfjórðungi verður samanlagður hagnaður Bakkavarar og Geest en það kom inn í samstæðuna 1. maí. Greiningardeild KB banka er bjartsýnust og spáir fyrirtækinu hátt í tíu milljóna punda hagnaði á öðrum ársfjórðungi, rúmlega milljarði króna. Hinir bankarnir spá minni hagnaði.

Á öðrum ársfjórðungi í fyrra hagnaðist Bakkavör um rúmlega þrjár milljónir punda.

- dh

SPÁR UM AFKOMU BAKKAVARAR - Í MILLJÓNUM PUNDA

Íslandsbanki	5,9
KB banki	9,75
Landsbanki	7,3
Meðaltal	7,65



SIGURGEIR BRYNJAR KRISTJÁNSSON
Á öðrum ársfjórðungi hagnaðist Vinnslustöðin um fjórar milljónir króna. Framlegðin var 217 milljónir króna.

Vinnslustöðin rétt undir spám

Hagnaður Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum varð fjórar milljónir króna á öðrum ársfjórðungi, sem er undir spám Íslandsbanka (spáði 48 milljónum) og KB banka (spáði 28 milljónum). Til samanburðar varð rúmlega eitt hundrað milljóna króna hagnaður á sama tímabili í fyrra.

Alls varð hagnaður Vinnslustöðvarinnar 462 milljónir króna á fyrri hluta þessa árs, sem er svipuð tala og á sama tíma í fyrra.

Framlegð (EBITDA-hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta) var 217 milljónir á fjórðungnum, sem eru 17,3 prósent af tekjum.

Tekjur voru 1.255 milljónir á síðasta ársfjórðungi en rekstrar-gjöld námu 1.038 milljónum.

Stjórnendur segja að hátt olíuverð, dræm kolmunnaveiði og engin loðnuveiði í sumar geri það að verkum að áætlanir félagsins um eins milljarðs framlegð gangi ekki eftir á árinu.

- eþa

KB Námsmenn

KB Námsmenn er fyrsta flokks fjármálaþjónusta sem er sérstaklega löguð að þörfum þínum á námsárunum. Kannaðu þá kosti sem þér bjóðast á www.kbnamsmenn.is.

- Tölvukaupalán** Allt að 300.000 kr. tölvukaupalán til allt að þriggja ára á mjög hagstæðum kjörum – fartölvutaska fylgir hverju láni!
*Glæsilegir kaupaukar til KB Námsmanna hjá Pennanum og EJS!
Sjá nánar á kbnamsmenn.is.*
- Bílprófsstyrkir** Við veitum 16 styrki á ári, hvern um sig að upphæð 50.000 kr.
- Bókastyrkir** Árlega veitum við 20 heppnum félögum 20.000 kr. bókastyrki. Þú getur sótt um bókastyrk á kbnamsmenn.is.
- Plús-kort** Þú getur sótt um ISIC Plús-kortið, ATLAS Plús-kortið og Svarta kortið í +, sem eru sérstaklega sniðug fyrir námsmenn.
- Netklúbbur** Skráðu þig í netklúbbin á kbnamsmenn.is til að fá hagstæð tilboð. Heppnir klúbbsfélagar geta átt von á ýmsum glaðningi, miðum á tónleika og óvæntum uppákomum.
- Inngöngugjöf** Við inngöngu geta nýir KB Námsmenn valið milli þess að fá veglega fartölvutösku, flotta kaffikönnu eða 1.500 kr. niðurgreiðslu á nemendafélagsgjöldum.

Líttu við í útibúinu okkar í Kringlunni og fáðu allar upplýsingar um KB Námsmenn.

25%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM BOSCH VÖRUM!

BOSCH *veisla*

Vnr. 74869903
Borvél
BOSCH rafhlöðuborvél, PSR, 12V, 2 rafhlöður, bora & bitasett fylgir.
Bora- & bitasett fylgir

9.975
13.300

BYGGIR MEÐ ÞÉR

DAVID HUME (1711-1776)
lést þennan dag.



„Og hver er stórkostlegasta talan? Númer eitt.“

David Hume var skoskur heimspekingur. Verk hans höfðu mikil áhrif á heimspekinginn Immanuel Kant.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 25. ÁGÚST 1967

Bandarískur Hitler skotinn til bana

Leiðtogi bandaríska Nasistaflokksins George Lincoln Rockwell var þennan dag árið 1967 skotinn til bana af leyniskyttu fyrir utan verslunarmiðstöð í Arlington í Virgíníuríki. Tveimur skotum var hleypt af og skullu þau á framrúðu bifreiðar Rockwell og hæfðu hann í brjóst og höfuð. Aðeins nokkrum mínútum eftir árásina var þrjúgur félagi í samtökum Rockwells handtekinn. Sá hafði verið rekinn úr flokknum í apríl fyrir að aðhyllast kommúnisma um of. Rockwell, sem þekktur var sem hinn bandaríski Hitler, stofnaði Nasistaflokkinn árið 1959 en hann var flugmaður í bandaríska hernum í seinni heimsstyrjöldinni.



GEORGE LINCOLN ROCKWELL

Hann var sektaður og sendur í fangelsi í ófa skipti fyrir aðgerðir sínar en hann og félagar hans mættu oft á samkomur mannréttindasinnna. Við úttír Rockwells 30. ágúst neituðu stjórnendur í Pentagon að veita leyfi fyrir jarðsetningu hans í kirkjugarðinum Culpeper. Ástæðan var sú að fylgjendur Rockwells neituðu að taka af sér armbönd með merki hakakrossins. Lík hans var flutt í höfuðstöðvar flokksins í Arlington. Daginn eftir var hann jarðsettur á leyndum stað. Morðingi foringjans var dæmdur í tuttugu ára fangelsi í desember sama ár.

MERKISATBURÐIR

- 1895** Hið skagfirska kvenfélag er stofnað og það starfar enn sem Kvenfélag Sauðárkróks.
- 1900** Þýski heimspekingurinn Friedrich Nietzsche andast á heimili sínu.
- 1944** París er frelsuð af frönskum og bandarískum herdeildum. Þjóðverjar veita lítið viðnám.
- 1950** Gunnar Huseby ver Evrópu-meistarartil sinn í kúlvarpi.
- 1970** Stífla í Miðkvísl í Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu er sprengd til að mótmæla stækkun Laxárvirkjunar.
- 1980** Afrikuríkið Zimbabwe fær inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar.
- 1989** Ómannaða geimskipið Voyager 2 sendir myndir til jarðar af hnettinum Neptúnus.



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Hulda Birna Lárusdóttir Jónsson

Redondo Beach, Kaliforníu,

andaðist þriðjudaginn 16. ágúst.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Börn, tengdabörn og barnabörn.



SÖNGVASKÁLD Magnús hefur samið reidinnar ósköp af vinsælum lögum í gegnum tíðina. Hann segir erfitt að gera upp á milli en þykir einna vænst um lögin Ó þú og Reyndu aftur, sem hann samdi til konunnar sinnar heitinnar.

MAGNÚS EIRÍKSSON TÓNLISTARMAÐUR ER SEXTUGUR

Aldurinn er vondur en venst

„Ég ætla að skreppa með strákunum mínum þremur á veitingastað,“ segir Magnús Eiríksson, eitt ástælasta söngvaskáld þjóðarinnar, sem ætla að gæða sér á humri á Stokkseyri í tilefni af sextíu ára afmæli sínu. Þessi tímamót eru ekki stór í huga Magnúsar enda segir hann aldur afstæðan. „Mér fannst ég vera orðinn rosalega gamall þegar ég varð fertugur en þetta verður minna sjokk eftir því sem árin líða. Þetta er vont fyrst en venst,“ segir Magnús og hlær en hann er að eigin sögn við ágætis heilsu.

Þrítugs- og fertugsafmælin eru

Magnúsi minnisstæð. „Þá var þetta tekið með stæl en síðan hef ég ekki nennt að standa í þessu því maður er alltaf að eiga afmæli,“ segir Magnús sem man sérstaklega eftir einni afmælisgjöf. „Sú sem mér hefur þótt vænst um var þegar ég varð fertugur og konan mín gaf mér forlátan kassagítar af gerðinni Martin. Hann var valinn af mikill nákvæmni í Bandaríkjunum og er frábært hljóðfæri sem ég hef notað mikið í upptökum,“ segir Magnús sem á og rekur hljóðfæraverslunina RÍN í samstarfi við syni sína.

Magnús spilaði nú síðast ásamt KK félaga sínum á stóra sviðinu á

Menningarnótt. „Það er erfitt að spila fyrir svona marga því það er erfitt að ná sambandi við áheyrendur,“ segir Magnús sem hefur yfirleitt gaman af því að spila á tónleikum þar sem fólk er að hlusta. „Það er svolítið erfitt að hafa augu á sér allan tímann en að öðru leyti er mjög skemmtilegt að hafa beint samband við áheyrendur,“ segir Magnús sem hefur samið reidinnar ósköp af vinsælum lögum í gegnum tíðina. Hann segir erfitt að gera upp á milli en þykir einna vænst um lögin Ó þú og Reyndu aftur, sem hann samdi til konunnar sinnar heitinnar. ■



Ástkær bróðir okkar,

Ólafur Eiríksson

Grijóti, Þverárhlið,

sem andaðist sunnudaginn 21. ágúst, verður jarðsönginn frá Borgarneskirku laugardaginn 27. ágúst kl. 14.00.

Ingibjörg Eiríksdóttir

Gunnar Eiríksson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Oddný Aðalbjörg Jónsdóttir

Rauðalæk 20, Reykjavík, áður Sunnuhvoli, Fáskrúðsfríði,

sem lést á Landakotsspítala 12. ágúst sl. verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 25. ágúst kl. 13.00.

Jóhanna Ásdís Þorvaldsdóttir

Guðný Björg Þorvaldsdóttir

Jóna Kristín Þorvaldsdóttir

Kristján Þorvaldsson

Ómar Ásgeirsson

Helga Jóna Óðinsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Víðir Sigurðsson

Sigurður Þorgeirsson

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

ANDLÁT

Björgvín Sigmundsson frá Miðvík í Grytubakkahreppi, lést á heimili sínu sunnudaginn 7. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Guðmundur Heiðmar Gunnlaugsson lést á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga sunnudaginn 14. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Hulda Birna Lárusdóttir Jónsson, Redondo Bch., Kaliforníu, andaðist þriðjudaginn 16. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Margrét Bárðardóttir, Skálholtsbraut 9, Þorlákshöfn, lést miðvikudaginn 17. ágúst. Útför hefur farið fram.

Jenny Oddsdóttir, Kárastríg 13B, lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 18. ágúst.

Margrét Hallgrímsdóttir frá Skálanesi, til heimilis á Suðurgötu 14, Keflavík, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 19. ágúst.

Guðbrandur Jóhannsson frá Áshóli, Grenilundi 6, Akureyri, andaðist á Fjórðungssjúkrahöfninni á Akureyri laugardaginn 20. ágúst.

Kristjana Stefánsdóttir, Meðalholti 10, Reykjavík, andaðist á heimili sínu mánudaginn 22. ágúst.

Rut Lárusdóttir, Heiðarenda 8, áður Faxabraut 67, Keflavík, lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 22. ágúst.

JARÐARFARIR

- 13.00 **Oddný Aðalbjörg Jónsdóttir**, Rauðalæk 20, Reykjavík, áður Sunnuhvoli, Fáskrúðsfríði, verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju.
- 13.00 **Kolbrún Sigurðardóttir**, Álftamýri 2, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Háteigskirkju.
- 13.00 **Ægir Ólafsson** verslunarmaður, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju.
- 13.00 Sálumessa **Szymons Kuran**, tónlistarmanns, verður frá Landakotskirkju.
- 14.00 **Jón Skafli Kristjánsson** vélstjóri, Heiðargerði 19, Akranesi, verður jarðsönginn frá Akraneskirku.
- 15.00 **Páll G. Hannesson** fyrverandi tollfulltrúi, Ægisíðu 86, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Neskirku.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Snjólaug Magnea Bjarnadóttir

Pelamörk 54, Hveragerði,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Ási, Hveragerði, sunnudaginn 21. ágúst, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 11.00.

Magnús Kr. Guðmundsson

Gyða Ó. Guðmundsdóttir

Bjarni R. Guðmundsson

Ragnheiður Guðmundsdóttir

Sveinn H. Guðmundsson

Hildur Rebekka Guðmundsdóttir

ömmubörn, langömmubörn og langlangömmubörn.

Guðrún Reynisdóttir

Kolbeinn Kristinsson

Brynja Sveinsdóttir

Lars D. Nielsen

Erna Þórðardóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,

Jóhann G. Sigvaldason

Aðalbraut 55, Raufarhöfn,

sem lést þriðjudaginn 16. ágúst, verður jarðsönginn frá Raufarhafnarkirkju laugardaginn 27. ágúst kl. 14.00.

Pálína A. Valsdóttir

Sæmundur Jóhannsson

Árni Jóhannsson

Þorsteinn S. Jóhannsson

Dagur M. Jóhannsson

Jóhann G. Jóhannsson

Svava B. Mörk

Eydís Hentze

Marin H. Hentze

Helgi J. Hilmarsson

og barnabörn.


Hugrún E. Þorgeirsdóttir

Jóhann Kristmundsson

Guðmundur B. Sigurðsson

John S. Heinesen

Guðný M. Kristjónsdóttir



Opel. Þýski gæðingurinn.

Glænýr Opel.



Nú er ekki lengur hallærislegt að vera praktískur.

Hún er falleg og frábærlega smíðuð. Hún er líka vel búin með ABS EPS hemlavörn, skynvirku fjöðrunarkerfi, sérlega hraðvirkri miðstöð fyrir veturinn, aksturstölvu, stýrisvirkum framljósum og auðvitað geislaspilara og öllu hinu. Hún er aflmikil en líka sparneytin, lipur en rúmgóð. Hún fær fimm stjörnur í árekstrarprófi Euro NCAP.

Hún heitir Opel ASTRA og kostar frá **1.695.000** kr. eða 19.772 kr. á mánuði.*



Opel Astra fékk fimm stjörnur í árekstrarprófi Euro NCAP.



*Bílasamningur Glitnis með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00



Varað við Gunnari

Dálkahöfundur í The Belfast Telegraph segir að það sem leikmenn Linfield þurfa helst að varast í leik gegn sænska liðinu Halmstad í forkeppni UEFA-bikarkeppninnar í kvöld sé Gunnar Heiðar Þorvaldsson, leikmaður Halmstad. Liðin mætast í Norður-Írlandi í kvöld en Gunnar hefur verið iðinn við kolann undanfarið og skorað til að mynda tvær þrennur.

sport
sport@frettabladid.is

MAREL BALDVINSSON: SAMNINGUR HANS VIÐ LOKEREN Í BELGIÚ RENNUR ÚT Í VOR

Gæti alveg hugsað mér að spila með Blikum

Knattspyrnumaðurinn Marel Baldvinsson, sem er á mála hjá Lokeren í Belgíu, hefur að undanföngu verið orðaður við sitt gamla félag hér á Íslandi, Breiðablik. Marel hefur átt við erfið meiðsl að stríða á hné í sjö mánuði en vonast nú til þess að meiðslatímabilið sé að baki. „Ég á við brjóskeyðingu í hné að stríða og það er erfið fyrir mig að þola álagið sem fylgir því að vera atvinnumaður meðan þessi meiðsl laggast ekki. Síðustu mánuðir hafa verið erfiðir en ég er þó farinn að æfa meira núna en ég gerði og vonandi fæ ég tækifæri á því að reyna mig í leikjum á næstunni.“

Marel er ánægður með lífið í Belgíu, þó staðan mætti vera betri í fótboltanum, en Íslendingarnir hjá Lokeren, Arnar Viðarsson, Arnar Grétarsson, Rúnar Kristinsson og Marel, halda mikið hópinn. „Við spilum reglulega golf, þar sem hörd keppni fer fram okkar á milli. Ég reyni nú alltaf að standa mig þar þó ég hafi

ekki getað beitt mér eins mikið og ég vildi á fótboltavellinum.“

Eftir nokkur ár, þar sem hann hefur lítið getað beitt sér vegna meiðsla, getur hann vel hugsað sér að koma heim og byggja sig upp að nýju. „Það kemur alveg til greina að koma heim þegar samningnum mínum lýkur, en það er ekki fyrr en næsta vor þegar keppnistímabilinu lýkur. Auðvitað væri gaman að fara í Breiðablik en ég hef ekkert heyrt af áhuga félaga á Íslandi á mér, enda er ég samningsbundinn Lokeren og hef ekki mikið verið að velja þessum málum fyrir mér. En það er ánægjulegt að Breiðablik skuli vera komið í efstu deild og ef það er mikill metnaður hjá félaginu á næstu leiktíð kemur vel til greina að spila með því, alveg eins og hverju öðru metnaðarfullu félagi,“ segir Marel.



> Við tökum hattinn ofan ...

... fyrir kvennaliði Breiðabliks, sem í gær sýndi enn og sannaði styrk sinn. Breiðablik hefur nú unnið helstu keppnautu sína í Val þrisvar sinnum í röð, með markatölunni 10-2. Það var búist við miklu af Valsliðinu í sumar en það hefur hins vegar ekki átt nein svör við sterkri liðsheild Blika-stúlkna sem eiga góða möguleika á að vinna tvöfalt í ár.

> Við hlökkum til ...

... að sjá Keflvíkinga mæta hinu öflugna liði Mainz frá Þýskalandi á Laugardalsvelli í kvöld en þýska liðið er klárlega sterkasta félagsliðið sem mætir hingað til lands í ár.



Viltu PSP?
Aðalvinningur er PSP + 4 leikir!

Sendu SMS skilaboð
BYC PSP á númerið
1900!

Styrkdu einni spurningu um
PlayStation og þú getur unnið!
+12 hver vinnur!

PlayStation 2

sena

PSP

Eiður Smári var ekki með og Chelsea skoraði fjögur

Chelsea er eitt á toppnum eftir leiki gærkvöldsins í ensku úrvalsdeildinni. Frank Lampard skorað tvö mörk í 4-0 sigri á West Bromwich Albion.

FÓTBOLTI Frank Lampard fagnaði því að vera orðinn pabbi með því að skora tvö mörk í 4-0 sigri Chelsea á West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni en okkar maður, Eiður Smári Guðjohnsen, þurfti að sætta sig við að sitja uppi í stúku þar sem hann var ekki í leikmannahópnum. Chelsea-liðið var ekki sannfærandi í fyrstu tveimur leikjum sínum þrátt fyrir að vinna báða leikina 1-0 en í gær var allt annað uppi á teningnum og Chelsea hafði getað skorað mun fleiri mörk.

„Við spiluðum mjög vel, það var mikið sjálfstraust í okkar leik og við vorum mjög þéttir allan tímann. Við spiluðum miklu betri leik en gegn Arsenal, það voru engin vandræði í vörninni og við vorum líklegir til að skora allan tímann,“ sagði Jose Mourinho, stjóri Chelsea, eftir leik.

Thierry Henry vantar aðeins eitt mark upp á að jafna markamet Arsenal sem Ian Wright á. Frakkinn snjalli skoraði tvö mörk í 4-1 sigri Arsenal á Fulham og það skipti ekki máli þótt Fulham kæmist yfir í leiknum, Pascal Cygan jafnaði fyrir hálfleik og Arsenal



PABBADANS Frank Lampard og John Terry fagna hér marki þess fyrrnefnda en Lampard, sem er nýorðinn pabbi, skoraði tvö mörk í gær.

skoraði síðan þrjú mörk í seinni hálfleiknum. Cygan hafði aðeins skorað eitt mark fyrir félagið fyrir leikinn í gær og hafði ekkert komið við sögu í fyrstu tveimur leikjunum í úrvalsdeildinni. „Við sköpuðum fullt af færum og höfðum andlegan styrk til að halda áfram eftir að við lentum undir. Pascal Cygan lék mjög vel, okkur vantaði meiri reynslu í vörnina og ég vildi hvíla Philippe Senderos. Ég var

líka ánægður með Henry, sem leiddi liðið í kvöld, og þá sannaði Dennis Bergkamp enn á ný hversu góður leikmaður hann er,“ sagði Arsene Wenger eftir leikinn.

Þá vann Bolton sinn fyrsta sigur þegar liðið vann 2-0 sigur á Newcastle, sem á enn eftir að skora eftir þrjá leiki og stóllinn hans Graeme Souness er því orðinn rauðglóandi.

ooj@frettabladid.is



Kvöldskóli BHS

Innritun í málmíðndeild kvöldskóla Borgarholtskóla verður eftirfarandi daga:

miðvikudag 24. ágúst kl. 17 - 19
fimmtudag 25. ágúst kl. 17 - 19
föstudag 26. ágúst kl. 17 - 19
laugardag 27. ágúst kl. 11 - 14

Eftirtaldir áfangar verða í boði fyrir almennt bóknað og allar málmíðngreinar. Tívalið fyrir þá sem eru að fara í sveinspróf í málmíðngreinum. Kennar eru allar suðugreinar, s.s. MIG/MAG, TIG, logsuða og rafsúða.

Þá eru í boði allir áfangar í rennismíði, handa- og plötuvinnu, ásamt áfþvélavirkjun og áfangar fyrir pipulagnir og fl.

Bóklegt efni	Fagbóklegt efni	Teikningar	Verklegt
BOK - 102	IRB - 122	CAD - 113	HSU-102/202
DAN - 102	IRM - 132	GRT - 103	LSU-102/202
ENS - 202	IVT - 112	GRT - 203	RSU-102/202
ENS - 102	KÆL-102	ITB allir áfangar	
ENS - 212	VFR - 102	ITM - 114	REN-103/203
ISL - 102	VHM - 102	ITM - 213	REN-303/313
ISL - 202	VLV - 112	MRM - 102	REN-403/413
STÆ - 102	VTB - 152	RAT - 102	VVR-123
STÆ - 122	VTV - 152	RÖK - 102	AVV-103/203
	STY - 102	TTÖ - 102	HVM-103/203
			REN-103/203
			PLV-102/202
			VVR-204
			VVR-214

Upphaf kennslu: mánudag 29. ágúst frá 18:10-22:30

Lok kennslu: laugardaginn 3. desember frá 8:10-12:30

Athugið að áfangar geta fallið niður, náist ekki nægur fjöldi í hópa

Innritunargjald er kr. 14000. Verð á bóklega einingu er kr. 1500 og verklega einingu kr. 3000. Hámarksgreiðsla er kr. 40.000

Sími: 535-1716 í málmdeild

www.bhs.is

Forkeppni Meistaradeildarinnar kláraðist í gær:

United áfram en svekkjandi hjá Árna Gaut

FÓTBOLTI Lið Manchester United er komið áfram í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu eftir sannfærandi sigur á ungerska liðinu Debrecen á útivelli. Samanlagt vann United leikina tvo 6-0 en það var varnarjaxlinn Gabriel Heinze, sem skoraði tvívegis, sem var maður leiksins. Annað enskt lið var í eldínunni en Everton tapaði, 2-1, fyrir Villarreal á Spáni, rétt eins og á heimavelli.

Alls voru átta leikir háðir um jafn mörg laus sæti í riðlakeppninni og áttum við Íslendingar einn fulltrúa þar. Það var Árni Gautur Arason, sem stóð eins og

venjulega milli stanganna hjá Vlerenga. Norska liðið mætti Club Brugge á útivelli en fyrri leik liðanna lauk með 1-0 sigri Vlerenga. Árni Gautur átti hreint út sagt stórleik í markinu, varði stórglæsilega margt í leiknum og náði að halda markinu hreinu í 79 mínútur, þar til heimamenn skoruðu loksins eftir að hafa legið í sókn allan leikinn.

Það var því framlengt og hélt Árni Gautur hreinu þar en varð svo að jata sig sigraðan í vítaspyrnukeppninni, þrátt fyrir að hafa verið eitt víti. Félagar hans misnotuðu hins vegar tvær spyrnur.

-esá



LEIKMENN UNITED FAGNA Leikmenn Manchester United hópast í kringum Gabriel Heinze, sem skoraði tvö marka sinna manna gegn ungerska liðinu Debrecen í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY

LEIKIR GÆRDAGSINS

VISA bikar kvenna:

BREIÐABLIK-VÁLUR 4-0
 1-0 Erna Björk Sigurðardóttir (44.), 2-0 Greta Mjöll Samúelsdóttir (69.), 3-0 Greta Mjöll (83.), 4-0 Greta Mjöll (90.).
KR-FJÖLNIR 6-2
 1-0 Fjóla Dröfn Friðriksdóttir (5.), 2-0 Vanja Stefanovic (9.), 3-0 Fjóla Dröfn (19.), 3-0 Guðrún Sóley Gunnarsdóttir (30.), 5-0 Ásgerður Ingibergsdóttir (39.), 5-1 Edda María Birgisdóttir (58.), 6-1 Hrefna Huld Jóhannesdóttir (63.), 6-2 Helga Franklinsdóttir (89.).

Enska úrvalsdeildin:

ARSENAL-FULHAM 4-1
 0-1 Claus Jensen (23.), 1-1 Pascal Cygan (31.), 2-1 Thierry Henry (53.), 3-1 Thierry Henry (82.), 4-1 Pascal Cygan (90.).
CHELSEA-WBA 4-0
 1-0 Lampard (23.), 2-0 Joe Cole (45.), 3-0 Didier Drogba (68.), 4-0 Lampard (81.).
BALCKBURN-TOTTENHAM 0-0
BOLTON-NEWCASTLE 2-0
 1-0 El-Hadji Diouf (37.), 2-0 Stelios Giannakopoulos (50.).

Meistaradeild Evrópu:

SLAVIA PRAG-ANDERLECHT 0-2
 Anderlecht komst áfram í riðlakeppnina, 4-1 samanlagt.
AJAX-BRÖNDBY 3-1
 Ajax komst áfram, 5-2 samanlagt.
CLUB BRUGGE-VÁLERENGA 1-0
 Club Brugge komst áfram eftir vítaspyrnukeppni.
Arni Gautur Arason lék allan leikinn fyrir Válerenga og varð eitt víti í vítaspyrnukeppninni.
DEBRECEŊ-MAN. UTD. 0-3
 Manchester United komst áfram, 6-0 samanlagt. Gabriel Heinze (2) og Kieran Richardson skoruðu mörk Manchester United í leiknum.
RANGERS-ANORTHOSIS 2-0
 Rangers komst áfram, 4-1 samanlagt.
W. BREMEN-BASEL 3-0
 Werder Bremen komst áfram, 3-2 samanlagt.
INTER-SHAKTAR DONETSK 1-1
 Inter komst áfram, 3-1 samanlagt.
VILLARREAL-EVERTON 2-1
 Villarreal komst áfram, 4-2 samanlagt.

Norska 1. deildin:

STABÆK-MOSS 0-1
 Veigar Páll Gunnarsson var í byrjunarliði Stabæk.

Greta Mjöll með þrennu og Blikar í bikarúrslitin

Valsstelpur eiga ekkert svar við skipulögðu og vel stemmdu liði Blika, sem hafa unnið alla þrjá leiki liðanna í sumar. Valsliðið fer því titlalaust frá þessu sumri.

FÓTBOLTI Breiðablik er komið í bikarúrslit VISA-bikars kvenna eftir 4-0 sigur á Val í undanúrslitaleik liðanna á Kópavogsvelli í gær og er búið að taka stórt skref í átt að tvöföldum sigri í sumar. Hvorugur titillinn er þó í höfn en mæti Blikar jafn samstíga í komandi leiki og í gær stenst ekkert íslenskt lið þeim snúninginn. Greta Mjöll Samúelsdóttir heldur áfram að fara illa með varnarmenn Vals, sem ráða ekkert við hinn kröftuga og eldfljóta framherja Blika sem hefur skorað fimm mörk í þremur leikjum liðanna í sumar. Greta skoraði þrennu í seinni hálfleik í gær eftir að Erna Björk Sigurðardóttir hafði skorað fyrsta markið rétt fyrir hálfleik.



MARKASKORARAR BREIÐABLIKS FAGNA Blikastúlkur skoruðu fjögur mörk gegn Val í gær. Guðlaug Jónsdóttir, sem lagði upp fyrstu tvö mörkin, og Greta Mjöll Samúelsdóttir (9), sem skoraði þrennu í seinni hálfleik, fagna hér Ernu Björk Sigurðardóttur eftir að hún hafði komið Breiðabliki yfir rétt fyrir hálfleik.

„Þetta er algjört æði og þetta er ekkert heppni því við erum núna búnar að vinna þær þrisvar í röð. Loksins ætti fólk að sjá að við erum með besta liðið,“ sagði Greta Mjöll en hún hefur skorað sjö mörk í þremur bikarleikjum Blika. Valsliðið var eins og í hinum leikjunum meira með boltann en ráðalaus og hugmyndasnaður sóknarleikur liðsins náði aldrei að ógna Blikavörninni verulega og fyrir vikið fékk besti leikmaður Landsbankadeildarinnar í sumar, Þóra Björg Helgadóttir, mun minna að gera í gær en flestir höfðu búist við. Þóra sýndi þó sitt einstaka öryggi en það var annars nóg af grænum hetjum á Kópavogsvellinum í gær enda Blikaliðið að spila mjög vel gegn stressuðu og hugmyndalítu Valsliði.

Úlfar Hinriksson, þjálfari Blika, hefur fundið uppskriftina að því að vinna hið frábæra lið Vals. „Tölur leiksins benda kannski til þess að þetta hafi verið upprúllun en þetta var samt hörku fótbolta-leikur. Það er frábært að vinna lið sem er á góðri leið í Evrópukeppni og það er glæsilegt hjá okkur að taka þær svona sannfærandi í þremur leikjum. Við ætluðum okkur þetta, við erum ekkert miklu betri en þær en hungrið er okkar megin,“ sagði Úlfar. Íris Andrésdóttir, fyrirliði Vals, var niðurlátur í leikslok enda ljóst að hún lyftir engum bikurum í ár.

„Það er ekki nema að við verðum Evrópumeistarar,“ sagði Íris í léttu gríni en gat þó ekki falið vonbrigðin. „Við ætluðum okkur sigur í dag en ég veit bara ekki hvað klikkaði. Þetta eru tvö bestu lið landsins og þetta er ekki getumunurinn á liðunum. Munurinn er að þær nýta sín færi en ekki við. Ef ég væri sálfræðingur væri ég örugglega búin að greina hvað væri að. Það er ekki gott að við getum farið erlendis í Evrópukeppni og sýnt frábæran fótbolta þar sem enginn sér okkur en komið svo heim og sýnt svona spilamennsku,“ sagði Íris að lokum.



Real samþykkir tilboð: Owen er á leið til Englands

FÓTBOLTI Enska landsliðsframherjinn Michael Owen er á leið til Englands á nýjan leik eftir að hafa verið á mála hjá Real Madrid á Spáni í eitt ár. Real Madrid tók í gær tilboði frá Newcastle United í Owen upp á rúmlega fimmtán milljónir punda og er Owen tilbúinn að ganga til liðs við félagið ef Liverpool hefur ekki áhuga á kröftum hans.

„Ég vil fá svar frá Liverpool áður en ég ákveð að fara til Newcastle. Það er alveg ljóst í mínum huga að Liverpool er fyrsti kostur á Englandi. Eins og staðan er núna er Newcastle kostur númer tvö, en ef ekkert tilboð berst frá Liverpool er ég tilbúinn að fara til Newcastle ef samningar nást,“ sagði Owen.

Í tilkynningu frá Real Madrid í gær var staðfest að tilboð Newcastle væri á borðinu og biði aðeins ákvörðunar leikmannsins, en ekkert hefur heyrst frá forráðamönnum Liverpool, sem enn hafa ekki gert upp hug sinn varðandi framherjann.

„Það hefur algeran forgang fyrir mig að vera í enska landsliðinu á HM í Þýskalandi næsta sumar og til að ná því takmarki verð ég að fá að spila eitthvað. Það sýnist mér útilokað ef ég verð áfram hér á Spáni,“ sagði Owen. „Ég er því afar þakklátur forráðamönnum Real Madrid fyrir að leyfa mér að snúa aftur til Englands.“

Chevrolet gæði, frábært verð!

Fjölskyldubíllinn Chevrolet Lacetti er einstaklega vel búinn bíll á frábæru verði. Staðalbúnaður innifelur m.a: 1,8 ltr. 122 hestafla vél, regnskynjara á framrúðu, TCS veggrips-stýringu, spólvörn, þokuljós, útvarp með 5 diska geislasplara og kassetutæki, 8 hátalarar, rafknúnar rúðuvindur og útispeglar, leðurklætt velti- og aðráttarstýri, hljómtækjastillir í stýrishjóli, aflstýri sem þyngist með auknum hraða, þriggja punkta bílbelti í öllum sætum og m.fl.

Allt þetta fyrir aðeins **kr. 1.699.000**

beinskiptur

kr. 1.899.000 sjálfskiptur

Nýtið ykkur hagstætt gengi !

Verð aðeins kr. 1.699.000



Kalos SE kr. 1.199.000,-

Lacetti sport kr. 1.499.000,-

Lacetti cdx kr. 1.599.000,-

Lacetti cdx Station kr. 1.699.000,-

Evanda kr. 2.399.000,-



Komdu, skoðaðu og reynsluaktu Chevrolet Lacetti.

Opið virka daga 09 - 18. Laugardaga 12 - 16.

Bílasalan Ós • Njarðarnes 1 • 603 Akureyri • Sími 462 1430

Bilabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is



CHEVROLET

HVAD? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

22 23 24 25 26 27 28

Fimmtudagur

LEIKIR

- 19.15 Keflavík tekur á móti þýska liðinu Mainz í Evrópukeppni félagsliða á Laugardalsvelli.
- 18.30 Víkingur og Breiðablik mætast í 1. deild karla á Víkingsvelli.

SJÓNVARP

- 07.00 Olíssport á Sýn.
- 07.30 Olíssport á Sýn.
- 08.00 Olíssport á Sýn.
- 08.30 Olíssport á Sýn.
- 14.00 Dregið í riðla á Meistaradeild Evrópu á Sýn.



- 15.10 Bestu bikarmörkin á Englandi á Sýn.
- 16.30 Olíssport á Sýn.
- 16.50 Bikarkvöld á RÚV.
- 17.00 Kraftasport á Sýn.
- 17.30 Bandaríska PGA-mótaröðin í golfi á Sýn.
- 18.00 Meistaradeild Evrópu á Sýn.
- 18.30 Liverpool-CSKA Sofia á Sýn.
- 20.50 Dregið í riðla í Meistaradeild Evrópu á Sýn.
- 22.00 Olíssport á Sýn.
- 23.00 Villarreal-Everton í Meistaradeild Evrópu á Sýn.



AXEL BUSENKELL OG JÜRGEN KLOPP Knattspyrnustjóri Mainz og aðstoðarmaður hans segja leikmenn sína staðráðna í því að vinna leikinn gegn Keflavík. Mainz hefur ekki byrjað vel í þýsku úrvalsdeildinni en liðið var í ellefta sæti á síðustu leiktíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Ekkert vanmat hjá Mainz

Keflavík leikur í kvöld seinni leik sinn gegn þýska úrvalsdeildarliðinu Mainz á Laugardalsvelli, en fyrri leiknum lauk með 2-0 sigri Mainz.

FÓTBOLTI Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Mainz, var ekki of sigurviss fyrir leikinn en var þó viss um að þýska liðið ætti að hafa sigur í leiknum ef það sýndi sitt rétta andlit. „Við vorum sterkara liðið í fyrri leiknum og hefðum vel getað unnið leikinn með meiri mun, en góð frammistaða markvarðarins kom í veg fyrir stærri sigur okkar.“ Ómar Jóhannsson, markvörður Keflavíkur, átti stórleik í fyrri leiknum og kom í veg fyrir stærra tap Keflavíkur með frábærri markvörslu.

Klopp sagði leikmenn sína vel meðvitaða um mikilvægi leiksins og var viss um að þeir myndu ekki vanmeta andstæðingana

„Það má alls ekki vanmeta lið í Evrópukeppni. Það eru leikmenn í liði Keflavíkur sem við verðum að hafa góðar gætur á. Guðmundur Steinarsson og Hörður Sveinsson hafa báðir spilað vel í deildakeppninni hér á Íslandi og við verðum að vara okkur á þeim. Aðstæðurnar eru líka ekki þær eins og við eigum að venjast. Við höfum ekki oft leikið í vindi eins og var á fyrstu æfingunni okkar en við verðum bara að venjast þessu og spila góðan fótbolta. Það verður mikilvægt að halda boltanum niðri ef það verður mikill vindur og svo verðum við helst að skora mark fljótlega í leiknum til þess að stjórna leiknum betur.“

Klopp sagðist hafa rætt við Helga Kolviðsson, fyrrverandi landsliðsmann Íslands, en hann lék með Mainz um tíma. „Hann sagði okkur lítilega frá liðinu og við vitum hverju má búast við.“

Christof Babatz, miðjumaður Mainz, sagði spilamennsku Keflavíkinga í fyrri leiknum ekki hafa komið sér á óvart. „Leikurinn á okkar heimavelli var svipaður og við bjuggumst við. Keflavíkingar vörðust ágætlega en við áttum að skora fleiri mörk. Það er mikilvægt fyrir félagið að vinna þennan leik gegn Keflavík og það ætlum við okkur að gera.“

- mh

ÚR SPORTINU

Chris Coleman, knattspyrnustjóri Fulham, hefur ekki hug á því að selja Frakkann **Steed Malbranque**, en mörg félög hafa reynt að fá hann í sínar raðir að undanfögnu. **Coleman** segir ekki koma til greina að láta einn af sínum bestu mönnum fara frá félaginu. „Það væri óábyrgt af mér sem knattspyrnustjóra að selja **Malbranque** til einhvers annars félags. Hann er einn af bestu leikmönnum Fulham og ég get auðvitað ekki sætt mig við það ef hann verður seldur. Það er mikið verk fram undan hjá leikmönnum og þjálfurum og það kemur ekki til greina að selja **Malbranque**.“

Shefki Kuqi, leikmaður Blackburn Rovers, segist þakka guði fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að standa sig í úrvalsdeildinni. **Kuqi**, sem er upphaflega frá Kosovo en er með finnskan ríkisborgarétt, hefur byrjað leiktíðina vel og átt þátt í tveimur mörkum Blackburn-liðsins. „Ég bjóst ekki við því þegar ég fór til Finnlands að ég yrði að spila í ensku úrvalsdeildinni nokkrum árum síðar. Mér finnst auðvitað dásamlegt að fá tækifæri til að spila með liði eins og Blackburn og nú verð ég að standa mig vel.“ **Kuqi** hefur verið í byrjunarliði Blackburn í fyrstu tveimur leikjum liðsins og verið liflegur í fremstu víglínu.

Benedict McCarthy, landsliðsmaður Suður-Afríku, hefur verið orðaður við West Ham að undanfögnu en hann leikur með Porto í Portugal. West Ham er að leita sér að framlínumanni til þess að vera til taks ef gamla brýnið **Teddy Sheringham** meiddist, en hann hefur leikið stórt hlutverk í liði West Ham í fyrstu leikjunum í úrvalsdeildinni. **Rob Moore**, umboðsmaður **McCarthy**, staðfesti við fjölmiðla í gær að tilboð hefði borist í leikmanninn. „Það barst tilboð í **McCarthy** frá West Ham en það þótti ekki nógu gott. Það er synd því **McCarthy** hefur mikið áhuga á því að spila í Englandi.“





KR-INGAR UNNU Í FYRRA Steinar Kaldal sést hér með bikarinn sem KR-ingar fengu fyrir að vinna Valsmótið í fyrra.

Tímabil körfuboltamanna að fara af stað:

Fimmtánda hraðmót Vals hefst í kvöld

KÖRFUBOLTI Tímabil körfuboltamanna fer af stað í kvöld þegar hið árlega hraðmót Valsmanna hefst en þetta undirbúningsmót er orðið fastur liður hjá flestum körfuboltaliðum landsins.

Ellefu félag eru skráð til leiks að þessu sinni, níu úrvalsdeildarfélag og tvö 1. deildarfélag. Liðin eru Njarðvík, Keflavík, Grindavík, KR, Fjölnir, ÍR, Haukar, Skallagrímur og Þór Akureyri og svo gestgjafar Vals og lið Breiðabliks úr 1. deild. Aðeins þrjú úrvalsdeildarfélag senda ekki lið til leiks; Snæfell, Hamar og Höttur. Leikið er í tveimur 12 mínútna hálfleikjum án leikhléa í riðlakeppninni en úrslitaleikurinn er síðan tvisvar sinnum 18 mínútur. Að öðru leyti gilda reglur KKÍ um körfuknattleik.

Skipuð verður aganefnd sem tekur á þeim agabrotum sem upp

kunna að koma á mótinu. Þetta er fimmtánda árið í röð sem þetta mót fer fram en í fyrra unnu KR-ingar Valsmótið þegar þeir lögðu ÍR-inga, 67-53, í úrslitaleik. Keflvíkingar hafa oftast unnið mótið, sjö sinnum alls, síðast árin 2002 og 2003.

Valsmenn standa á tímamótum og halda ekki mótið á Hlíðarenda að þessu sinni þar sem búið er að rífa Kofann og bygging nýs og glæsilegs íþróttamannvirkis stendur yfir. Þess í stað halda Valsmenn mótið í Íþróttahúsi Kennaraháskólans, þar sem þeir munu spila heimaleiki sína í 1. deildinni í vetur.

Fyrsti leikurinn í kvöld er viðureign Hauka og Fjölnis en síðan er leikið á föstudag, laugardag og sunnudag allt fram á sunnudagskvöld þegar úrslitaleikurinn fer fram.

- ooj



REGATTA
GREAT OUTDOORS™

Nýjar barnavörur - 50% tilboð



Regnbuxur kr. 990 – 1.490

Flispeysur kr. 1.490 – 3.490

Úlpur kr. 3.290 – 4.490

Snjóbuxur kr. 2.790 – 4.490

Skór kr. 3.290 – 4.790

Húfur, vettlingar,
hanskar, treflar ofl.

Opið
virka daga 10 – 18
laugard. 11 - 16

ÚTIVIST & SPORT

verslun / hýpa- og hýrtekkjómista

Reykjavík, Fossvogur 12 S. 533-1550 Akureyri, Strandgata 3 S. 464-4450 Keflavík, Hafnargata 25 S. 421-3322



Skipum okkur á bekk þeirra bestu

Samskip eru öflugt alþjóðafyrirtæki í flutningaþjónustu með starfsemi og skrifstofur í Evrópu, Ameríku og Asíu. Þar að auki erum við með umboð og samstarf við fjölda flutningafyrirtækja um allan heim.

Fullkominn skipa- og tækjakostur, frábært starfsfólk og áreiðanlegir samstarfsaðilar skila vörinni á áfangastað fljótt og vel.

Samskip - Yfir lönd yfir höf.

SAMSKIP



Sjálfbodastörf

Guatemala, Costa Rica, Suður Afríka, Perú og Inland

Að vinna að sjálfbodastörfum er gott tækifæri til þess að læra tungumál og kynna framandi menningu. Dvölin hefst á málanámi og undirbúningi fyrir störf hjá hjálparstofnunum, þjódgördum og við samfélagsþjónustu.



Færð þú MasterCard Ferðavísun?



STÚDENTAFERÐIR
exit.is

Bankastræti 10 + Sími 562 23 62 + info@exit.is + www.exit.is

STUÐ MILLI STRÍÐA : Löggan tæklar misvillta villimenn

DÝRAVINURINN SÓLEY KALDAL UNDRAR SIG Á VIÐBRÖGÐUM TAUGAVEIKLAÐRA HUNDAEIGENDA.



MYND: HELGI SIGURSSON

Einu sinni var ég stódd á Geirsnefi með eðlisfræðibekknun mínun þar sem við hugðumst gera eina stutta tilraun. Í henni var tveimur litlum hátölurum stillt upp á ákveðinn hátt, þannig að stæði maður í vissri fjarlægð heyrðist nánast ekkert í þeim vegna svokallaðrar eyðandi samliðunar. Úr hátölurum varpaðist hljóð svipað sóni í síma og þarna stóð lítill hópur áhugasamra nema sem reyndu að finna hljóðlausu punktinn.

Eitthvað fór þessi tilraun svakalega fyrir brjósti á tveimur hundaeigendum sem voru þarna og héldu því fram að sónninn gerði dýrin

snælduvitlaus. Ég held nú frekar að fólkið hafi verið snælduvitlaust því eftir að það hringdi á lögregluna reyndi það að framkvæma borgaralega handtöku á þessum eðlisfræðiglæpamönnum.

Nú eru eðlisfræðinemar upp til hópa ekki mjög árásgjarnt fólk og þeir leysa frekar sín vandamál með rökfræðilögum en handalögum. Þrátt fyrir það var hundafólkið í svo miklum ham að það beitti meira að segja bílum sínum gegn hinum tilvonandi eðlisfræðingum. Lögreglan var svo ekki lengi að vinna sér á staðinn og tók kennarann alvarlegu tiltali sem endaði með því að hann og einn nemandi fóru upp á lögreglustöð.

Lögreglan á hrós skilið fyrir

skjót viðbrögð en í kjölfar þessa hasarleiks fór ég að velja því fyrir mér hvort áherslur löggunnar væru kannski örliðið skakkar. Ég hefði til dæmis gjarnan vilja sjá einhverja lögreglumenn þegar ég gekk í gegnum miðbæ Reykjavíkur á Menningarnótt þar sem ég óttaðist um líf og limi innan um allar ryskingarnar, brothljóðin og sauðdrukkna unglina. Fjarveru þeirra má þó senni-lega rekja til þess að þeir hafi allir verið önnur kafnir við að reyna að hafa hemil á múgnum því stundum láta Íslendingar bara eins og verstu villimenn. Það verður þó að segjast að einu villimennirnir á Geirsnefinu þennan dag fyrir nokkru voru hundaeigendurnir og þeir voru allveg látnir í friði.

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



90,9

ER ÞAÐ SVO? Í umsjón Ólafs B. Guðnasonar. Á Talstöðinni alla miðvikudaga kl. 14.

SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

3	2	1	6	9	4	8	7	5
4	6	9	7	8	5	3	1	2
5	8	7	2	3	1	6	9	4
1	9	3	8	2	7	4	5	6
2	7	5	4	6	3	9	8	1
8	4	6	1	5	9	7	2	3
7	5	4	3	1	8	2	6	9
9	3	2	5	7	6	1	4	8
6	1	8	9	4	2	5	3	7

4			1					3
	9	6	4	5		2	1	
	5			8	2			6
		9					8	5
	3	2		4		9	7	
5	6					3		
	1		7	9				3
	8	4		2	3	1	9	
9				6				2

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

20% afsláttur af öllum stígvélum



Gúmmistígvél
blá, bleik, st. 21-30



Gúmmistígvél loðfóðruð
bleik, st. 24-33



Gúmmistígvél
blá, bleik, st. 22-35



Gúmmistígvél
blá, bleik, st. 21-32



Gúmmistígvél loðfóðruð
svört, bleik, st. 23-34



Gúmmistígvél
blá, bleik, st. 36-41



Gúmmistígvél
dökkblá, bleik, st. 21-32



Gúmmistígvél
silfur, rauð, blá, st. 21-34



Gúmmistígvél
svört, st. 36-46

Gildir til 28. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Jasshátíðin, Jazz undir fjöllum, verður haldin í Skógum undir Eyjafjöllum um helgina. Hátíðin er samstarfsverkefni Áhugahóps um Jass undir fjöllum og Byggðasafnsins í Skógum. Skipuleggjandi tónlistaratriða er Sigurður Flosason saxófónleikari. Alls koma fram átta landsþekktir jassónlistarmenn, en þeir munu leika saman í ýmsum samsetningum. Þátttakendur eru eftirfarandi: Björn Thoroddsen, Gunnar Gunnarsson, Matthías Hemstock, Ómar Guðjónsson, Óskar Guðjónsson, Pétur Grétarsson, Sigurður Flosason og Tómas R. Einarsson.

menning

menning@frettabladid.is

Tónlistarveisla í Þjóðleikhúskjallaranum

Í kvöld klukkan 21.00 verður tónlistarveisla í Þjóðleikhúskjallaranum þar sem leikinn verður rjóminn af því sem flutt var á Kammertónleikum á Kirkjubæjarklaustri fyrr í mánuðinum.

Margir landsþekktir tónlistarmenn koma fram á tónleikumunum, svo sem eins og Björn Thoroddsen gítarleikari, Egill Ólafsson söngvari, Gunnar Þórðarson gítarleikari og píanóleikari Edda Erlendsdóttir. Þau ásamt flytjendum Auði Hafsteinsdóttur fiðluleikara, Bryndís Höllu Gylfadóttur sellóleikara, Oliver Manoury bandoneonleikara og Jóni Rafnssyni kontrabassaleikara munu flytja tónlist eftir Astor Piazzolla. Duke Ellington, Janáček, Gunnar Þórðarson, Egill Ólafsson, Björn Thoroddsen og fleiri. Miðaverð er 1600 krónur.



Í ÞJÓÐLEIKHÚSKJALLARANUM Í KVÖLD Nokkrir flytjenda sem koma fram á tónleikum í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld.

> Ekki missa af ...



...útgáfutónleikum dúettsins **MoR** klukkan 21.00 á **Hótel Borg** í kvöld. MoR er skipaður Margréti Eir söngkonu og Róberti Þorhallssyni bassaleika og flytja þau lög af fyrstu plötunni sem þau gefa út saman.

...tónleikum með **Mike Pollock** á **Nelly's Café** klukkan 22.00 í kvöld.

...opnun á sýningu **Margrétar Guðmundsdóttur** í **Grafíkafni Íslands** klukkan 15.00 á morgun.

KRINGLUKRÁIN

Sérréttamatseðill
Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
Hópamatseðill

Borðapantanir í síma 568 0878 www.kringlukrain.is

Stjörpa eftir Thom MEEH, Dario TRIO & Mari DINKA

Annie

í Austurbæ

10. sýn. sun. 28/8 kl. 16 nokkur sæti laus
11. sýn. fim. 1/9 kl. 19 nokkur sæti laus
12. sýn. sun. 4/9 kl. 16 sæti laus

midl.is
551 4700 & 551 0200

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU

e. Astríð Lindgrén • í samstarfi við Á Þakinu

27.ágúst, kl. 14 / sunnd. 28.ágúst, kl. 14.00 / laugd. 3.sept, kl. 14.00 / sunnd. 4.sept, kl.14.00

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 14-18 mánudaga - laugardaga 12-18 sunnudaga Lokad 2. og 3. júl.



38 milljónir ungmenna eru að breyta heiminum

Fyrir ungt fólk sem vill: Áskoron, ævintýri, vináttu, abyrgð til að byggja betri og friðsælli heim.

Viltu taka þátt?

Kíktu á www.skatar.is eða hafðu samband í síma 5509800 til að fá frekari upplýsingar.

BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA

Ásatrúarfélagið

Auka Allherjarþing laugardaginn 109.
September 2005 kl. 14:00.

Ásatrúarfélagið boðar til auka Allherjarþings í húsnaði félagsins að Grandagarði 8, Reykjavík Laugardaginn 10. September n.k., en eina málið á dagskrá verður öflun samþykkis fundarins á sölu félagsins að Granagarði 8, Reykjavík.

Reykjavík 25. ágúst 2005

F.h. Lögrétta
lögsögumaður

Menningararfurinn gerður aðgengilegur

Ný sýnisbók íslenskrar bókmenntasögu var að koma út hjá bókaforlaginu Bjarti. Bókin nær yfir 1000 ára tímabil í bókmenntasögu þjóðarinnar, allt frá Eddukvæðum og Agli Skallagrímssyni fram til Einars Kvaran.

Bókaforlagið Bjartur hefur gefið út bókina *Ormurinn langi: Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900-1900* í ritstjórn þeirra Braga Halldórssonar, Knúts S. Hafsteinssonar og Ólafs Oddssonar sem allir eru kennarar við Menntaskólann í Reykjavík.

„Þetta er bókmenntasaga sem spannar þúsund ára frá 900 til 1900, alveg frá Eddukvæðum og Agli til Einars Kvaran. Við viljum gera menningararf okkar Íslendinga aðgengilegan fyrir fólk því á meðan aðrar þjóðir hafa kirkjur og gamlar byggingar, leggja menningarverðmæti okkar Íslendinga hvað helst í bókmenntasögunni,“ segir Ólafur Oddsson menntaskólakennari og einn af ritstjórum bókarinnar.

„Við reyndum að gera bókina þannig úr garði að hún höfði til ungdómsins en hún er skrifuð með hliðsjón af námsskrám í framhaldsskólum, jafnframt vildum við að hún staðist fræðilegar kröfur og gæti því einnig höfð að til áhugamanna um bókmenntir,“ segir Ólafur.

Ung myndlistarkona Hrefna Bragadóttir var fengin til þess að myndskreyta bókina og segir Ólafur að henni hafi tekist vel upp. „Ég sýndi dóttur minni bókina um daginn og var hún hrifin, myndirnar lífga upp á bókina og gera hana hressilegri.“

Bókin er vegleg, rúmar 400



BITSTJÓRARNIR OG TEIKNARINN Bragi Halldórsson, Knúts S. Hafsteinsson og Ólafur Oddsson, sem ritstýra Ormunum Langa : Leiftur úr íslenskum bókmenntum, 900-1900, fyrir framan Menntaskólann í Reykjavík þar sem þeir kenna félagarnir. Með þeim á myndinni er Hrefna Bragadóttir sem myndskreytir bókina.

blaðið, og eru orðskýringar og fróðleiksmolar á spássium hennar sem er ætlað að auðvelda og dýpka lestur bókarnar. Bókinni er skipt upp í níu kafla sem hver og einn fjallar um afmarkað viðfangsefni. Í bókinni eru kaflar um Eddukvæði, Dróttkvæði, sagnaritun, helgikvæði, veraldlegan kveðskap á síðmiðöldum, Lærdómsöld: 1550 til 1750, Upplýsingaröld. rómantísku stefnuna og raunsæisstefnuna.

Bókin hefur verið nokkur ár í smíðum og hafa ritstjórar hennar notast við tilraunaútgáfur af henni við kennslu síðastliðin ár. Ólafur segir að þeir félagarnir

hafi svo ákveðið að leggja á sig mikla vinnu í sumar til þess að koma bókinni út í ágúst. „Þetta var heilmikið puð og ég held að ég hafi sjaldan unnið eins mikið og í sumar. Það var mikill agi innan hópsins og fengu menn ákúru ef þeir voru eitthvað slappir eða þurftu að sinna öðru en bókinni. Ég þurfti til dæmis einu sinni að fara í blóðprufu og það var alls ekki vel séð,“ segir Ólafur og hlær dátt. „Þessi bók á að vekja áhuga fólks á bókmenntum. Það eru einhverjir sem segja að ekki eigi að leggja mikla áherslu á kennslu í bókmenntafræði í framhaldsskólunum en við erum ekki sammála því vegna þess að bókmenntirnar eru menningararfur okkar Íslendinga og það þarf að efla kennslu í bókmenntasögu. Bókin er okkar framlag til eflingar þessa menningararfs.“ ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

22 23 24 25 26 27 28

Fimmtudagur

■ ■ ■ TÓNLEIKAR

20.00 Fimmtudaginn 25. ágúst munu Helga Björg Arnardóttir, klarinettuleikari og Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanóleikari halda tónleika í **Íðná**. Á efnskranni eru nokkrar af þeim klarinettutónlistarinnar, meðal annarra verk eftir Robert Schumann, Bohuslav Martinú og Claude Debussy.

21.00 Í kvöld, á **Bar 11**, leiða samnasta sína hljómsveitirnar **Dýrdin** og **Vonbrigði**. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröð Reykjavík Grapevine og Smekkleysu.

21.00 Tónlistarveisla í **Þjóðleikhúsi-**

kjallaranum. Rjóminn af því besta sem flutt var á fjólsóttum **Kammertónleikum á Kirkjubæjarklaustri** í ágúst 2005. Höfundar efnis eru Janáček, Kodaly, Piazzolla, Ellington, Gunnar Þórðarson, Björn Thoroddsen, Egill Ólafsson, og fleiri. Flytjendur eru Auður Hafsteinsdóttir-fiðla, Bryndís Halla Gylfadóttir-selló, Björn Thoroddsen-gítar, Edda Erlendsdóttir-píanó Egill Ólafsson-söngur, Gunnar Þórðarson-gítar, Olivier Manoury-bandoneon og Jón Rafnsson á kontrabassa.

21.00 **MoR** með útgáfutónleika á **Hótel Borg**. Húsið opnar klukkan 20:00 en tónleikarnir hefjast svo klukkan 21:00. Flutt verða löggin af nýttkomnum geisladisk MoR; Duran en þetta er fyrstu diskurinn sem dúettinn gefur út. Dúettinn MoR er skipaður þeim Margréti Eir söngkonu og Róberti Þorhallssyni bassaleikara.

22.00 **Rúnar** með útgáfutónleika á **Grand Rokk**

22.00 **Mike Pollock**, sem gerði garðinn frægan með Utangarðsmönnum, treður upp á **Nelly's Café**

■ ■ ■ OPNANIR

14.00 **Sesselja Halldórsdóttir** sýnir málverk og útsaum í Menningarsalnum á **Hafnarfirði** í Hafnarfirði á fyrstu hæð. Sýningin stendur til 4. október.

■ ■ ■ KVÖLDGÖNGUR

18.15 **Ferðafélagið** stendur fyrir gönguferð á **Esjuna**. Höskuldur Jónsson fyrverandi forseti Ferðafélagsins mun fylgja hópnunum. Lagt verður af stað frá **Bílastæðinu við Mógilsá**. Allir eru velkomnir í gönguna og ókeypis þátttaka.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síð en sólarhring fyrir birtingu.



KIM LARSEN Kim Larsen treður upp ásamt hljómsveitinni Kjukken á þrennum tónleikum á Nasa á næstu dögum.

Fyrstu tónleikarnir í kvöld

Daninn Kim Larsen heldur sína fyrstu tónleika á Íslandi í 17 ár á Nasa í kvöld ásamt hljómsveit sinni Kjukken. Einnig heldur hann tónleika á föstudags- og laugardagskvöld og er löngu uppselt á alla tónleikana.

Larsen vildi að um standandi tónleika yrði að ræða og því verða aðeins örfáir stólar til staðar á Nasa. Á efri hæð hússins verður þó hægt að hvíla lúin bein á meðan á tónleikunum stendur. Staðurinn opnar klukkan 20.00 og stíga

Larsen og Kjukken á svið klukkan 20.30. Tæpum klukkutíma síðar verður gert hlé á dagskránni og síðan spila þeir í klukkutíma í viðbót.

Kim Larsen lýkur sumartónleikaferð sinni um Danmörku hér á landi. Hann hefur gefið út hverja metsöluplötuna á fætur annarri í Danmörku undanfarin fimm ár eftir nokkur mögur ár þar á undan. Það er Austur-Þýskaland sem stendur að komu Kim Larsen til Íslands. ■

Pönkaðar sveitir troða upp

Kvöldið verður pönkað á Bar 11 í kvöld þar sem hljómsveitirnar Vonbrigði og Dýrðin stíga á stökk og hefst gamanið klukkan níu. Tónleikarnir eru liður í tónleikaröð Grapevine og Smekkleysu. Sveitirnar eiga það sameiginlegt að sami trommuleikari spilar í þeim og báðar hljómsveitirnar spila einhvers konar afbrigði af pönki. Hljómsveitin Dýrðin spilar að eigin sögn indie-popp með pönk áhrifum en Vonbrigði er hljómsveit sem var í framlínu pönkbylgjunnar í upphafi níunda áratugarins.



DÝRÐIN



Talstöðin
FM 90,9

Bílar-USA
ÁGÚST TILBOÐ
Nýr F-150 LARIAT
3,950,000,-
bilarusa.is



Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON

Kabarett

í Íslensku óperunni

Næstu sýningar

Föstudaginn 26. ágúst kl. 20.00

Laugardaginn 27. ágúst kl. 20.00

Sunnudaginn 28. ágúst - Örfá sæti laus

Föstudaginn 2. september

Laugardaginn 3. september

Miðar í síma 511 4200, og á www.kabarett.is



D.V.



Annar öryggisvörður mætti fullur og var rekinn

Öryggisvörður rekinn fyrir þjófnað úr Apóteki

þeirir þegar aðrir þegja!

KLIKKUÐ

ÚTSÖLULOK

Á LAUGAVEGI

70%

VÚÚ-HÚÚ!

afsláttur af öllum útsöluvörum



DIESEL - 4YOU - LAURA AIME - MISS SIXTY - BILLI BI - ENERGIE

galleri sautján

Laugavegi s. 512 1717 - www.ntc.is

HAUST 2005

full búð af nýjum fallegum haustvörum

stærðir 34-46

Gerard Darel - DKNY - Nicole Farhi - Paul et Joe

IKKS - Kristensen du Nord - Bruuns Bazaar

Vent Couvert - Naugat - Now - Seller

útsöluhorn:
allar útsöluvörur á 70% afslætti

eva

laugavegi 91
s. 512 1715 www.ntc.is



„Every man... every man has to go through hell to reach paradise.“

Robert De Niro í hlutverki brjálaðingsins Max Cady útskýrir lífsmóttöð sitt á mjög einfaldan hátt í kvikmyndinni Cape Fear, magnaðri endurgerð Martin Scorsese á samnefndri mynd frá 1962.

bíó

bio@frettabladid.is

Fall er fararheill

Jessica Lange var tekin í karphúsið af gagnrýnendum fyrir frammistöðu sína í **King Kong** árið 1976. Svo slæm var útreiðin að hún sást ekki á hvíta tjaldinu í þrjú ár. Lange lærði í leiklist í **Paris** en þegar hún kom heim aftur fékk hún hvergi vinnu. Útlitið bjargaði henni og hún hafði ágætis tekjur af því að sitja fyrir. Henni var síðan boðið áðurnefnt hlutverk í myndinni um risagórelluna en það varð henni síður en svo til framdráttar. Um tíma leit út fyrir að ferillinn væri á enda en Lange lagði ekki árar í bát. Hún nýtti þriggja ára atvinnuleysið í að læra enn frekar leiklist og myndaði tengsl í kvikmyndaheiminum. Lange fékk loks hlutverk á móti sjálfum **Jack Nicholson** í kvikmyndinni **The Postman Always Rings Twice**. Margir slógu þó ákveðinn varnagla og

sögðu Lange fara ansi langt á útlitinu einu saman. Hún þaggaði þó niður í öllum efasemdaröðdum þegar hún fór á kostum sem hinn gullfallega **Julie Nichols** á móti **Dustin Hoffman** í **Tootsie**. Hún fékk **Óskarinn** fyrir frammistöðuna og var ennfremur tilnefnd fyrir leik sinn í **Frances**. Hún stóð því með pálmann í höndunum árið 1983, öllum að óvörum. Frá því hefur Lange hirt **Óskar frænda** einu sinn til viðbótar fyrir kvikmyndina **Blue Sky**. Þar að auki hefur hún verið tilnefnd fjórum sinnum. Hún hefur skapað eftirminnilegar persónur á borð við taugaveikluðu mömmuna í **Cape Fear**. Þrátt fyrir hörð viðbrögð í upphafi ferils síns gróf leikkonan aldrei höfuðið í sandinn og er í dag álitin ein af mikilvægustu leikkonum í sögu **Hollywood**.



> Ekki missa af ...

Wedding Crashers með brúðkaupsboðflennunum **Vince Vaughn** og **Owen Wilson**. Frábær gamanmynd um tvo piparsveina sem ráðast inn í brúðkaupsveislur til að komast í tæri við stelpur. Hlutirnir fara þó úr böndunum þegar annar þeirra verður ástfanginn af dóttur fjármálaráðherra Bandaríkjanna. Þeir sem ekki hrífast af þessari mynd geta brugðið sér á piparsveinamynd af allt öðru tagi, **Broken Flowers** með **Bill Murray** sem fékk Grand Prix-verðlaunin í Cannes.



Gilliam virðir Weinstein-bræðurna

Breski leikstjórinn Terry Gilliam segist virða Weinstein-bræðurna Harvey og Bob, sem framleiddu nýjustu mynd hans um Grimm-bræðurna. Þetta segir hann þrátt fyrir að honum hafi lent ítrekað saman við þá.

Þeir áttu víst ekki skap saman, leikstjórinn og framleiðendurnir, og upp úr sauð allrækilega þegar myndin var á klippiborðinu. Bræðurnir vildu að óhuggulegustu atriðin yrðu klippt burt en Gilliam var andsnúinn því. Að lokum sætti hann sig þó við orðinn hlut. Þá fauk víst töluvert í hann þegar leikkonan Samantha Morton var rekin og Lena Headey fengin í hennar stað.

Gilliam sagði þó að myndin sem Bob Weinstein hefði haft í huga væri ekki myndin sem var gerð. Þegar allt var komið á suðupunkt lét Gilliam sig hverfa og gerði myndina **Tideland**. Þegar hann sneri aftur hafði andrúmsloftið verið hreinsað.



TERRY GILLIAM Terry segist vera sáttur við myndina sína um Grimm-bræðurna þrátt fyrir tíð rifildi við framleiðendur myndarinnar.

„Ég gerði nokkrar breytingar og á endanum klipptum við burt nokkrar dýrustu senurnar,“ sagði

Gilliam. „Ég vildi ekki gera það en skal viðurkenna að hún er betri svona,“ sagði leikstjórinn.



JARMUSCH OG MURRAY Hlutverk Don Johnson var skrifað með Bill Murray í huga, ekki sist með tilliti til hæfileika hans til að gera hluti sprenglæglega.

Kærkomin tilbreyting frá Hollywood

Broken Flowers hefur farið sigurför um heiminn og hlotið einróma lof gagnrýnenda. Leikstjórinn **Jim Jarmusch** er einn fremsti leikstjórinn í sjálfstæða kvikmyndageiranum í Bandaríkjunum.

Kvikmyndin **Broken Flowers** segir frá piparsveininum Don Johnson. Kærastan hefur nýlega hætt með honum og hann er um það bil að falla í sama gamla farið og einangra sig frá heiminum. Hann fær hins vegar óvænt bleikt bréf frá óþekktri ástkonu. Þar stendur að hann eigi níttján ára gamlan son. Sá vill víst ólmur hitta pabba sinn. Fyrir tilstilli nágranna síns og besta vinar, Winston, ákveður Don að leggja upp í ferðalag og leita að syninum meðal allra þeirra ástkvæna sem hann hefur átt í lífinu.

Það eru þau Bill Murray, Jessica Lange og Sharon Stone sem leika aðalhlutverkin í þessari mynd. Ólíkt stjörnunum í myndinni er leikstjórinn **Jim Jarmusch** ekki öllum kunnur. Hann starfar ekki innan Hollywood og hefur tekist að halda sig fjarri þeim sirkus sem þar ríkir. Hann kys frekar að vera einn fárra sem starfa við sjálfstæða kvikmynda-gerð í Bandaríkjunum og að ná frama á þeim grundvelli.

Syndir gegn straumnum

Það er oft sagt að leikarar taki að sér hlutverk í stórum myndum og blóðmjólki kvikmyndaverin laun til þess að geta einbeitt sér að leik í alvöru kvikmyndum. Kvikmyndir Jarmusch eru gott dæmi um slíkan hugsunarhátt. Í **Night on Earth** fór Winona Ryder hamförum í hlutverki leigubílstjóra sem neitar að gefa upp frama sinn sem slíkur fyrir aðalhlutverk í stórrí Hollywood-mynd. Í **Dead Man** fór Johnny Depp á ferðalag um andaheim indíána og þá má ekki gleyma **Ghost Dog: The Way of the Samurai**, mynd sem sló í gegn öllum að óvörum. Persónur Jarmusch eru ólíkar því sem við sjáum í venjulegum kvikmyndum frá Hollywood og kærkomin tilbreyting frá útlitsæðinu sem tröllríður kvikmyndum frá Englaborginni.

Skrifað fyrir Murray

Broken Flowers er talin vera sú Jarmusch-mynd sem höfðar hvað

mest til almennings en hún fékk Grand Prix-verðlaunin í Cannes í vor. Sagan er vissulega forvitnileg en það sem er hins vegar talið skipta mestu máli er leikur Bill Murray, sem er enn ein rósín í hnappagatið hjá þessum magnaða leikara.

„Ég skrifaði handritið alltaf með hann í huga. Ekki það hvernig hann myndi segja einhverjar setningar heldur ákveðnar hliðar á leik hans, hvernig honum tekst að gera suma hluti sprenglæglega,“ segir Jarmusch.

Jarmusch skrifar handritin að myndunum sínum sjálfur og hefur því mikla tengingu við viðfangsefnið þótt hann gefi leikurum sínum svo lausan tauminn í túlkun sinni.

Aðalleikkonurnar fjórar sáu allt handritið en Jarmusch bað þær um að skrifa bréf. „Þær áttu að útskýra hvað þær myndu setja niður á blað ef þær væru í þessari aðstöðu,“ segir Jarmusch, sem síðan endurskrifaði hugsanir þeirra og notaðist við þær í myndinni.

Tileinkuð áhrifavaldi

Annar leikari sem Jarmusch hafði í huga við skriftirnar var Jeffrey Winston. Nafnið hringir kannski ekki neinum bjöllum en hann hefur leikið stór hlutverk í myndum á borð við **Shaft** og **Ali**, auk þess sem hann lék eitt aðalhlutverkanna í endurgerð **Manchurian Candidate**.

„Mig langaði að fá Jeffrey til liðs við mig vegna hæfileika hans sem kamelljón, mig langaði í persónu sem var ekki staðalmynd. Ég vonaðist til þess að hann tæki hlutverkið að sér og ynni persónuna út frá því sem ég hafði skrifað.“

Í upphafi myndarinnar kemur fram að hún sé tileinkuð **Jean Eustache**. Jarmusch sagði að þrátt fyrir að leikstjórinn hefði einungis gert fjórar kvikmyndir hefði hann haft mikil áhrif á hann. „Ef einhverjir fjórir Japanir eða Ungverjar sjá nafnið og kynna sér verk hans er tilganginum náð,“ segir Jarmusch. ■

Sigur Rós fær verðuga samkeppni á tónleikamarkaðnum

Hending aftur saman!

Hljómsveitin Hending frá Búðardal er að koma saman á nýjan leik. Þetta eru stórtíðindi, því þegar sveitin hætti fyrir 20 árum, sóru liðsmenn þess dýran eið, að þeir myndu leika saman aftur í fyrsta lagi þegar frysí í helvíti. Forsprakki Hendingar, Friðrik Finnur Sturluson, sem síðar gekk í Sálina, segir að gróíð sé um heilt og að áhangendur geti farið að hlakka til.

Strákarnir í Hendingu hyggja á stórt og hafa með fulltingi HB-banka keypt allt hlutafé hljómsveitarinnar Galdrakarla, laga-lager Deildarbungubræðra og þrotabú dönsku sveitarinnar Shu Bi Dua Group, sem Baugur eignaðist við yfirtökuna á Illum. ■

FRÍÐRIK F. STURLUSON: Hlakkar til að spila gömlu lögin



SÁLAR SUMARIÐ 2005

Sálina

hansjónsmíns

Um helgina: Bolungarvík, föstud. Breiðin, Akranesi, laugard.

Næst: Hlégarður, Mosfellsbæ, laugard. 10. sept.

Púlsaðu! Þig upp í sumar!

Ístendingar borða **SS pylsur**


Helgartilboð á DVD myndum



1.799 kr



1.999 kr



Tommi og Jenni

999 kr



Maður eins og ég

999 kr



Löggulíf

999 kr



Dalalíf

999 kr



Analyze that og
Analyze this

999 kr

999 kr



Íslenski
Draumurinn

1.999 kr



Veggfóður

1.799 kr



Sódöma Reykjavík

1.499 kr



Nýtt líf

999 kr

Gildir til 29. ágúst eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla





MATGÆÐINGURINN **SIGRÍÐUR ARNARDÓTTIR** ÞÁTTASTJÓRNANDI

Borðaði ormasúpu í von um langlífi



> Frábært apparat ...

Láttu KitchenAid búa til morgunmatinn þinn á met-tíma. Settu banana, prótein, klaka og vatn í græjuna og málinu er reddað!

matur&vín

maturgvin@frettabladid.is

Hvaða matar gætir þú síst verið án? Ég gæti ekki verið án góðs morgunverðar. Ég bý sjálf til mitt eigið músli í morgunmatinn en annars fæ ég mér vatn, kaffi og vítamín.

Fyrsta minningin um mat? Þegar ég var á barnheimili og var að borða grjónagraut með slátri og fékk blóðappelsínur í eftirrétt. Ég held að ég hafi verið fjögurra ára og mér fannst þetta algjört lostæti.

Er einhver matur sem þér finnst vondur? Ég get eiginlega ekki borðað gellur og hrossakjöt.

Leyndarmál úr eldhússkápn-um? Ég bý yfir þeim hæfileika að geta töfrað fram góða rétti úr litlu. Þegar það tekst verð ég voða stolt af sjálfri mér. **Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Nú er ég ógurlega hrifin af því að grípa nokkra ávexti sem ég geymi í stórrí þriggja hæða skál og setja þá í blandarann. Úr þessu verður

ómótstæðilegur ávaxtdrykkur sem ég set í fallett glas með klaka og röri. Þetta gerir mér alltaf gott.

Hvað áttu alltaf í ísskápn-um? Ég á alltaf salat, basilíka og steinselja sem ég rækta sjálf. Síðan passa ég líka að eiga fjörmjólk, ost og góðar mjólkurvörur svo börnin fá almennilegan morgunmat.

Ef þú yrðir föst á eyðeyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér? Ég myndi bara taka með mér veiðistöng



og búa réttinn til á staðnum. **Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Ég borðaði ormasúpu í Kína sem átti að tryggja langlífi. Ég þorði ekki að storka örlögum með því að afþakka hana og þar með langlífið, en ég varð að loka augunum á meðan máltíðinni stóð. Í Malasíu fékk ég ávöxt sem er mjög undarlegur útlits en góður á bragðið. Það er agaleg fýla af honum og víða í landinu eru skilti sem banna að taka hann með í strætó, leigubíla eða húsnæði. Þetta er samt uppáhaldsávöxtur margra innfæddra.

THOR CLASSIC:

Dökkur á fríhafnarverði

Einhver ódýrasti bjórinn í Vínbúðum hérlendis er danski bjórinn Thor Classic en 33 cl dósir af bjórnum kosta 99 krónur. Þetta lága verð er mjög ná-lægt því verði sem gerist á bjór í Fríhöfninni en sambærilegur danskur bjór kostar 91,66 kr. þar. Fríhöfnin þarf ekki að greiða virðisaukaskatt, áfengis-gjald né skilagjald á dósir eða flöskur en til samanburðar má nefna að af þeim 99 krónum sem neytendur greiða fyrir Thor-bjórinn í Vínbúðum renna 72,23 krónur til Ríkissjóðs, þess sama og rekur Fríhöfnina í gegnum hlutafélag. Thor Classic er millidökkur bjór. Nokkuð beiskur með maltkeim. Hann er afar vinsæll í Danmörku en bjórneysla í því mikla bjórlandi hefur í auknum mæli færst yfir í dekkri tegundir bjórs undanfarin ár. Thor Classic þykir fara vel með öllum mat og er það sögð ein meginskýringin á vinsældum hans. Verð í Vínbúðum 99 kr.



UNNUR ÖSP STEFÁNSDÓTTIR Leikkonunni þykir gott að fá sér næringarríkan og góðan skyrþeyting í morgunmat.

Eldar fyrir Laxness?

„Ég þeyti mér af og til skyrdrykk í morgunmat,“ segir leikkonan Unnur Ösp Stefánsdóttir aðspurð um uppskrift að hollri morgunhressingu. „Þá skelli ég einfaldlega vanilluskýri, banana og fullt af klökum í vélina ásamt nokkrum melónubitum og jarðarberjum og blanda svo drykkinn í svona tuttugu sekúndur. Þetta er mjög fljótlegur, næringarríkur og góður morgunverður sem stendur með manni allan daginn.“


Leikkonan þarf á allri sinni orku að halda um þessar mundir því auk þess að vera að hefja æfingar fyrir nýtt leikár í Þjóðleikhúsinu stendur Unnur Ösp í íbúðaskiptum. „Ég var að setja draumaíbúðina mína á sölu. Þetta er fyrsta íbúðin mín og því erfitt að skilja við hana. Ég veit að ég á eftir að sakna gamla eldhússins því það er stór gluggi með útsýni yfir Vesturbæinn í miðju eldhúsinu og það getur verið mjög róandi að horfa út um gluggann á meðan maður vaskar upp á kvöldin. Þetta bjargast þó allt því ég tek með

mér það sem er mér kærast,“ segir Unnur spök. „Ég á í mjög nánu sambandi við kaffivélina mína og finnst fátt betra en að sitja við eldhúsbordið með góðan morgunmat, dagblöðin og vel lagaðan kaffibolla. Annars get ég ekki sagt að ég sé mjög myndarleg í eldhúsinu, skelli ekki oft í kökur og kann ekki einu sinni að brúna kartöflur, en nýt þess þó að elda góðan mat þegar ég gef mér tíma til þess. Þá verða kjúklinga- og pastaréttir oftast fyrir valinu en ég reyni að læra sem mest af mömmu því hún er listakokkur.“

Eftir áramót kemur Unnur til með að leikstýra stærsta sviðsverki sem hún hefur ráðist í hing-að til og fletti hún því gjarna upp í kokkabókum bæði um leiklist og leikstjórn. „Það er oft sagt að ef þú ert góður kokkur þá sértu góður leikstjóri. Það er líka sagt að ef þú sért lengi að panta mat af mat-seðli þá sértu vonlaus leikstjóri

því þú getir ekki tekið einföldustu ákvarðanir. Ég tek þessu með fyrirvara því maðurinn minn, sem er að leika úti í Þýskalandi, sagði mér sögu af einum virtasta leikhúsmanni Þjóðverja en hann var 25 mínútur að panta matinn á seðlinum.“

Þangað til að Unnur ræðst í leikstjórnarverkefnið verður hún að leika í Þjóðleikhúsinu í Klaufum og Kóngsdætrum, Edith Piaf og nýju leikriti um Hollywood-drauma Halldórs Laxness: „Þar leik ég Ingu Laxness en þetta er í fyrsta sinn sem ég glími við að leika persónu sem var raunverulega til. Ég er að byrja að lesa mér til um ævi Ingu og var einmitt að lesa um það þegar hún sem barn fékk að fylgjast með vinnukonunum í eldhúsinu. Ég á svo eftir að komast að því hvort vinnukonurnar hafi fylgt henni í gegnum lífið eða hvort hún hafi verið dugleg að matreiða fyrir Halldór Laxness.“



Smjörsteikt hvítkál

- 1 hvítkálshaus, meðalstór
- 1 laukur
- 50 g smjör
- 100 ml eplasafi (einnig má nota appelsínusafa)
- 2 msk. eplaedik (cider vinegar)
- 1/2 tsk. timjan, þurrkað
- nýmalaður pipar
- salt

Hvítkálið skorið í fjórðunga, stillkurinn fjarlægður og kálið síðan skorið í þunnar ræmur. Laukurinn saxaður smátt. Smjörin brætt á stórrí pönnu og laukurinn látinn krauma í því við fremur vægan hita þar til hann er meyr. Þá er kálinu bætt á pönnuna og það látið krauma í um 5 mínútur. Hrært oft á meðan. Eplasafa og ediki hellt á pönnuna, kryddað með timjani, pipar og salti, lok lagt yfir og látið malla við vægan hita í um 5 mínútur. Síðan er lokið fjarlægð og kálið látið sjóða áfram í 2-3 mínútur, eða þar til nær allur vökvi er gufaður upp. Þessi kálréttur er sérlega góður með reyktu svínakjöti, pylsum, bjúgum o.fl. og hentar einnig með fuglakjöti og lambasteik.

BARRAMUNDI:

Mest selda vínið frá Ástralíu í sumar

Barramundi Cabernet Merlot var í júní og júlí langsöluhæst ástralskra vína í Vínbúðum, enda við mikinn persónuleika sem brýtur upp einsleitni í úrvali kassavína. Vínið hefur í þriggja verið valið besta kassavínið í Svíþjóð. Aftonbladet þar í landi kallaði það „grand cru“-vín kassavínanna. Vínið er nokkuð djúpt með keim af plómum og dökkum kirsuberjum. Mjög gott með grilluðu lambi, svínakjöti, kjúklingi og léttri villibráð. Frábært eitt sér, til dæmis á golfvöllinum! Heldur til fulls öllum bestu einkenninum í 10-14 daga eftir opnun. Hvíta vínið sem er blanda af Chardonnay og Sémillon, er einnig afar vinsælt, næstmest selda hvítvínið frá Ástralíu í sumar - ljúft, þurr og milt, ilmríkt og bragðgott.

Verð í Vínbúðum 3.590 kr.



Fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur á www.islenskt.is

TRIVENTO: Ný lína frá fremsta framleiðanda Argentínu

Tri-vento þýðir „þrjár vindar“ og er kennt við þá vinda sem hafa gert vínrækt mögulega, Polar-vindinn, sem eins og nafnið bendir til, blæs kaldur um vénekrurnar á veturna, Zonda sem kemur að vestan frá Andes-fjöllumunum með hlýjuna um vorið og Sudestada að austan sem kælir svæðið í sumarhitunum og ber raka með sér. Þessir vindar gera vínrækt eins arðbæra og raun ber vitni, og Trivento hefur svo sannarlega komið með ferska vinda í vínheiminn.

Trivento, staðsett í Mendoza-héraði, er stærsti útflytjandi vína Argentínu undir eigin nafni og var einnig mest selda vínið frá Argentínu hér á Íslandi á síðasta ári. Vénekrurnar eru orðnar 565 ha og þrúgunnar eru þær sem hafa reynst best í Argentínu, fyrir utan alþjóðlegu þrúgunnar (cabernet sauvignon, merlot, shiraz, chardonnay) sem þrífast mjög vel á Mendoza-svæðinu. Þar eru í sviðsljósinu malbec, bonarda, torrontes, chenin, viognier, sangiovese og fleiri. Fjölbreytnin eins mikil og hægt er að hugsa sér og vingerðin hjá Trivento nær því besta úr þrúgunum.



Trivento Reserva Cabernet Malbec hefur verið geysilega vinsælt og er skýringin sennilega sú að vínið er með bestu kaupunum í Vínbúðum þegar gæði og verð eru skoðuð. Geymt í átta mánuði í eikartunnu, hefur léttastemmu og mjög góða fyllingu, góðan og ferskan ávöxt, mikið eftirbragð og gott jafnvægi. Afar fjölhæft vín sem sómir sér vel með einföldum ostabakka sem og með betri kjötmáltíð. Verð í Vínbúðum 1.190 kr.



Trivento Chardonnay kallaði Þorri Hringsson í Gestgjafanum „algjört nammi-vín“. Chardonnay-þrúgan er fjölhæf og háð vingerðinni: hér er hún fersk, ung og öll einkenni þrúgunnar varðveitt. Ávöxturinn er nokkuð suðrænn: ananas, ferskjur, melóna, tónar af hunangi. Aðlaðandi og ferskt vín sem á heima á öllum hlaðborðum þar sem það hefur nógan persónuleika til að passa með öllum léttum réttum sem eiga heima þar. En það hentar einnig afar vel með skelfiski, rækjum og hörpu-diski, hvítu kjöti og sérstaklega fuglakjöti. Verð í Vínbúðum 990 kr.



Nýjar tegundir einkennast af öðruvísi miða en eru táknræn fyrir Trivento: fjöllin og vindar eru merki þessara tveggja þrúgna vína. **Trivento Chardonnay Torrontes** er mjög aðlandi hvítvín þar sem torrontes-þrúgan færir blómaangan og léttkryddaðan keim. Trivento Chardonnay Chenin er einnig mjög aðlaðandi með epla- og muskatkeim úr chenin, suðrænum ávöxtum og afar góðu eftirbragði. Af rauðu þrúgunum eru tvær tegundir fánlegar: **Trivento Cabernet Merlot** sem er sigild Bordeaux-blanda sem hefur verið tekin upp um allan heim og Trivento Shiraz Malbec sem er óvenjulegri blanda en hefur bestu einkenni frá þessum tveimur gæðaþrúgum. Fáguð vín af bestu gerð og á mjög góðu verði. Vínin fást í Heiðrónu og Kringlunni og kosta 990 kr.

VEITINGASTAÐURINN

AUSTURLANDA HRAÐLESTIN HVERFISGÖTU 64a, 101 REYKJAVÍK



Ljúffeng og ævintýraleg

Hvernig er stemningin? Austurlandahraðlestin er „Take Away“ staður eins og þeir gerast bestir. Einnig er hægt að borða inni á staðnum en þar eru nokkur háborð og stólar. Innréttingarnar eru smekklegar og ágætt að tilla sér þar meðan beðið er eftir því að maturinn sé tilbúinn. Þegar Austurlandahraðlestin er annars vegar skipta innréttingar þó engu máli því maturinn er í fyrsta sæti.

Matseðillinn: Eins og nafnið gefur til kynna er boðið upp á austurlenskan mat á Hraðlestinni. Þar eru ljúffengir kjúklinga-, grænmetis- og kjötréttir framreiddir úr gæða hráefni sem myndar himneskt bragð. Með réttunum er gott að hafa hrísgrjón, nanbrauð og raita staðarins smakkast mjög vel. Austurlandahraðlestin flokkast sem spari-skyndibitastaður enda er verðið yfir meðallagi.

Vinsælast: Kjúklingaréttirnir eru vinsælastir á matseðlinum og þá er um að ræða tikkamasala-kjúkling og kjúkling 65 sem er sterkur og bragðgóður.

Réttur dagsins: Boðið er upp á rétti dagsins og eru þeir misjafnir frá degi til dags. Diskurinn kostar 1.595 krónur.

Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30

ÚTSALA

20-70%

afsláttur

Ótrúlegt úrval af raftækjum

Komdu strax...

Ótrúleg verðdæmi...

Ódýrasti þurrkari á Íslandi



WhiteKnight þurrkari CL 447
Frábær 5 kg. þurrkari með barka, tímastilltur og með krumpuvörn
Hæð: 85 cm - Breidd: 60 Cm Dýpt: 60 cm

18.700.-

Ofn og helluborð
2 tæki saman



56.800.-
Hvít

69.900.-
Stál



Vandaður stálískápur
með kælmör
Hæð: 180 cm - Breidd: 60 cm

69.900.-

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

Opíð virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 11-16

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is

Nýtt kortatímabil

SMÁRA BÍÓ
HUGSADU STÓRT
SÍMI 564 0000

OFURHETJURNAR ERU MÆTTAR Í EINNI STÆRSTU MYND ÁRSINS

FANTASTIC FOUR ★★ ★★
-HJ. MBL

Sýnd kl. 3.20, 4.20, 5.40, 6.40, 8 og 10.20 Sýnd í lúxus kl. 3.20 og 5.40 B.i. 10 ára

WEDDING CRASHERS ★★ ★★ 1/2
-KVIKMYNDIR.IS
-ÓHT. Rás 2

Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.30 Sýnd í lúxus kl. 8 og 10.30

LAVAGIRL 3D Sýnd kl. 3.40 og 5.50 í þrívídd

THE LONGEST YARD Sýnd kl. 8

SPYGLIÐ Sýnd kl. 10.30 B.i. 16 ára

Dolby Digital THX BÍÓ.IS - allt á einum stað

REGNBÖGINN
SÍMI 551 9000

OFURHETJURNAR ERU MÆTTAR Í EINNI STÆRSTU MYND ÁRSINS

FANTASTIC FOUR ★★ ★★
-HJ. MBL

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.20 B.i. 10 ára

WEDDING CRASHERS ★★ ★★ 1/2
-KVIKMYNDIR.IS
-ÓHT. Rás 2

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

LAVAGIRL 3D Sýnd kl. 6 í þrívídd

THE LONGEST YARD Sýnd kl. 8 og 10.30

HOSTAGE Sýnd kl. 5.30 B.i. 10 ára - Síðustu sýningar Sýnd kl. 8 og 10.30 B.i. 16 ára

LAUGARAS BÍÓ Sími 553 2075

THE RING ★★ ★★ ★★ ★★
SKELETON KEY AD ÓTTAST ER AD TRÖA
Katie Hudson, Gina Howard, Peter Sarsgaard, John Hurt

WEDDING CRASHERS ★★ ★★ ★★ ★★
LIFE'S A PARTY, CRASH IT. GEGGJUD GRINMYND!
Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:15

FANTASTIC FOUR Sýnd kl. 5.30, 8 og 10:15. B.i. 10

THE WORLD ★★ ★★ SV, MBL ★★ ★★ ÓHT, RÁS 2
Kvikmyndir.is Blaðið
Sýnd kl. 10:15. B.i. 16

FANTASTIC FOUR Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:15

www.laugarasbio.is

FIMMTUDAGS-TILBOÐ

SPORTSKÓR ■ Flottir í skólann...

4.995 kr. - verð áður
2.495 kr. - verð nú

litir: ljóst
stærðir: 28 - 39



TILBOÐ GILDA Á MEDAN BIRGDIR ENDAST ■

Toppskórin

Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

OPIÐ: MÁN. - FÖS. 12 - 18, LAU. 10 - 16



GILDA OG MIA Þrátt fyrir umbreytingaskeið, þar sem fasistar voru að reyna að sölsa undir sig Evrópu og heimurinn á barmi styrjaldar, gafst tími fyrir ást, rómantík og svik.



SEBRAHESTURINN OG CHANNING Þrátt fyrir að vera ekki hestur dreymir sebrahestinn um að komast á Kentucky-veðreiðarnar, sem tekst fyrir tilstuðlan góðra manna.

Veðhlaupasebrahestur og rómantík

Fjórar myndir, sem fjalla um piparsvein, blondínu, sebrahest og írskan námsmann, verða frumsýndar á næstunni í kvikmyndahúsum landsins.

Seann William Scott, Johnny Knoxville og Jessica Simpson fara með aðalhlutverkin í kvikmyndinni *The Dukes of Hazzard*. Myndin er byggð á samnefndum sjónvarpsþáttum sem nutu mikilla vinsælda í bandarísku sjónvarpi og segir frá frændunum Bo og Luke, sem reyna að bjarga ættaróðali Duke-fjölskyldunnar frá eyðileggingu. Þeir njóta aðstoðar íólfagurrrar frænku sinnar, Daisy, og roskins frænda í baráttunni gegn illmenninu Boss Hogg.

Seann William Scott er þekktastur fyrir leik sinn í *American*

Pie-myndunum en Johnny Knoxville er einn af vitleysingunum í *Jackass*. Þetta er hins vegar fyrsta kvikmyndahlutverk söngkonunnar Jessica Simpson.

Barnamyndin *Racing Stripes* segir frá sebrahesti sem finnst skammt fyrir utan bóndabæ í Kentucky. Þar er hann hafður meðal annarra húsdýra á býli í eigu vinalægs bónda og dóttur hans. Þegar sebrahesturinn sér veðhlaupabraut telur hann sig engu síðri en þeir hestar sem þeysast um eftir brautinni. Það sem hann veit hins vegar ekki er að hann er ekki hestur. Með kraftmiklum æfingum og aðstoð vinalægrar dóttur bóndans, Channing, tekst sebrahestinum þó að láta draum sinn rætast.

Stórstjórnur ljá húsdýrunum raddir sínar. Frankie Muniz, þekktastur fyrir leik sinn í *Malcolm in the Middle*, talar fyrir sebrahestinn en meðal annarra leikara má nefna Dustin Hoffman og Snoop Dogg.

Heads in the Clouds skartar þeim Charlize Theron, Penelope Cruz og Stuart Townsend í aðalhlutverkum. Myndin er ástarþriller frá fjórða áratug síðustu aldar þegar Evrópa gekk í gegnum miklar breytingar. Guy er írskur námsmaður sem verður ástfanginn af hálffranskri og hálfbandarískri stelpu, Gildu. Þau flytja saman til Parísar og þar kynnist Guy hinni spænsku Miu, sem flúði borgarastyrjöldina á Spáni. Atburðarásin tekur óvænta stefnu þegar nasistar hertaka París og Mia lætur lífið.

Síðasta myndin sem er frumsýnd í vikunni er *Broken Flowers* með Bill Murray í aðalhlutverki en leikstjóri er Jim Jarmusch. Hún segir frá piparsveininum Don Johnson, sem fær óvænta frétt um að hann eigi son. Vandamálið er að hann veit ekki hver móðirin er. Don ákveður að hefja leit að þessum heldur óvænta erfingja sínum með hjálp nággranna síns. ■



Jazzballett Freestyle

Skemmtilegu jazzballett og freestyle námskeiðin okkar hafa aldrei verið vinsælli.

Nú skráum við í:

- 5-7 ára
- 8-10 ára
- 11-13 ára
- 14-16 ára
- 17 ára og eldri



Innritun í síma 553-0786 eftir kl. 14.00



PIPARSVEINNINN DON Þó að Don Johnson sé ekkert líkur nafna sínum úr *Miami Vice* var hann með eindæmum kvensamur á yngri árum. Afkrsturinn er nitján ára gamall sonur sem þekkir ekki pabba sinn og faðirinn veit ekkert með hverri hann á soninn.

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KÍ: T2 UM HELGINA Í SAMBÍÖUNUM KRINGLUNNI STAKSTA KVÍRMÝNDANÚS LANDSINS • HAGATÖRGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
THE SKELETON KEY KL. 6-8.15-10.30	HERBIE FULLY LOADED KL. 8	HERBIE FULLY LOADED KL. 4.20-6.30-8.40
THE SKELETON KEY VIP KL. 10.30 B.I. 16	SIN CITY KL. 10 B.I. 16	DECK DOGZ KL. 6-8-10
DECK DOGZ KL. 4-6-8-10	FANTASTIC FOUR KL. 8	THE ISLAND KL. 10.40 B.I. 16
HERBIE FULLY LOADED KL. 3.50-6-10.30	WHO'S YOUR DADDY KL. 10.10	THE PERFECT MAN KL. 4.20-8
THE ISLAND KL. 8-10.30	AKUREYRI	MADAGASCAR <i>ensk. tal</i> KL. 4-6.15
THE ISLAND VIP KL. 4 B.I. 16	THE SKELETON KEY KL. 10	BATMAN BEGINS KL. 10 B.I. 12
KICKING AND SCREAMING KL. 3.50-8.15	HERBIE FULLY LOADED KL. 6-8	
MADAGASCAR <i>ensk. tal</i> KL. 4-10.30	THE ISLAND KL. 10	
MADAGASCAR <i>isl. tal</i> KL. 4-6	MADAGASCAR <i>isl. tal</i> KL. 6	

ÁLFABAKKI ☎ 387 8900 KRINGLAN ☎ 388 8900 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 3170



ALICE IN CHAINS Rokksveitin sáluga gaf út þrjár hljóðversplötur á þyrnum stráðum ferli sínum.

Til heiðurs Alice in Chains

Tónleikar til heiðurs grugghljóm-sveitinni sáluga Alice in Chains verða haldnir á Gauki á Stöng í kvöld. Þetta eru síðari tónleikarnir til heiðurs sveitinni en þeir fyrri voru haldnir í gærkvöldi.

Alice in Chains kom á sjónarsviðið í byrjun níunda áratugarins og var leiðandi hljómsveit í gruggbylgjunni eða „grunge“ sem fór af stað í Seattle í Bandaríkjunum. Á meðal annarra merkra sveita sem spruttu upp úr sama jarðvegi voru Nirvana, Pearl Jam og Soundgarden. Alice in Chains gaf á ferli sínum út þrjár hljóðversplötur og nokkrar EP-plötur með lögum í órafmögnum útgáfum. Ferill sveitarinnar fór sviplega út um þúfur 2002 þegar söngvarinn Layne Staley fannst látinn á heimili sínu í Seattle eftir ofneyslu eiturlyfja.

Hljómsveitin sem kemur tónlist Alice in Chains til skila samanstendur af Kristófer Jensen, söngvara Lights on the Highway, Jens Ólafssyni úr Brain Police, Bjarna Þór Jenssyni og Franz Gunnarssyni, Guðna Finnsyni og Arnari Þór Gíslasyni úr Ensími.

„Við byrjuðum í fyrra með Nirvana-tribute-tónleika og það gekk vonum frammar. Út frá því lá beint við að fá meira frá þessu tímabili,“ segir Franz. „Söngvararnir eru miklir Alice in Chains-aðdáendur og reyndar hefur Kristófer gengið lengi með það í maganum að gera Layne Staley góð skil því það hefur ekkert verið gert honum til minningar. Þeir hafa því lagt sig alla í þetta verkefni.“

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 22.00 og er aðgangseyrir 1.200 krónur. ■

Vitni kært fyrir fjársvik

Eitt aðalvitnanna í réttarhöldunum gegn Michael Jackson fyrr í sumar, móðir eins drengjanna sem sökuðu hann um kynferðislega áreitni, hefur nú verið kært fyrir fjársvik. Verjendur Jacksons sýndu fram á það í réttarhöldunum að hún hefði áður logið til að verða sér úti um bætur frá ríkinu og að hún væri ekki áreiðanlegt vitni. Í framhaldi af réttarhöldunum rannsakaði saksóknarinn í Los Angeles málið og kærði konuna, Janet Arvizo, fyrir að hafa fengið bætur sem námu 19.000 dollurum með sviksamlegum hætti. ■



MICHAEL JACKSON Jackson var sýknaður af öllum ákæruatriðum í réttarhöldunum, enda voru vitnin í málinu gegn honum ekki traustvekjandi.

Platínusafn frá Bowie

Hinn 7. nóvember kemur út safnplatan The Platinum Collection með þekktustu lögum David Bowie frá árunum 1969 til 1987. Alls eru 57 lög á þessari þreföldu plötu. Fjögur þeirra náðu efsta sæti breska vinsældalistans, fimmtán komust á topp tíu, sex á topp tuttugu og 14 á topp 75.

Á meðal laga eru Starman, The Jean Genie, Fame, Heroes, Sound and Vision, Ashes to Ashes, Under Pressure og Let's Dance. David Bowie, sem sló í gegn á áttunda áratugnum, hefur alla tíð verið fram-

sækinn listamaður. Hann samdi nýtskulega tónlist þegar hann kom fyrst fram á sjónarsviðið og var fyrir vikið dádur um allan heim. Óflug sviðsframkoma hans átti sinn þátt í vinsældunum. Breytti hann sér meðal annars í persónurnar Ziggy Stardust og Aladdin Sane til að auka heildaráhrifin á tónleikum sínum.

DAVID BOWIE Bowie er einn virtasti tónlistarmaður heimsins enda hefur hann samið fjöldann allan af vinsælum lögum.



Popp Blús Jazz Sönglög
Píanónám fyrir þig!

Haustönn Tónheima hefst 12. september

Í boði er:

- 6 ára og eldri:** Byrjendur og framhald
- Unglingar:** Byrjendur og framhald
- Fullorðnir:** Byrjendur og framhald
- Eldri borgarar:** Byrjendur og framhald
- Nótalestur og raddþjálfun** **Nýtt!**

Nýtt! Hjómur í bókstaflegum skilningi
Ný kennslubók eftir Ástvald Traustason. Kennnd eru m.a. grunnatriði í dægurlagahljómfræði og einfaldar aðferðir við að búa til og skilja uppbyggingu hjóma. Töflur yfir allar algengustu tegundir hjóma.

Skráning á www.tonheimar.is
eða í síma 896 9828 og 697 4545 alla daga frá 9-18.

Spilaðu eftir eyranu **tonheimar**

Tónheimar Fákafeni 9 tonheimar@tonheimar.is www.tonheimar.is

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
„We're gonna get one of the three R's: the roof, the river, or the revolver.“

Svar:
 Teddy Deserve úr kvikmyndinni Knockaround Guys árið 2001.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR FYLGDIST MEÐ HEIMSFRETTUNUM Á SPÁNI.

Baugur efst á baugi hjá BBC World

Sökum vikudvalar á Spáni hef ég ekki séð mikið af íslensku sjónvarpi síðastliðna daga. CNN, BBC World og Sky news voru á dagskránni ásamt nokkrum spænskum, þýskum og frönskum stöðvum sem voru fínar til þess að skerpa á tungumálakunnáttunni. Eftir nokkra eftirmiðdaga vorum ég og minn betri helmingur orðin ansi þreytt á dramatískum beinum útsendingum frá Gaza-svæðinu og leiðindatali um ferðalag páfans í Þýskalandi (við reyndum ekki einu sinni við spænsku sápuóperurnar og takmarkað hversu mikið ég þoli af þýska Eurosport). Eitt kvöldið dreift á daga okkar heldur betur djúsi frétt. BBC World flutti tíðindi af „De Bákúr Træal“. Þegar talið barst á Íslandi í fyrstu setningunum sperrtum við eyrum og áttuðum okkur á því að Baugsmálið var til umfjöllunar. Fréttin fékk mikinn tíma og greinilegt að málið þótti stóralvarlegt. Fengnir voru



Stórfréttin um „De Bákúr Træal“ á BBC World var ekkert slor.

álitsgjafar víða að sem talað var við í beinni útsendingu, þar á meðal breskur viðskiptasérfræðingur og eiturstressaður íslenskur „freelance“-blaðamaður sem fjallaði um viðbrögðin á Íslandi. Sýnt var úr gömlum viðtölum við Jóhannes þar sem hann gantaðist með það að Jón Ásgeir sonur hans hefði sagt þegar hann var lítill að „hann ætlaði ekki að vera milljónamæringur, heldur milljarðamæringur“. Breski viðmælendinn fjallaði um ákæruatriðin 40 og stuttu síðar var sjónum beint að Jóni Ásgeiri, sem sagði í viðtali að hann hefði barasta engar áhyggjur af málinu. Baugs-menn eru svo sannarlega komnir í heimsfréttirnar, hugsaði ég með mér. Um allan heim eru þreyttir ferðalangar að horfa á „De Bákúr Træal“ innan um fréttir um þurrka í Portúgal og ástandið á Gaza-svæðinu. Svona er heimurinn lítill - eða svona er Baugurinn stór.

20.50
Gaman
 SCRUBS

22.45
Gaman
 CURB YOUR ENTHUSIASM

23.35
Gaman
 AMERICAN DAD

22.00
Rauveruleiki
 THE SWAN

14.00
Íþróttir
 MEISTARAEILDIN

SJÓNVARPIÐ

2

SIRKUS

SKJÁREINN

SÝN
 besta satíð

6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah Winfrey 10.20 Ísland í bitíð

12.20 Neighbours 12.45 Í finu formi 13.00 Perfect Strangers 13.25 Auglýsingahlé Simma og Jóa 13.50 The Sketch Show 14.15 Fear Factor 15.00 What Not to Wear 15.30 Tónlist 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.53 Neighbours 18.18 Ísland í dag

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 19.35 The Simpsons (8:25) (e) 20.00 Strákarnir 20.30 Apprentice 3, The (13:18) 21.15 Mile High (18:26) 22.00 Third Watch (20:22) 22.45 Curb Your Enthusiasm (3:10) Larry David leikur sjálfan sig en hann ratar af óskiljanlegum ástæðum sífellt í vandræði. Fjöldi þekktara gestaleikara kemur við sögu, þ. á m. nokkrir félagar Larrys úr Seinfeld en hann var aðalmaðurinn á bak við þá vinsælu þætti. Þetta er fjórða syran um hinn seinheppna Larry David.

17.55 Cheers 18.20 Dr. Phil (e)

7.00 Olíssport 7.30 Olíssport 8.00 Olíssport 8.30 Olíssport

16.50 Bikarkvöld 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Stundin okkar

18.30 Spæjarar (25:26) (Totally Spies I) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljósið 20.00 Á ókunnri strönd (2:6) (Distant Shores) 20.50 Nýgræðingar (73:93) (Scrubs) Gamanþáttaröð um læknanemann J.D. Dorian og ótrúlegar upptök sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúkl-ingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlega og allt getur gerst. 21.15 Sporlaust (23:24) (Without a Trace II) 22.00 Tíufréttir 22.20 Í hársaman (1:6) (Cutting It III) Breskur myndaflokkur um skrautlegt líf eigenda og starfsfólks á tveimur hárgreiddustofum í sömu götu.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Road to Stardom With Missy Elliot (9:10) 19.50 Supersport (7:50) Stuttur, hraður og ferskur þáttur um jaðarsport í umsjón Bjarna Bærings. 20.00 Seinfeld 20.30 Friends 2 (20:24) 21.00 Tru Calling (9:20) 21.45 Sjáðu Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndheiminum. 22.00 Kvöldþátturinn Stjórnur og afreksfólk af öllum sviðum samfélagsins koma í viðtöl og verða spurð spjörnum úr. Aðalþáttastjórnandi er Guðmundur Steingrímsson. 22.45 David Letterman

19.15 Þak yfir höfuðið (e) 19.30 MTV Cribs – lokaþáttur (e) 20.00 Less than Perfect 20.30 Still Standing 20.50 Þak yfir höfuðið 21.00 According to Jim 21.30 Everybody loves Raymond – lokaþáttur 22.00 The Swan – tvöfaldur úrslitþáttur Veruleikaþættir þar sem sérfræðingar breyta nokkrum ósköp venjulegum konum í sannkallaðar fegurðardísir! Fjöldi kvenna hafði áhuga á að vera með en sérstök nefnd valdi úr þær sem líklegast þóttu til að standast álagið, því eins og flestir vita er vegurinn til fegurðar þyrnum stráður.

14.00 UEFA Champions League. Bein útsending frá Mónakó. Dregið er í riðla fyrir Meistaradeild Evrópu. 15.10 Olíssport 15.40 Kraftasport 16.10 Inside the US PGA Tour 2005 16.40 Fifth Gear 17.10 UEFA Champions League

23.15 Aðþrengdar eiginkonur (1:23) 0.00 Kastljósið 0.20 Dagskrárlök

23.15 Lesser Prophets (Stranglega bönnuð börnum) 0.45 Holiday Heart 2.20 Fréttir og Ísland í dag 3.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

23.35 American Dad (9:13) 0.00 The Newlyweds (10:30) 0.30 Friends 2 (20:24) 0.55 Kvöldþátturinn 1.40 Seinfeld

23.30 Jay Leno 0.15 Law & Order (e) 1.00 Cheers (e) 1.20 The L Word 1.30 The O.C. 2.05 Óstöðvandi tónlist

19.00 Evrópukeppni félagsliða (Keflavík - Mainz) Bein útsending frá síðari leik Keflavíkur og Mainz. Þjóðverjarnir unnu fyrri leikinn, 2-0, með mörkum frá Benjamin Auer og Christof Babatz og standa því vel að vígi. 21.05 UEFA Champions League (Riðlakeppni - dráttur) Útsending frá Mónakó fyrr í dag. Dregið er í riðla fyrir Meistaradeild Evrópu en nú eru 32 félög eftir í keppninni. 22.05 Olíssport Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. 22.35 Evrópukeppni félagsliða (Keflavík - Mainz) Útsending frá síðari leik Keflavíkur og Mainz. Þjóðverjarnir unnu fyrri leikinn, 2-0, með mörkum frá Benjamin Auer og Christof Babatz og standa því vel að vígi.

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

OMEGA

E! ENTERTAINMENT

AKSJÓN

ENSKI BOLTINN

6.00 Rocky Horror Picture Show 8.00 Last Orders 10.00 Anger Management 12.00 Dinner With Friends 14.00 Last Orders 16.00 Anger Management 18.00 Dinner With Friends 20.00 Rocky Horror Picture Show 22.00 Final Destination 2 0.00 Dagon 2.00 Queen of the Damned 4.00 Final Destination 2

7.00 Jimmy Swaggart 8.00 Billy Graham 9.00 Robert Schuller 10.00 Blandað efni 11.00 Samverustund 12.00 Miðnæturhróp 12.30 Mariusystur 13.00 Blandað efni 14.00 Um trúna og tilveruna 14.30 Gunnar Þorsteinsson (e) 15.00 Ron Phillips 15.30 Mack Lyon 16.00 Blandað efni 17.00 Samverustund (e) 18.00 Freddie Filmore 18.30 Dr. David Cho 19.00 Believers Christian Fellowship 20.00 Filadelfía 21.00 Samverustund (e) 22.00 Blandað efni 23.00 Robert Schuller 0.00 Nætur-sjónvarp

12.00 E! News 12.30 Fashion Police 13.00 Uncut 14.00 Style Star 14.30 The Soup 15.00 The Daily Blend 16.00 101 Most Starlicious Makeovers 17.00 Fight For Fame 18.00 E! News 18.30 Fashion Police 19.00 The E! True Hollywood Story 20.00 Behind the Scenes 20.30 Style Star 21.00 Gastineau Girls 22.00 Wild On 23.00 E! News 23.30 The Soup 0.00 Wild On 1.00 Dr. 90210

7.15 Korter 20.30 Vatnaskil – Filadelfía 21.00 Niubió – Enemy of my Enemy 23.15 Korter

14.00 Birmingham – Middlesbrough frá 23.08. 16.00 Portsmouth – Aston Villa frá 23.08. 18.00 Blackburn – Tottenham frá 24.08. 20.00 Stuðningsmannátturinn „Liðið mitt“. 21.00 Charlton – Liverpool frá 23.08. 23.00 Arsenal – Fulham frá 24.08. 1.00 Bolton – Newcastle frá 23.08.

Síminn



Tilboð á öllum SMS heimasímum.
 Talhólf er innifalið í mánaðargjaldi.

Haustrilboð Símans
Ekkert stofngjald
 fyrir
heimasíma
 til 30. september



Siemens S440

Verð aðeins:

12.980 kr.

- Stílhrein hönnun
- SMS móttaka og sending
- Rafhlaða endist 6 daga án hleðslu
- 50 m. drægni
- Númerabirting síðustu 30 númera
- 200 nafna símaskrá
- Tengi fyrir höfuðheyrnatól
- Handfrjáls notkun möguleg
- Dagsetning og klukka
- Hraðvalsminni

800 7000 - siminn.is

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Less than Perfect

Skjár Einn kl. 20.00

Sara Rue leikur Claudiu Casey.

Passar íbúð vinar síns

Less than Perfect er skemmtilegur þáttur sem fjallar um Claudiu Casey, sem starfar á sjónvarpsstöð sem aðstoðarkona sjónvarpsfréttamannsins Wills. Í þættinum í kvöld er hún að passa íbúð Wills á meðan hann er í burtu. Hann segir henni að hún megi bjóða ekki vini sínum Kipp þar sem hún er í fýlu út í hann fyrir að hafa rænt af sér frétt. Kipp mætir þó óþóðinn og kemst að ýmsu óskemmtilegu um móður sína og Will.



TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Morgunútvarpið. 9.03 Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. 10.03 Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

12.15 Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni. 13.01 Hrafnáþing. 14.03 Glópagull og gísir skógar 15.03 Allt og sumt.

17.59 Á kassanum – Illugi Jökullsson. 19.30 Úrval úr Morgunútvarpi e. 20.00 Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. e. 21.00 Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e. 22.00 Á kassanum e.

BYLJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalagahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags 7.30 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.40 Sumarsnakk 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Lifandi blús 11.03 Samfélagið í nærmynd

13.00 Sakamálaheiti, Væðarleysi 14.03 Útvarpsagan: Hús úr húsi 14.30 Sögur og sagnalist 15.03 Þættir úr lífi Bill Evans 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vítinn 19.27 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Kvöldsagan, Mýrarþoka 23.00 Hlaupanótan

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþróður Karlsdóttir 10.00 Rósa Ingólfsdóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 14.00 Kjartan Gunnar Kjartansson 15.00 Hildur Helga 16.00 Kynjastríðið 17.00 Gústaf Nielsson 18.00 Meinhornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþróður Karlsdóttir 22.00 Rósa

Ingólfsdóttir 23.00 Kjartan G. Kjartansson 0.00 Hildur Helga 1.00 Kynjastríðið 2.00 Gústaf Nielsson 3.00 Rósa Ingólfsdóttir 4.00 Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþróður Karlsdóttir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin 8.30 Einn og hálfur með Gestu Einarí Jónassyni 10.03 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Dægurmálaútlit Rásar 2 17.03 Útlit Bolur

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 20.00 Músik og sport 22.10 Popp og ról

0.10 Ljúfir næturtónar

ÞRÁR STÖÐVAR

FM 95,7 Effem / Zúber tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölkylda útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 104,5 Rádió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT 12.00 Football: UEFA Champions League 17.00 Tennis: WTA Tournament New Haven United States 18.30 Sumo: Nagoya Basho Japan 19.30 Boxing 21.15 Rally: World Championship Germany 21.45 News: Eurosportnews Report 22.00 Fight Sport: Shooto

BBC PRIME 12.00 Miss Marple 12.55 Teletubbies 13.20 Tweenies 13.40 Fimbles 14.00 Balamory 14.20 Binka 14.25 Bill and Ben 14.35 Rule the School 15.00 Antiques Roadshow 15.30 Vets in Practice 16.00 Animal Park 17.00 Bargain Hunt 17.30 EastEnders 18.00 One Foot in the Grave 18.30 2 point 4 Children 19.00 Edge of Darkness 20.00 Leonardo 21.00 Dog Eat Dog 21.35 Dead Ringers 22.00 Mersey Beat 23.00 Blue Planet - A Natural History of the Oceans 0.00 Michael Palin's Hemingway Adventure 1.00 The Mark Steel Lectures

NATIONAL GEOGRAPHIC 12.00 Norway's Hidden Secrets 13.00 The Sea Hunters: the Search for the Auro Arrow Flight Models 14.00 Quest for Dragons 15.00 Last of the Dragons 16.00 Battlefield: Bombing of Ploesti 16.30 Battlefield: Gilbert Islands 17.00 Animal Nightmares: Cats 17.30 Monkey Business 18.00 Norway's Hidden Secrets "living Wild" 19.00 When Expeditions Go Wrong: Cave Flood 20.00 Mosquito Hell 21.00 Bug Attack 22.00 The Sea Hunters: the Search for Tonquin and Isabella 23.00 Mosquito Hell 0.00 Bug Attack

ANIMAL PLANET 12.00 From Cradle to Grave 13.00 Pet Star 14.00 Animal Precinct 15.00 Pet Rescue 15.30 Wildlife SOS 16.00 Amazing Animal Videos 16.30 Big Cat Diary 17.00 Monkey Business 17.30 Animals A-Z 18.00 Killing for a Living 19.00 Savage Paradise 20.00 Crocodile Hunter 21.00 Animal Cops Houston 22.00 Monkey Business 22.30 Animals A-Z 23.00 Pet Rescue 23.30 Wildlife SOS 0.00 Savage Paradise 1.00 Killing for a Living

DISCOVERY 12.00 Rex Hunt Fishing Adventures 12.30 Hooked on Fishing 13.00 Super Structures 14.00 Extreme Machines 15.00 Scrapheap Challenge 16.00 Wheeler Dealers 17.00 American Chopper 18.00 Mythbusters 19.00 Forensic Detectives 20.00 FBI Files 21.00 Murder Trail 22.00 Forensic Detectives 23.00 Mythbusters 0.00 Dambusters

MTV 12.00 Boiling Points 12.30 Just See Mtv 14.00 Spongebob Squarepants 14.30 Wishlist 15.00 Trl 16.00 Dismissed 16.30 Just See Mtv 17.30 Mtv: new 18.00 The Base Chart 19.00 Pimp My Ride 19.30 Punk'd 20.00 Wonder Showzen 20.30 The Osbourne 21.00 Top 10 at Ten 22.00 Switched on 23.00 Superock 0.00 Isle of Mtv - the Tour 0.30 Just See Mtv

VH1 15.00 So 80s 16.00 VH1's video jukebox 17.00 Smells Like the 90's 18.00 VH1 Classic 18.30 Then & Now 19.00 The Fabulous Life of... 19.30 Crips 20.00 When Playboy Ruled the World 21.00 VH1 Rocks 21.30 Flipside 22.00 Summer Lovin' Top 5 22.30 Ultimate Albums 23.30 Tv Moments Eminem 0.30 VH1 Hits

CLUB 12.10 Fashion House 12.35 Paradise Seekers 13.00 Staying in Style 13.30 Hollywood One on One 14.00 The Review 14.25 City Hospital 15.10 The Roseanne Show 16.00 Yoga Zone 16.25 The Method 16.50 Race to the Altar 17.40 Hollywood Star Treatment 18.05 It's a Girl Thing 18.30 Hollywood One on One 19.00 Girls Behaving Badly 19.25 Cheaters 20.15 Sextacy 21.10 My Messy Bedroom 21.35 More Sex Tips for Girls 22.00 What Men Want 22.30 Men on Women 23.00 Weekend Warriors 23.30 Anything I Can Do 23.55 Arresting Design 0.25 Fashion House 0.50 Ross's BBQ Party 1.15 Staying in Style

CARTOON NETWORK 12.20 Samurai Jack 12.45 Foster's Home for Imaginary Friends 13.10 Edd n Eddy 13.35 Codename: Kids Next Door 14.00 Viva Las Bravo 16.05 Samurai Jack 16.30 Foster's Home for Imaginary Friends 16.55 Edd n Eddy 17.20 Dexter's Laboratory 17.45 Codename: Kids Next Door 18.10 The Powerpuff Girls 18.35 The Grim Adventures of Billy & Mandy

JETIX 12.10 Lizzie McGuire 12.35 Braceface 13.00 Spider-Man 13.25 Movicell Mysteries 13.50 Pokémon VI 14.15 Digimon 14.40 Spider-Man 15.05 Sonic X 15.30 Totally Spies

MGM 12.00 Stella 13.50 In the Arms of a Killer 15.25 Children of Times Square, the 17.00 Three Wishes of Billy Grier, the 18.40 Thomas Crown Affair 20.20 Million Dollar Rip Off 21.35 Crook, the 23.35 Vietnam Texas 1.05 Long Riders 2.45 My Father, My Son

TCM 19.00 Cat on a Hot Tin Roof 20.45 Somebody Up There Likes Me 22.40 The Prize 0.55 Kind Lady 2.15 The Fearless Vampire Killers

HALLMARK 12.45 In a Class of His Own 14.15 Is There Life Out There? 16.00 Touched by an Angel IV 16.45 Hiroshima 18.30 Early Edition 19.15 Don't Look Down 21.00 Arthur Hailey's Detective 22.30 Early Edition 23.15 Hiroshima 1.00 Don't Look Down 2.30 Arthur Hailey's Detective

BBC FOOD 12.00 Rick Stein's Food Heroes 12.30 Food and Drink 13.00 Gondola On the Murray 13.30 Grigson 14.00 Can't Cook Won't Cook 14.30 Galley Slaves 15.00 Nigella Bites 15.30 Ready Steady Cook 16.00 Chalet Slaves 16.30 The Hi Lo Club 17.00 Beauty and the Feast 17.30 Ever Wondered About Food 18.00 Tyler's Ultimate 18.30 Nigel Slater's Real Food 19.00 Beyond River Cottage 19.30 The Way We Cooked 20.00 Off the Menu 20.30 Kitchen Takeover 21.30 Ready Steady Cook

SV1 13.10 Vet huti 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Förorten 15.30 En arbetsdag i himlen 16.00 Bollbömpa 16.01 Karlsson på taket 16.25 Poesi 16.30 Guppy 16.45 Lilla Aktuellt 17.00 Frán Barbie Hill Babe 17.30 Rapport 18.00 Solens mat 18.30 Álskade dumburk 19.00 Graven 20.00 Sommardebat 21.00 Rapport 21.10 Kulturnyheterna 21.20 Drömmarnas tid 22.05 Karl för sin kitt 22.55 Kommissionen 0.25 Sänding frá SVT24

ÚTSÖLULOK 20-70% afsláttur

Mikið úrval af stökum sófum og stólum á 50% afslætti

opið virka daga 10-18 laugardaga 11-16 sunnudaga 13-16



Sófasett 3+1+1 255.000 127.500



Leðursófi 188.900 94.450 ljóst eða dökkt



Leðursófi 169.900 84.950



Stóll 54.900 27.450



BÆJARLIND 6 201 KÓPAVOGI SÍMI 554 6300

H Ú S G Ö G N



Leðursófi 169.900 84.950



HRÓSIÐ

... fá Dr. Gunnir og Felix Bergsson fyrir að snúa loksins aftur með hinn frábæra þátt *Popppunkt*.



AÐ MÍNU SKAPI ELÍAS JÓN GUDJÓNSSON, FORMAÐUR STÚDENTARÁÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS

Pönk, Bónus og Kaupmannahöfn

TÓNLISTIN Pönk, rokk, reggí, ska og alternatív, auk þess sem er að vakna hjá mér smá áhugi fyrir djassi. Reyndar er ég illa að mér í flokkun og skilgreiningu á tónlist og veit því oft og tíðum ekkert hvað það heitir sem fellur mér að eyra. Oft fer þetta þó alveg eftir aðstæðum; við ákveðnar aðstæður hef ég dansað við Staying Alive þótt mér finnst diskótónlist vera viðbjóður.

BÓKIN Ég las nýlega Sólskinsfólkið eftir Steinar Braga sem er vel skrifuð, frumleg og góð skáldsaga.

BIÓMYNDIN Síðasta góða kvikmyndin sem ég sá var hin norska Elling, sem mér þótti frábær. Það er kostulegt að fylgjast með því hvernig söguheitan tekst á við tilveruna.

BORGIN Kaupmannahöfn er falleg, lifandi

og skemmtileg borg. Íbúarnir eru líka duglegir við að fara leiða sinna á reiðhjólum eða með almenningsamgöngum og það er mér að skapi. Reykvikingar mættu taka þá sér til fyrirmyndar. Annars hef ég komið til margra áhugaverðra borga en nefni væntanlega Kaupmannahöfn vegna þess að ég kom síðast þangað.

BÚÐIN Bónus. Ódýrar lífsnauðsynjar. Verslanir eiga annars engan sérstakan sess í mínum huga.

VERKEFNIÐ Ég og kærastan mín vorum að kaupa okkar fyrstu íbúð. Við stöndum því frammi fyrir því skemmtilega verkefni að skapa okkur gott heimili. Og svo er ég auðvitað, ásamt öðrum Stúdentaráðslidum, alltaf að vinna við það skemmtilega og krefjandi eilífðarverkefni sem hagsmunabarátta stúdenta er.



1	2	3	4	5
6			7	
8		9		
	10			
11		12		13
14			15	
16		17		
18				

LÁRÉTT: 1 vofur 6 skjögur 7 Austfirðir 8 vafi 9 flýtir 10 sjáðu 12 fæða 14 fugl 15 klaki 16 staldrað við 17 hryggur 18 rof. **LÖBRÉTT:** 1 myrði 2 bein 3 smáorð 4 eldsneyti 5 ái 9 keyra 11 söngstíll 13 söt 14 loka 17 berist til.

LAUSN

17 Bt. 5 Af, 9 Aka, 11 Jöfl, 13 Aska, 14 Lás. **LÖBRÉTT:** 1 Drepp, 2 Ríf, 3 Ad, 4 Gasolla, 17 Bak, 18 Silf. 10 Sko, 12 Ala, 14 Lóa, 15 Is, 16 Ad. **LÁRÉTT:** 1 Drauga, 6 Ríð, 7 Af, 8 Ef, 9 Asi,



Talstöðin
FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX

Talstöðin færir þér fréttir oftár á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

EINLEIKURINN TYPPATAL: FRUMSÝNDUR Í OKTÓBER

Auðunn talar um „vininn“

Auðunn Blöndal, sem hefur gert garðinn frægan undanfarið sem einn af Strákunum, verður aðal-númerið í einleikum Typpatali sem verður frumsýndur á Nasa 26. október.

Sigurður Sigurjónsson leikstýrir verkinu, sem hefur notið vinsælda bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. „Það er mjög spennandi að vinna með Sigurði og okkur líst mjög vel á þetta,“ segir Auðunn. Jón Atli Jónasson, rithöfundur og leikritahöfundur, hefur þýtt verkeið fyrir íslensku útgáfuna en höfundur verksins er Bretinn Richard Herring. Það eru btb ehf. og Á þakinu ehf. sem standa að verkinu hér á landi.

Auðunn hefur áður staðið einn uppi á sviði fyrir framan fjölda manns, en þá sem uppstandari. Þessi sýning er aftur á móti af öðrum toga þó svo að hann verði einnig einn á sviðinu. „Þessu fylgja kostir og gallar. Þarna er bara einn leikari sem getur skitið á sig og þú getur ekki kennt neinum öðrum um,“ segir Auðunn, sem hefur mikinn áhuga á leiklist. „Mér finnst gríðarlega skemmtilegt að leika og væri alveg til í að læra það betur.“

Þótt svo að sýningin fjalli um typpi segir Auðunn hana ekki dónalega. „Þetta fjallar um „vininn“ en þetta verður samt ekkert bannað. Þetta er alls ekkert klám.“ Aðspurður segist Auðunn eiga sér fyrirmyndir í uppstandi í Þorsteini Guðmundssyni, Jóni Gnarr og Péttri Jóhanni Sigfússyni, félagá sínum úr Strákunum. Hann býst við því að fá góða aðstoð þegar kemur að einleikum. „Það er hellingur af liði sem á eftir að koma með punkta inn í þetta, meðal annars Pétur og Hallgrímur Helgason. Við ætlum að reyna að bæta inn í þetta íslensku gríni eins og við getum.“

Að sögn Auðuns eru æfingar



AUÐUNN BLÖNDAL Stífar æfingar vegna Typpatalis hefjast hjá Auðuni og Sigurði Sigurjónssyni á næstunni.

fyrir verkeið að hefjast af fullum krafti og munu standa yfir í allan september. Þrátt fyrir það tekur hann sér ekki frí frá Strákunum eins og Sveppi gerði fyrir sýninguna Kalli á þakinu. „Þetta er það þægilega við að vera einn í sýningu. Við Siggi getum planað þetta sjálfir eftir því hvernig okkur hentar,“ segir hann.

Auðunn bætir því við að ýmislegt sé væntanlegt frá Strákunum sem geti valdið fjaðrafoki rétt

eins og atriðið með hitamælinn sem var sýnt um daginn. „Það voru misjafnar skoðanir á þessu. Sumir hlógu, sumum ofbauð og sumir vissu ekkert hvernig þeir áttu að haga sér, sem var eins og mér leið sjálfum. Mér fannst við ekki fara yfir strikið miðað við hvernig þetta var myndað. Þetta er gert á öllum heimilum þó svo að þetta sé ekki alltaf gert við 32 ára gamlan karlmann.“

freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Það fór miklu minna fyrir partigellunni og leikkonunni **Cameron Diaz** í Reykjavík en margir höfðu gert sér vonir um. Diaz er þekkt fyrir það að vera ólkær mjög og hrókur alls fagnaðar en samt hafa engar krassandi kjaffasögur spurst út af afrekum hennar í íslensku næturlífi. Hún sást þó snæða á Sjávararréttakjallaranum á meðan á Íslandsdölvölinni stóð en þar var hún til mikillar fyrirmyndar. Það vefst því enn fyrir fólk hvað í ósköpum Diaz var að vilja á klakann, hafi tilgangurinn ekki verið trylltur dans uppi á borðum reykviskra skemmtistaða. Sú kenning hefur í framhaldinu verið víðruð að stúlkan hafi fyrst og fremst verið hingað komin til þess að kanna aðstæður fyrir heimshornafلاكspátt sinn á MTV-sjónvarpsstöðinni. Íslenskir aðdáendur hennar gera sér því góðar vonir um að hún muni snúa aftur von bráðar og gera landi og þjóð ít- arleg skil á MTV. Þá má einnig halda í þá von að hún láti verða af því að sletta ærlega úr klaufunum ef hún heiðrar Reykjavík aftur með nærveru sinni.



Átta manna hópur frá Vesturport flaug í morgun út til London. Þar ætlan hann að hitta sjálfan **Nick Cave** en eins og fjölmiðlar hafa greint frá að undanförmun mun hann semja tónlistina við nýjasta verk hópins, uppsetningu á Woyzeck eftir **Georg Büchner**. Mikill spenningur er í hópnun og fer hann meðal annars á tónleika með Cave í Alexandra Palace. Hópurinn verður fram á mánudag í London og mun eyða þremur dögum í hljóðveri með meistara Cave. Tónlistamaðurinn Pétur Benediktsson og **Nína Dögg Filippusdóttir** munu starfa hvað nánast með Cave auk Gísla Arnar Garðarssonar. Ekki er útilokað að Nína Dögg muni nýta sér tækifærið og taka upp Where the Wild Roses Grow sem söngdúvan Kylie Minogue gerði ódauðlegt með Cave.



Hefur áður verið hótað lögsókn

Heimildarmynd Þorsteins J. Vilhjálmssonar, Ása amma, sem var sýnd í Sjónvarpinu í síðustu viku, hefur vakið mikil viðbrögð í samfélaginu.

„Það sem skiptir mestu máli er að myndin hefur vakið athygli á réttarstöðu aldraðra. Það sem fólk er að kveikja á er að þessi mál eru í fullkomnum ólestri,“ segir Þorsteinn. „Formaður Félags eldri borgara segir að við séum þrjátíu árum á eftir Dönnum í þessum málum. Það er líka prinsippið. Þetta er mynd um þolandann en ekki gerandann og þessa gloppu í kerfinu þar sem veikir einstaklingar eiga sér engan málsvara.“

Þorsteinn segist ekkert hafa heyrt frá lögfræðingum konunnar sem er í myndinni sökuð um að hafa „rænt“ móður sinni og tekið af henni íbúðina, þrátt fyrir hótanir þess efnis í fjölmiðlum. „Það er hennar réttur að tala við lögfræðing ef henni finnst vera á sér

brotið. Það sem barnabörn ömmunnar segja er undir fullu nafni og er þeirra skoðun og því miður fékkst konan ekki til að tala við mig um þetta mál. Það sem stendur eftir er spurningin um hvort það hindri algerlega að það sé fjallað um mál ef einn aðili vill ekki tjá sig,“ segir hann.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Þorsteini er hótað lögsókn. „Mér var líka hótað vegna viðtals sem ég átti við einn málsaðila úr málverkafölsunarmálinu. Það viðtal var tekið með fullu samþykki hans og það varð aldrei neitt úr þessari hótun. Þegar maður fjallar um viðkvæm mál reynir maður að gera eins vel og manni er unnt. Það liggur í hlutarins eðli að það eru ekki allir sáttir.“

ÞORSTEINN J. Þorsteini var hótað lögsókn vegna heimildarmyndar sinnar um málverkafölsunarmálið.



Stór Humar

Medium Humar

Sigin grásleppa

Fiskbúðin Vör
— Fiskikóngurinn —
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Opið laugardaga
10.00 - 14.30

Andafjör



í Elliðaárdal

Skemmtilegur fjölskylduleikur

LAUGARDAGINN 3. SEPTEMBER

Andafjör í Elliðaárdal er skemmtilegur fjölskylduleikur sem felst í því að láta gular plastendur keppa í sundi niður Elliðaárna. Fyrstu endurnar sem koma í mark fá vinninga. Þú getur keypt miða og önd á 1.000 kr. í verslunum **Body Shop**, á veitingastöðum **Pizza Hut**, á bensínstöðvum **OLÍS** á höfuðborgarsvæðinu eða á skrifstofu **Ungmennafélags Íslands**, Fellsmúla 26, fram að leiknum. Með hverri önd fylgir númeraður lukkumiði. Fjölskyldan mætir svo með öndina í fjörið í Elliðaárdalinn laugardaginn 3. september kl. 12:30. Auk þessa verður ýmislegt fleira um að vera á Andafjöri í Elliðaárdal.

Margir góðir vinningar

Fyrstu verðlaun eru ferðavinningur frá Heimsferðum, en auk þess eru margir fleiri góðir vinningar. Nánari upplýsingar um staðsetningu og fleira má sjá á www.blattafram.is

BLÁTT ÁFRAM!

Blátt áfram er forvarnarverkefni **Ungmennafélags Íslands** gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi. Markmið ANDAFJÖRS er að fjölskyldan ræði þessi mál blátt áfram og í dagsljósinu. Heimasíða verkefnisins er www.blattafram.is



Sölustaðir:



Blátt áfram er verkefni UMFÍ



BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

Fyrirmyndir

Ég er stundum spurður hverjar séu fyrirmyndir mínar. Mér vefst oft tunga um tönn því þetta er miklu flóknari spurning en fólk gerir sér oft grein fyrir. Margir ganga út frá því sem vísu að fyrirmyndir manns séu einhverjir sem séu svipaðir og maður sjálfur. Það þarf alls ekki að vera.

FRÆGT fólk hefur verið mér fyrirmyndir. Ég get nefnt Þórberg Þórðarson, Bob Dylan, Thomas Merton og Charles Chaplin. Þeir hafa allir haft mikil áhrif á mig en ekki nærri eins mikil og vinir mínir og fjölskylda og allt gott fólk sem ég hef hitt fyrir á lífsleiðinni. Til dæmis er tengdapaðbi minn mér mikil fyrirmynd. Ég held að hann hafi haft meiri áhrif á mig en nokkur fræg manneskja.

FORELDRAR eru helstu fyrirmyndir barnanna sinna. Marilyn Manson er langt á eftir þeim. En það er auðvelt, ef foreldrarir eru slæmir, að kenna Marilyn Manson um og segja að unglíngarnir séu slæmir vegna þess að Marilyn Manson sé svo slæm fyrirmynd. Þá eru foreldrarir hreinlega ekki að standa sig sem fyrirmyndir.

ALLIR eru fyrirmyndir, ekki bara frægt fólk. Við erum öll fyrirmyndir fyrir einhver. Við vitum jafnvel ekki af því. Þess vegna skiptir það máli hvernig við högum okkur, hvað við segjum og gerum, því það mótast aðra í kringum okkur. Það er vísindalega sannað að við herfum ósjálfrátt eftir fólki sem við treystum og virðum. Við öpum eftir handahreyfingar og látbragð. Ef við erum að tala við einhver sem við lítum upp til og hann fíktar í eyranu á sér þegar hann talar er líklegt að við förum fljótlega að gera eins.

FYRIRMYND okkar getur verið einhver sem er mjög ólíkur okkur. Það getur verið einhver sem við vitum ekki hvað heitir og hittum bara einu sinni, í eitt augnablik. Ég hef haft mismunandi fyrirmyndir á mismunandi tímabilum lífs míns. Í æsku voru mamma mín og paðbi fyrirmyndir mínar en líka amma mín og systur hennar mömmu. Í dag er konan mín mér mikil fyrirmynd. Hún er vandaðasta og besta manneskja sem ég þekki.

Ég er fyrirmynd fyrir marga. Þess vegna vil ég reyna að vanda mig í lífinu. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Jesús er mín mesta fyrirmynd, eins og hann birtist mér í öðru fólki. ■

GSM

HEIMASÍMI

INTERNET

SJÓNVARP

Ég fæ **Sýn** í 3 mánuði og sé öll mörkin sem liðið mitt skorar í gemsanum!

0 kr.

Sýn í 3 mánuði

Allir sem skráðir eru í **Og1** fá áskrift að **Sýn** fyrir 0 kr. í 3 mánuði. Tilboðsverð 1.990 kr. á mánuði eftir það.

Skráning þarf að berast fyrir 1. október

0 kr.

Enski boltinn í símann

Allir sem skráðir eru í **Og1** geta valið sitt lið í Enska boltanum og séð öll mörkin sem liðið skorar í GSM-símanum fyrir **0 kr.**

0 kr.

Meistaradeildin í símann

Allir sem skráðir eru í **Og1** geta valið sitt lið í Meistaradeildinni og séð öll mörkin úr þeim riðli og úrslita-keppninni í GSM-símanum fyrir **0 kr.**

Og1 lækkar verulega kostnað heimila sem eru með GSM áskrift, Heimasíma og Internet hjá **Og Vodafone**.

Kynntu þér einnig ávinninginn fyrir GSM, Internet og Heimasíma.

Og1

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og

vodafone

Heyrumst!

Nikon

Sannkallaðir
eðalgripir
á frábæru
verði!

COOLPIX 5600



5.1 milljón pixlar

- 3 x Optical aðdráttur (35-135mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga og D-lighting
- Innbyggt flass með *In Camera red-eye fix*
- 1,8" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar AA rafhlöður. Tekur allt að 220 myndir á eitt sett af Alkaline rafhlöðum

Kr. 29.900

COOLPIX 7900



7.1 milljón pixlar

- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 16 prógram stillinga, D-lighting og Face-priority AF
- Innbyggt flass með *In Camera red-eye fix*
- 2,0" LCD skjár (upplausn 115.000 punktar)
- Quicktime videotaka með hljóði og hristivörn á aðdrætti
- Hægt að nota sem diktafon

Kr. 48.900

SMÁRALIND
Sími 530-2900
SIÐUMÚLA 9
Sími 530-2800

ORMSSON



TIPA VERÐLAUNIN 2005:
BESTA COMPAKT VÉLIN